



**SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR**  
**AÐALSKIPULAG 2008 – 2028**  
**GREINARGERÐ – NÓVEMBER 2009**



# SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

## AÐALSKIPULAG 2008 – 2028

NÓVEMBER 2009

AÐALSKIPULAGSRÁÐGJAFI SVEITARFÉLAGSINS VOGA



ÓMAR ÍVARSSON, SKIPULAGSFRÆÐINGUR SFFÍ  
ÞRÁINN HAUSSON, LANDSLAGSARKITEKT FÍLA

LJÓSMYND Á FORSIÐU: ÞRÁINN HAUSSON

1	Inngangur.....	6
1.1	Um aðalskipulag.....	7
1.2	Skipulagstímabil.....	10
1.3	Skipulagssvæðið .....	10
1.4	Gildandi aðalskipulag og áorðnar breytingar.....	10
2	Skipulagstillaga.....	11
2.1	Íbúðarbyggð.....	12
2.1.1	Íbúðasvæði.....	12
2.2	Atvinnu- og þjónustusvæði .....	19
2.2.1	Miðsvæði.....	19
2.2.2	Verslunar- og þjónustusvæði .....	21
2.2.3	Athafnasvæði.....	22
2.2.4	Iðnaðarsvæði .....	24
2.2.5	Svæði fyrir þjónustustofnanir .....	27
2.2.6	Landbúnaðarsvæði.....	30
2.2.7	Hafnarsvæði .....	31
2.2.8	Efnistökusvæði.....	32
2.2.9	Sorpförgunarsvæði.....	33
2.3	Umhverfi, vernd og vá.....	33
2.3.1	Opin svæði til sérstakra nota .....	33
2.3.2	Óbyggð svæði .....	36
2.3.3	Svæði fyrir fristundabyggð .....	38
2.3.4	Náttúruverndarsvæði og fornminjar.....	39
2.3.5	Hverfisverndarsvæði.....	43
2.3.6	Svæði undir náttúruvá .....	48
2.3.7	Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum. ....	50
2.4	Samgöngur og veitur.....	55
2.4.1	Samgöngur .....	55
2.4.2	Veitur .....	59
2.5	Skipulagi frestað .....	61
3	Umhverfisskýrsla .....	64
3.1	Umhverfismat aðalskipulags .....	64
3.1.1	Aðferðafræði.....	64
3.1.2	Kynning og samráð .....	64
3.1.3	Umhverfisþættir .....	65
3.1.4	Umhverfisviðmið .....	67
3.2	Umhverfismat .....	68
3.2.1	Iðnaðarsvæði við Flekkuvík .....	70

3.2.2	Rannsóknarborholur (iðnaðarsvæði) á Trölladyngjusvæði .....	74
3.2.3	Háspennulínur .....	77
3.2.4	Athafnasvæði við mislæg gatnamót .....	81
3.2.5	Hafnarsvæði við Flekkuvík .....	84
3.2.6	Efnistökusvæði .....	87
3.2.7	Ný íbúðarsvæði .....	91
3.2.8	Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði .....	95
3.2.9	Hraðlest ofan Reykjanesbrautar .....	98
3.2.10	Samantekt á áhrifum aðalskipulagsins á skipulagstímabilinu .....	101
3.2.11	Niðurstaða umhverfismats .....	103
3.2.12	Tengsl við aðrar áætlanir .....	104
3.2.13	Afgreiðsla aðalskipulagsins .....	105
4	Kynning, auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu .....	107
4.1	Kynning og auglýsing .....	107
4.2	Heimildir og tengt efni .....	108
4.2.1	Heimildaskrá .....	108
4.3	Uppdrættir .....	111
4.3.1	Aðalskipulagsuppdrættir .....	111
4.3.2	Þema- og skýringaruppdrættir .....	111
5	Forsendur .....	112
5.1	Eldri skipulagsáætlanir .....	112
5.2	Saga byggðar .....	112
5.3	Umhverfi .....	113
5.3.1	Landslag og staðhættir .....	113
5.3.2	Minjar .....	113
5.3.3	Jarðfræði .....	116
5.3.4	Veðurfar .....	118
5.3.5	Gróðurfar, fuglalíf og fjörur .....	118
5.4	Íbúar og íbúðarbyggð .....	119
5.4.1	Íbúapróun .....	119
5.4.2	Íbúðarsvæði – Yfirbragð og þéttleiki .....	119
5.5	Samfélag .....	120
5.5.1	Samfélagsþjónusta .....	120
5.5.2	Önnur þjónusta .....	120
5.5.3	Atvinnumál .....	121
5.5.4	Skólar .....	121
5.5.5	Félagsleg þjónusta .....	122
5.5.6	Heilbrigðismál .....	122
5.5.7	Kirkja – kirkjugarður .....	122
5.5.8	Íþrótt- og félagastarfsemi .....	122

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 (m.s.br.) var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 m.s.br.

## 1 Inngangur

Með tillögu þessari að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028, er gildandi aðalskipulag Vatnsleysustrandarhrepps<sup>1</sup> 1994 – 2014 sem staðfest var 16. nóvember 1994, endurskoðað og sett fram stefna til næstu tveggja áratuga.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 markar stefnu varðandi landnotkun innan sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu. Aðalskipulaginu er ætlað að vera sveitarstjórnarmönnun og starfsmönnun sveitarfélagsins stjórnæki og gefa íbúum yfirsýn um landnotkun og stefnu á gildistíma aðalskipulagsins.

Skipulagstillagan byggir á markmiðum aðalskipulagsteymis sem hefur unnið í nánu samstarfi við umhverfis- og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Voga.

Vinna við endurskoðun aðalskipulags hófst í nóvember 2005 með stofnun aðalskipulagsteymis. Aðalskipulagsteymið var skipað eftirfarandi aðilum frá nóvember 2005 til maí 2006:

- Kristján Baldursson, skipulags- og byggingarfulltrúi Vatnsleysustrandarhrepps
- Jóhanna Reynisdóttir, sveitastjóri Vatnsleysustrandarhrepps
- Jón Gunnarsson, oddviti Vatnsleysustrandarhrepps

Eftir sveitarstjórnarkosningar í maí 2006 var gert hlé á vinnu við endurskoðun aðalskipulags, en þá hafði aðalskipulagsteymið haldið 5 fundi og lagt grunninn að aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Vinna hófst að nýju í nóvember 2006 með skipan nýs aðalskipulagsteymis sem skipað var eftirfarandi aðilum:

- Gunnar Helgason, formaður skipulags- og byggingarnefndar
- Inga Sigrún Atladóttir, oddviti minnihluta
- Kjartan Sævarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
- Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri

---

<sup>1</sup> Um áramót 2005-2006 breyttist nafn sveitarfélagsins úr Vatnsleysustrandarhreppur í Sveitarfélagið Vogar.

- Þorvaldur Örn Árnason, formaður umhverfisnefndar

Aðalskipulagsteymið fundaði 11 sinnum og lauk störfum í lok ágúst með því að skila tillögu að aðalskipulagi af sér til skipulags- og byggingarnefndar sveitarfélagsins.

Landslag ehf. í samstarfi við aðalskipulagsteymi hefur unnið að aðalskipulaginu fyrir umhverfis- og skipulagsnefndar Sveitarfélagsins Voga.

Fyrir hönd Landslags hafa unnið að verkinu Ómar Ívarsson, skipulagsfræðingur SFFÍ og Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt FÍLA.

Tillaga að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga er sett fram í greinargerð ásamt skipulagsuppdráttum. Annarsvegar sveitarfélagsuppdraetti sem nær yfir allt land sveitarfélagsins og er í mælikvarða 1:30.000 í A1 og hinsvegar þéttbýlisuppdraetti fyrir þéttbýlið í Vogum í mælikvarða 1:10.000 í A2. Þess utan eru séruppdraettir í greinargerð til skýringar. Umhverfisskýrsla aðalskipulagsins er hluti af greinargerð.

## 1.1 Um aðalskipulag

Skilgreining aðalskipulags skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998

*Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag og skal það taka til alls lands innan viðkomandi sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar. Þar er mörkuð stefna varðandi þéttleika byggðar og byggðamynstur. Sveitarstjórnir ákveða lengd skipulagstimabils hverju sinni, sem skal eigi vera skemmra en 12 ár, og gera í skipulagsáætlun grein fyrir samhengi áætlunarinnar og einstakra þátta hennar við langtímaþróun sveitarfélagsins.*

*Áður en tillaga að aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan kynnt íbúum sveitarfélags og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við tillöguna. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og stofnunum eftir því sem við á.*

*Að lokinni framangreindri kynningu skal tillagan tekin til umræðu í sveitarstjórn og síðan send Skipulagsstofnun til athugunar. Þegar Skipulagsstofnun hefur fjallað um tillöguna, auglýsir bæjarstjórn hana formlega og gefst þá íbúum og öðrum*

*hagsmunaaðilum tækifæri til að koma með ábendingar og athugasemdir innan sex vikna frá auglýsingu tillögunnar.*

*Að athugasemdafresti liðnum er fjallað um framkomnar athugasemdir, metið hvernig tekið skuli tillit til þeirra og aðalskipulagstillagan tekin að nýju til umræðu í sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt tillöguna, er hún send til Skipulagsstofnunar að nýju. Stofnunin veitir síðan umhverfisráðherra umsögn um aðalskipulagið og afgreiðir það til staðfestingar umhverfisráðherra. Aðalskipulag tekur formlega gildi þegar umhverfisráðherra hefur staðfest það og birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Eftir gildistöku aðalskipulags þurfa allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins að vera í samræmi við það. Aðalskipulagið er þó ekki óbreytanlegt og getur sveitarstjórn ákveðið hvenær sem er að endurskoða eða breyta þurfi staðfestu skipulagi ef gildar ástæður liggja fyrir. Sveitarstjórn metur í upphafi hvers kjörtímabils hvort ástæða er til endurskoðunar á aðalskiplaginu.*

*Skipulags- og byggingarnefndir undir yfirstjórn sveitarstjórnar hafa eftirlit með því að öll mannvirkjagerð innan sveitarfélagsins sé í samræmi við gildandi aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag.*

## Um mat á umhverfisáhrifum við skipulagsgerð

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998

*Í svæðis- og aðalskipulagi skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kostna sem til greina koma.*

...

*Í skipulagstillögu skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Fram skal koma hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram á einstökum fyrirhuguðum framkvæmdum og hver niðurstaða þess hafi verið. Þá skal einnig koma fram í skipulagstillögu hvaða aðrar framkvæmdir sem stefnt er að samkvæmt skipulagstillögunni verði ekki heimilaðar nema að undangengnu mati á umhverfisáhrifum.*

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

*Samkvæmt Lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal meta umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem taldar eru geta haft í för með sér umtalsverð áhrif á*



*umhverfið svo sem lífríki, loft, jarðmyndanir, landslag, minjar og mannlíf. Mat á umhverfisáhrifum skal vera fastur liður í gerð skipulagsáætlana og er óheimilt að veita leyfi til framkvæmda sem löggin ná til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum nema ákvæða þeirra hafi verið gætt.*

*Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar og háðar mati á umhverfisáhrifum. Enn fremur verður að tilgreina hvort mat á umhverfisáhrifum hafi þegar farið fram fyrir einstakar fyrirhugaðar framkvæmdir og greina frá niðurstöðum þess.*

*Þær framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum eru tilgreindar í 5. grein Laga um mat á umhverfisáhrifum og í 1. viðauka með lögnum. Í 2. viðauka er yfirlit yfir þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort þær skuli lúta mati á umhverfisáhrifum.*

*Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 gerir ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum skv. 1. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum.*

- *Iðnaðarsvæði við Flekkuvík*
- *Höfn við Flekkuvík*
- *Hraðlest ofan Reykjanesbrautar*
- *Flutningskerfi raforku í lofti*
- *Raflínur í lofti*
- *Efnistökusvæði við Aftapahraun*
  - *Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að efnistakan hafi ekki veruleg umhverfisáhrif og fallist á efnistöku að uppfylltum skilyrðum Umhverfisstofnunar.*

*Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 gerir ráð fyrir eftirtöldum framkvæmdum sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 2. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum.*

- *Rannsóknarborholur við Trölladyngju*
- *Flutningskerfi raforku í jörð*
- *Sjóvarnargarðar*

*Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006*

*Samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana, lög nr. 105/2006, ber að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulags, þ.e. þeim stefnumörkunum sem varða landnotkun og framkvæmdir sem tilgreindar eru í 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.*

*Umhverfismat skipulagstillögu hefst á því að ákveðið er hvaða stefnumið skipulagstillögunnar skuli skoðuð m.t.t. umhverfisáhrifa og hvort og þá hvaða tillögukostir skuli bornir saman m.t.t. umhverfisáhrifa. Einnig þarf að ákveða hvaða þættir umhverfismála verði skoðaðir, s.s. gróðurfar, dýralíf og landslag. Þá þarf að setja niður hvaða viðmiðum verði tekið mið af við mat á eðli og umfangi áhrifa. Þessi atriði eru gjarnan sett fram í svokallaðri matsáætlun.*

*Í matsáætlun er jafnframt gjarnan lýst hvernig fyrirhugað er að standa að umhverfismatinu, þ.e. hvaða aðferðum verði beitt og hvaða aðilar komi að málum. Þegar matsáætlunin liggur fyrir er síðan hægt að hefjast handa við að meta umhverfisáhrif skipulagstillögunnar og einstakra stefnumiða hennar. Þegar lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif skipulagstillögunnar getur verið tilefni til að endurskoða stefnuna, leiði umhverfismið í ljós óæskileg umhverfisáhrif tiltekinnar stefnumiða.*

## **1.2 Skipulagstímabil**

Við upphaf vinnu við endurskoðun aðalskipulags var tekin sú ákvörðun að horfa til langs tíma, eða til 20 ára. Skipulagstímabilið er 2008-2028.

## **1.3 Skipulagssvæðið**

Skipulagssvæðið er allt land innan sveitarfélagsins Voga, alls um 1.880 km<sup>2</sup>.

## **1.4 Gildandi aðalskipulag og áorðnar breytingar**

Gildandi aðalskipulag er aðalskipulag Vatnleysustrandarhrepps 1994-2014, unnið af Skipulagi ríkisins. Á því skipulagi hafa verið gerðar sjö breytingar.

## 2 Skipulagstillaga

### *Meginmarkmið*

Sveitarfélagið Vogar verði vistvænt sveitarfélag sem leggi áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig. Gert er ráð fyrir að sjálfbær þróun<sup>2</sup> verði leiðarljós við skipulag og framkvæmdir svo kynslóðir framtíðarinnar fái notið alls þess sem við höfum nú og gott betur.

Með skipulagstillögu þessari er stefnt að því að í Sveitarfélaginu Vogum þróist:

- Fjölskylduvænt samfélag þar sem íbúum líði vel í sátt hver við annan og umhverfið.
- Samfélag þar sem íbúar vinni sameiginlega að eigin velferð og farsæld barna sinna og komandi kynslóða.
- Fjölbreytt mannlíf þar sem stuðlað verði að samábyrgð og náungakærleika ásamt margvíslegum tækifærum til hollra athafna og útiveru, jafnt fyrir unga sem aldna.
- Góð og fjölbreytt þjónusta þar sem fólk hafi val og áhrif.
- Samfélag þar sem uppeldi og menntun njóti forgangs, enda mannauður dýrmætasta stoð samfélagsins.
- Fjölbreytt atvinnulíf þar sem hugmyndaauðgi og framtak fólks njóti sín ásamt því að stutt verði við frumkvæði og nýsköpun.
- Aðlaðandi, heilsusamlegt og vel skipulagt umhverfi með:
  - Aðgengilegri og óspilltri náttúru, þannig að allir íbúar hafi náttúruleg útivistarsvæði í göngufæri og að auki viðáttumikil svæði fyrir almenning.
  - Ríkri sögu, skráðum og merktum fornminjum sem jafnt heimamenn sem og gestir njóti góðs af.
  - Ómenguðu landi, lofti og sjó.

Hér á eftir er umfjöllun um landnotkunarflokkka sem skilgreindir eru í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028. Sett eru fram meginmarkmið fyrir hvern landnotkunarflokk og fjallað sérstaklega um hvert svæði í sveitarfélaginu sem skilgreint er innan hvers flokks. Til að auðvelda samlestur milli greinargerðar og aðalskipulagsuppdráttu er hvert svæði í hverjum landnotkunarflokk númerað og

---

<sup>2</sup> Sjálfbær þróun er sú þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

vísar það númer í sama númer á þéttbýlis- eða dreifbýlisuppdrætti aðalskipulagsins.

## 2.1 Íbúðarbyggð

### 2.1.1 Íbúðarsvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.2.1

*Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annari starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.*

*Skilgreind svæði á aðalskipulagsuppdráttum*

- Þegar byggð íbúðarsvæði í þéttbýlinu í Vogum (ÍB-1)
  - Um 32 ha
- Þegar byggð íbúðarsvæði í Brunnastaðahverfi (ÍB-2)
- Íbúðarsvæði norðan núverandi þéttbýlis (ÍB-3)
  - Um 33 ha
- Íbúðarsvæði, miðsvæði (ÍB-4)
  - Um 5 ha
- Íbúðarsvæði austan og sunnan núverandi þéttbýlis (ÍB-5)
  - Um 17 ha
- Íbúðarsvæði við höfn (ÍB-6)
  - Um 3 ha af blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.
- Íbúðarsvæði í landi Þórustaða og Norðurkots (ÍB-7)
  - Um 10 ha af blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstaka nota.
- Íbúðarsvæði í landi Há bæjar við Vogatjörn (ÍB-8)
  - Um 0,3 ha

*Meginmarkmið*

- Stefnt er að því að íbúar sveitarfélagsins njóti bestu lífsgæða í fögru og öruggu umhverfi þar sem íbúðir og íbúðarhverfi uppfylli þarfir íbúa á mismunandi aldri.
- Stefnt er að því að efla enn frekar þéttbýliskjarnann í Vogum, en að uppbygging íbúðarsvæða utan hans verði takmörkuð.
- Markviss uppbygging í þéttbýlinu Vogum verð tryggð með skipulögðum íbúðar-, atvinnu-, og þjónustusvæðum.
- Tryggt verði fjölbreytt framboð íbúðarlóða og að þéttbýlismyndun verði sem samfelldust, m.a. til að tryggja góða nýtingu lagna-, og gatnakerfis, auðvelda þjónustu við byggðina og til að skapa samfelldara yfirbragð þéttbýlis.
- Tryggt verði að allir íbúar eigi greiðan aðgang að náttúrulegu útivistarsvæði, almenningsgarði, sparkvöllum og merktum menningarminjum.
- Opin svæði verði alls staðar í göngufæri barna.
- Gönguleiðir verði þéttar og greiðar svo að jafnaði sé auðvelt að komast gangandi eða hjólandi um hverfin, á milli þeirra og út í náttúruna.

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 verður áætluð íbúafjölgun miðuð við um 3-6% á ári. Þann 31. desember 2007 bjuggu 1.227 íbúar í sveitarfélaginu, og þar af 1.134 í þéttbýlinu í Vogum. Gert er ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins verði á á bilinu 2.200-3.800 árið 2028. Gert er ráð fyrir að mikill meirihluti þessara íbúa muni búa í þéttbýlinu í Vogum.

Á síðustu 10 árum hefur íbúafjöldi sveitarfélagsins nærri tvöfaldast og fjölgunin verið um 500 íbúar. Af þessum sökum er gert ráð fyrir að á skipulagstímabilinu (20 ár) geti íbúafjöldinn allt að þrefaldast og er landrými fyrir slíka fjölgun tekið frá í aðalskipulagi.

Á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins er skilgreint meira landrými undir íbúðarsvæði en áætluð íbúafjölgun krefst miðað við meðalþéttleika. Frekar verður stuðst við lágmarkspéttleika til að aðalskipulagið sé sveigjanlegt.

Ný íbúðarsvæði í aðalskipulaginu eru um 56 ha en fyrir er íbúðarbyggð á um 32 ha lands í þéttbýlinu í Vogum.

Á þessum 56 ha lands er gert ráð fyrir um 900-1.000 íbúðum og að í þeim búi um 2.400-2.800 íbúar.

Á árinu 2008 var gengið frá deiliskipulagi fyrir svæði ÍB-3 og ÍB-4. Þá hófust framkvæmdir á svæði ÍB-3 og ætlunin var að hefjast þá handa á svæði ÍB-4 á árinu 2009 en sökum efnahagsástands hefur hægt mjög á þeim framkvæmdum sem og öðrum. Gert er ráð fyrir að uppbygging á svæðum ÍB-5 og ÍB-6 verði á seinni hluta skipulagstímabilsins.

Þá er gert ráð fyrir um 10 ha svæði í landi Þórustaða og Norðurkots þar sem gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstaka nota.

Hér að neðan eru talin upp þau svæði sem skipulagið gerir ráð fyrir að byggist sem íbúðarsvæði á skipulagstímabilinu.

#### Þegar byggð íbúðarsvæði í þéttbýlinu í Vogum (ÍB-1)

Ekki er gert ráð fyrir frekari þéttingu byggðar á svæði ÍB-1 fyrir utan tvö svæði, þau eru Vogagerði 21-23 sem þegar er til deiliskipulag af og Aragerði 2-4 en af því svæði er deiliskipulag í vinnslu. Uppbygging á þessum svæðum verður í samræmi við þá byggð sem fyrir er en nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags.

#### Þegar byggð íbúðarsvæði í Brunnastaðahverfi (ÍB-2)

Nokkur íbúðarhús eru í Brunnastaðahverfi sem er norðan við þéttbýlið í Vogum. Gert er ráð fyrir að einhver þétting geti orðið á þeirri íbúðarbyggð sem þar er en ekki er til staðfest deiliskipulag fyrir hverfð. Frekari uppbygging skal vera í samræmi við þá byggð sem fyrir er en nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags.

#### Íbúðarsvæði norðan núverandi þéttbýlis (ÍB-3)

Um er að ræða svæði sem er norðan núverandi þéttbýlis í Vogum, beggja vegna Vatnleysustrandarveggar. Svæðið afmarkast í austri af iðnaðarsvæði norðan Vogabrautar, í suðri af Hafnargötu og íbúðarsvæði við Mýrargötu og Marargötu. Í vestri afmarkast svæðið af ströndinni og í norðri af landamörkum Austurkots / Minni Voga.

Svæðið vestan Vatnleysustrandarveggar er um 24 ha en svæðið austan Vatnleysustrandarveggar um 9 ha.

Svæðin eru óbyggð en gert var ráð fyrir íbúðarbyggð á þessum svæðum í fyrra aðalskipulagi.

Svæðið er fremur flatt en vesturhluti þess er með afliðandi halla til vesturs, í átt til sjávar. Meginhluti svæðisins er hraun sem er að miklu leyti þakið mosapembu, þó er töluvert graslendi meðfram ströndinni. Vestan Vatnleysustrandarveggar er aflögð grjótnáma sem er um 0,6 - 0,7 ha að flatarmáli og allt að 6 m djúp.

#### Vestan Vatnleysustrandarvega (ÍB-3-1)

Sveitarfélagið hefur látið gera rammaskipulag fyrir svæðið vestan Vatnleysustrandarveggar í samráði við landeiganda. Deiliskipulag fyrsta áfanga svæðisins hefur öðlast gildi.

Gert er ráð fyrir að hverfið verði fullbyggt með 400-450 íbúðum í mismunandi húsagerðum á um 24 ha lands. Nýtingarhlutfall verður á bilinu 15-17 íbúðir á ha. Gera má ráð fyrir að íbúafjöldi verði um 1.000-1.100.

Í deiliskipulagi fyrir hverfið verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð fjölbreytta og í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum.

#### *Austan Vatnleysustrandarvegur (ÍB-3-2)*

Svæðið er um 9 ha en ekki hefur verið unnið skipulag af svæðinu annað en að gert er ráð fyrir byggð þar í gildandi aðalskipulagi. Gert er ráð fyrir blandaðri húsagerð og að nýtingarhlutfall á svæðinu verði um 15-17 íbúðir á ha. Íbúðir á svæðinu gætu orðið um 130-150 og fjöldi íbúa um 350-400.

Í deiliskipulagi fyrir hverfið verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð fjölbreytta og í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða.

Þegar hverfin beggja vegna Vatnleysustrandarvegur verða fullbyggð munu þar búa allt að 1.500 íbúar og mynda þau nokkuð hentuga hverfiseiningu með tilliti til nýtingar og uppbyggingar stofnkerfa og skólamála.

Gert er ráð fyrir að hverfin verði sjálfbær en í því fellst m.a. að gert er ráð fyrir bæði grunnskóla og leikskóla á svæðinu austan Vatnleysustrandarvegur. Þeir skólar munu duga vel þeirri uppbyggingu sem gert er ráð fyrir beggja vegna Vatnleysustrandarvegur.

Aðkoma akandi umferðar að hverfunum verður með tveimur tengingum við Vatnleysustrandarveg.

Saman mynda þessar tengingar (safnvegir) hringakstur og tengja Vatnleysustrandarveg (tengibraut) við bæði hverfin. Út frá safnbrautunum er gert ráð fyrir húsagötum um íbúðarsvæðin.

Lögð er áhersla á að umferð bíla gangi greiðlega fyrir sig og valdi íbúum svæðisins ekki ónæði.

Gert er ráð fyrir stigakerfi með göngu- og hjólréiðastígum um byggðina og einnig stigakerfi sem tengir byggðina við nærliggjandi hverfi, náttúru og útivistarsvæði.

#### Íbúðarsvæði, miðsvæði (IB-4)

Um er að ræða svæði sem afmarkast af Vogabraut í norðri, Stapavegi í vestri og lóndal í suðri og klapparholtum í austri. Á svæðinu var áður vatnsból sem lagt var af í ársbyrjun 2008 en vegna vatnsbólsins hefur hingað til ekki verið hægt að byggja á svæðinu. Meðfram Stapavegi eru tvö gistiheimili ásamt skemmu björgunarsveitar sveitarfélagsins, en við lóndal eru þrjú hús með atvinnustarfsemi. Svæðið er fremur flatt og er að mestu leyti grasi- og mosavaxið hraun. Inn á miðju svæðinu er hraunhryggur sem nefnist Skyggnir og er hann nokkuð afgerandi kennileiti fyrir svæðið. Skyggnir er skilgreindur sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulaginu.

Svæðið sem um ræðir er í eigu sveitarfélagsins sem hefur haft frumkvæði af því að skipuleggja svæðið.

Það svæði þar sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð er um 5 ha. Er gert ráð fyrir um 100 íbúðum á svæðinu og því er þéttleiki byggðar um 20 íbúðir á ha.

Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi á svæðinu verði um 250-300 en gert er ráð fyrir þeim möguleika að hluti íbúða verði fyrir eldri borgara.

Á hluta svæðisins, á reit norðan Skyggnis, er gert ráð fyrir svæði sem skilgreint er sem blönduð landnotkun, íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið sem er um 0,6 ha er óbyggt en m.a. er mögulegt að byggja á svæðinu þjónustustofnanir ásamt íbúðarbyggð.

Talið er að íbúðarbyggð á þessum stað muni styrkja þéttbýlið í Vogum og skapa grundvöll fyrir uppbyggingu miðsvæðis sem gert er ráð fyrir vestast á svæðinu. Þar sem umrætt svæði er þétt við þá byggð sem fyrir er mun aðgengi að núverandi þjónustu, s.s. grunnskóla og íþróttasvæði, vera mjög gott.

Í deiliskipulagi verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða og á opnum svæðum. Aðkoma akandi umferðar að svæðinu verður með þremur tengingum, um Stapaveg, Vogabraut og lóndal.

Lögð skal áhersla á að umferð bíla gangi greiðlega fyrir sig og valdi íbúum svæðisins ekki ónæði.



### Íbúðarsvæði austan og sunnan núverandi þéttbýlis (ÍB-5)

Á um 17 ha lands austan núverandi þéttbýlis er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarsvæðis.

Unnin hafa verið drög að rammaskipulagi fyrir svæðið en þar er gert ráð fyrir blandaðri húsagerð og að nýtingarhlutfall á svæðinu verði um 15-20 íbúðir á ha . Íbúðir á svæðinu gætu orðið um 250-300 og fjöldi íbúa um 700-850.

Í deiliskipulagi fyrir hverfið verða sett nánari ákvæði um yfirbragð byggðar, svo sem hæðir húsa, húsagerðir og niðurröðun bygginga. Í skipulagi svæðisins verður leitast við að hafa byggð fjölbreytta og í sem mestri sátt við landslag, vistkerfi og minjar á svæðinu.

Þar sem skipulagssvæðið er að hluta til á hrauni skal leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér innan lóða.

Aðkoma akandi umferðar að hverfunum verður með tengingu við Vogabraut.

Lögð er áhersla á að umferð bíla gangi greiðlega fyrir sig og valdi íbúum svæðisins ekki ónæði.

Gert er ráð fyrir stígakerfi með göngu- og hjólréiðastígum um byggðina og einnig stígakerfi sem tengir byggðina við nærliggjandi hverfi, náttúru og útivistarsvæði.

### Íbúðarsvæði við höfn (ÍB-6)

Svæðið er um 3 ha og gera má ráð fyrir 20-30 íbúðum á svæðinu og 50-80 íbúum. Um er að ræða blandaða landnotkun og er einnig gert ráð fyrir að á svæðinu verði verslunar og þjónustusvæði, sér í lagi á jarðhæðum bygginga. Áður var svæðið skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði en á svæðinu er m.a. fiskvinnsluhús, vélsmiðjur og gámasvæði fyrir þéttbýlið. Gert er ráð fyrir að sú starfsemi viki af svæðinu á síðari hluta skipulagstímabilsins. Við sjávargarðinn eru heillegar rústir, u.þ.b. 150 ára gamlar vegghleðslur af bænum Norðurkoti í Vogum sem vernda þarf ásamt hólnum í kring og hugsanlega endurbyggja.

Þar til nýtt deiliskipulag verður gert fyrir svæðið verður heimilt að hafa stafsemi á svæðinu skv. gildandi deiliskipulagi, þ.e. iðnaðar- og athafnastarfsemi.

Við gerð deiliskipulags skal tekið tillit til minja um atvinnu- og byggðarsögu Voga sem finna má á svæðinu.

### Íbúðarsvæði í landi Þórustaða og Norðurkots (ÍB-7)

Svæðið er um 10 ha og er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstaka nota. Um er að ræða svokallaða golfgarða, að danskrí fyrirmynd, þar sem golfvöllur og æfingasvæði hans er í tengslum við íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir byggðarklösum, með litlum sérbýlishúsum, sem eru staðsettir í nágrenni við golfvöllinn. Á opnum svæðum milli húsanna er gert ráð

fyrir æfingasvæðum, þúttvöllum og gönguleiðum sem tengjast golfvöllum að Kálfatjörn. Gert er ráð fyrir allt að 70 íbúðum á svæðinu með um 150 íbúum.

#### Íbúðarsvæði í landi Háþæjar við Vogatjörn (IB-8)


Svæðið er um 0,3 ha og er þar gert ráð fyrir þremur lóðum fyrir sérbyli.

#### Möguleg uppbyggingarsvæði eftir skipulagstímabil

Nókrir landeigendur í Sveitarfélaginu Vogum hafa sett fram óskir um að íbúðarsvæði verði skilgreind á þeirra landi í aðalskipulagi. Utan núverandi þéttbýlis hafa m.a. landeigendur í Hvassahrauni sett fram óskir um að landsvæði verði skilgreind sem íbúðarsvæði í aðalskipulaginu. Eitt af meginmarkmiðum fyrir landnotkunarflokkinn íbúðarsvæði í aðalskipulagi er að efla þéttbýliskjarna í Vogum en að uppbygging íbúðarsvæða utan hans verði takmörkuð. Vegna þessa er ekki gert ráð fyrir þróun íbúðarsvæða utan þéttbýlis í aðalskipulaginu, a.m.k. ekki á því tímabili sem aðalskipulagið nær til.

Eigendur Vogajarða hafa sett fram óskir um skilgreiningu byggðarsvæða, íbúðarsvæða og mengunarlausra atvinnusvæða, á sínu landi. Um er að ræða um 190 ha svæði sunnan og vestan núverandi þéttbýlis, norðan Reykjanesbrautar. Svæði í og umhverfis þéttbýlið í Vogum sem skilgreind eru sem ný íbúðarsvæði í aðalskipulagi eru um 56 ha. Á þessum svæðum geta byggst allt að 1.000 íbúðir og íbúar í þeim geta orðið um 2.400-2.800. Miðað við þá fjölgun sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir á skipulagstímabilinu (3-6%) er ekki talin þörf á að skilgreina frekari svæði fyrir íbúðarbyggð í eða umhverfis þéttbýlið í Vogum. Vegna þessa er ekki gert ráð fyrir íbúðarsvæðum í landi Vogajarða í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga. Ekki er þó útilokað að uppbygging íbúðarsvæða verði á áðurnefndum svæðum eftir tímabil aðalskipulagsins.

Þau svæði þar sem landeigendur hafa óskað eftir að verði skilgreind sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi eru sýnd á þemakorti hér að neðan.



## 2.2 Atvinnu- og þjónustusvæði

### 2.2.1 Miðsvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.4.1

Á miðsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verzlunar- og þjónustustarfsemi og stjórnýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, s.s. verzlunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði.

Skilgreind svæði á skipulagsuppráttum

- Miðsvæði austan Stapavegar, sunnan Vogabrautar (M-1)
  - 4,0 ha

### *Meginmarkmið*

- Að nýtt miðsvæði myndi fjölbreyttan og heilsteyptan kjarna þar sem gott framboð verði af þjónustu.
- Með því að skapa gott þjónustustig á miðsvæði er stuðlað að því að svæðið verði kjarni sveitarfélagsins sem allir íbúar eigi erindi við og greiðan aðgang að.
- Stuðlað verði að auknum atvinnutækifærum á sviði verslunar og þjónustu á miðsvæði. Með öflugum miðkjarna er rennt styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að umhverfið verði aðlaðandi og gott aðgengi verði að og frá miðsvæðum.
- Stefnt er að uppbyggingu íbúðarbyggðar við miðsvæði sem styrkir starfsemi svæðisins.

Æskilegt er fyrir sveitarfélag í eins örum vexti og Vogar að skapa miðkjarna þar sem upp byggist sú helsta þjónusta sem í boði er í sveitarfélaginu. Enginn slíkur kjarni er til staðar í Vogum en horft hefur verið til svæðis þar sem vatnsból sveitarfélagsins var staðsett. Uppbygging á svæðinu hefur ekki verið möguleg fyrr en nú vegna vatnsbólsins. Svæðið afmarkast af Vogabraut í norðri, Stapavegi í vestri, lëndal í suðri og fyrirhuguðu íbúðarsvæði við miðsvæði í austri. Umrætt svæði er í raun eina svæðið innan byggðar þar sem mögulegt er að byggja slíka starfsemi upp með góðu móti. Svæðið er um 4,0 ha en um helmingur þess er þegar byggður. Á syðri hluta svæðisins eru m.a. mótél, verslun og skrifstofa sveitarfélagsins. Á reitnum þar sem skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, miðsvæði og íbúðarsvæði, og er því mögulegt að íbúðarbyggð verði á reitnum.

Á nyrðri hluta miðsvæðisins er gert ráð fyrir að miðkjarni þéttbýlisins í sveitarfélaginu muni byggjast upp. Þar er m.a. gert ráð fyrir torgi, verslunum, skrifstofum, þjónustustofnunum, menningarstofnunum og stjórnsýslu og hugsanlega íbúðum á efri hæðum. Gert er ráð fyrir byggingum á allt að 2-3 hæðum.

Þar sem miðkjarni er ekki til staðar í þéttbýlinu mun uppbygging hans styrkja þéttbýlið og sveitarfélagið allt. Skapast mun kjarni sem verður miðpunktur þéttbýlisins og mynda stemmingu og líf í þéttbýlinu í Vogum.

Svo að miðkjarni eins og gert er ráð fyrir megi dafna er æskilegt að mannlíf sé í honum alla jafna. Vegna þessa er lagt til að íbúðarbyggð og miðkjarni

byggist upp á sama svæði til að reyna að skapa það mannlíf á svæðinu sem æskilegt er að verði. Með því að hluti íbúðanna verði ætlaður eldri borgurum er enn frekar hægt að skapa lifandi miðkjarna þar sem eldri borgarar munu sækja mikið í þá þjónustu sem verður til staðar.

### 2.2.2 Verslunar- og þjónustusvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.5.1

*Á verslunar- og þjónustusvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir verslunum og þjónustustarfsemi sem þjónar viðkomandi hverfi.*

*Þar sem aðstæður leyfa má gera ráð fyrir íbúðum á verslunar- og þjónustusvæðum, sérstaklega á efri hæðum bygginga.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Svæði norðvestan gatnamóta lëndals og Heiðarholts (VP-1)
  - Um 0,15 ha
- Verslun við gatnamót Stapavegar og Tjarnargötu (VP-2)
  - Um 0,3 ha
- Svæði við höfn, norðan Hafnargötu (VP-3)
  - Um 3 ha af blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.
- Hótel og golfskáli við Kálfatjörn (VP-4)
  - (hringtákn)

#### *Meginmarkmið*

- Að viðhalda og byggja upp verslunar- og þjónustusvæði. Slík starfsemi mun að megninu til byggjast upp á miðsvæði, sjá kafla 2.2.1.

#### *Svæði norðvestan gatnamóta lëndals og Heiðarholts (VP-1)*

Gert er ráð fyrir að á svæðinu byggist upp eldsneytisstöð með sjálfsafgreiðslu á lóð sem er 0,15 ha.

#### *Verslun við gatnamót Stapavegar og Tjarnargötu (VP-2)*

Verslun er rekin á svæðinu og ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á starfsemi á svæðinu.

### Svæði við höfn, beggja vegna Hafnargötu (VP-3)

Svæðið er um 1 ha og gera má ráð fyrir starfsemi fyrir verslun og þjónustu, sér í lagi á jarðhæðum bygginga, m.a. í tengslum við smábátahöfn en nálægð við höfnina mun marka þessu hverfi sérstöðu. Um er að ræða blandaða landnotkun og er einnig gert ráð fyrir að á svæðinu verðu íbúðarbyggð, sér í lagi á efri hæðum bygginga. Norðarlega í reitnum við ströndina eru heillegir veggir bæjarins Norðurkots frá því um miðja 19. öld sem gefa tilefni til þess að þau hús verði endurbyggð.

Áður var svæðið skilgreint sem iðnaðar- og athafnasvæði en á svæðinu er m.a. fiskvinnsluhús, vélsmiðjur og gámasvæði fyrir þéttbýlið. Gert er ráð fyrir að sú starfsemi víki af svæðinu á síðari hluta skipulagstimabilsins. Þar til nýtt deiliskipulag verður gert fyrir svæðið verður heimilt að hafa stafsemi á svæðinu skv. gildandi deiliskipulagi, þ.e. iðnaðar- og athafnastarfsemi.

### Hótel og golfskáli við Kálfatjörn (VP-4)

Gert er ráð fyrir uppbyggingu hótels á svæðinu með þeim möguleika að það þjóni einnig sem golfskáli fyrir Golfklúbb Vatnleysustrandar, sem er með aðstöðu sína við Kálfatjörn.

#### 2.2.3 Athafnasvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.6.1

*Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem litill hættu er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum og umboðs- og heildverslunum.*

*Almennt skal ekki gera ráð fyrir íbúðum á athafnasvæðum. Þó er unnt að gera ráð fyrir íbúðum tengdri starfsemi fyrirtækja, s.s. fyrir húsverði.*

#### Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum

- Svæði við löndal (A-1)
  - Um 1,5 ha
- Svæði fyrir fiskeldi sunnan þéttbýlis (A-3)
  - Um 11 ha
- Svæði fyrir fiskeldi við Vatnleysu (A-4)
  - Um 5,2 ha

- Svæði norðan gatnamóta Vogabrautar og Reykjanesbrautar (A-5)
  - Um 16 ha
- Svæði norðan Reykjanesbrautar, við gatnamót Vatnleysustrandarveggar (A-6)
  - Um 25 ha

### *Meginmarkmið*

- Að stuðla að uppbyggingu athafnasvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að skilgreina afmörkuð athafnasvæði í nægilegu umfangi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni.
- Mikilvægt er að ráðstafa athafnarsvæðum markvisst m.t.t. eðlis þeirrar starfsemi sem þar á að fara fram. Þá er brýnt að í deiliskipulagi séu settar kvaðir sem tryggja ásættanlega ásynd svæðanna, ekki síst þar sem athafnasvæðin eru í nánd við byggð og þjóðvegi og hafa því afgerandi áhrif á útlit hennar og ímynd í augum vegfarenda.
- Á nýjum athafnarsvæðum verði þess gætt að spilla hvorki lífríki né grunnvatni.
- Mælst er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megir þau til endurvinnslu.

Svæði A-5 og A-6 eru sett inn á aðalskipulag þar sem þessum svæðum hefur verið sýndur áhugi fyrir athafnasvæði og vill sveitarfélagið með þessu reyna að koma á mótis við þessa eftirspurn. Svæðunum verður ekki áfangaskipt þar sem uppbygging þeirra er mögulega vegna ólíkra þarfa, annarsvegar við þéttbýlið og Vogum og hinsvegar á dreifbýlu svæði.

### *Svæði við lëndal (A-1)*

Athafnasvæði er skilgreint sunnan lëndals en í fyrra aðalskipulagi var það svæði skilgreint sem iðnaðarsvæði. Ekki er gert ráð fyrir að svæðið verði þróað frekar sem iðnaðarsvæði og slíkri starfsemi verði vísað að svæði norðan Vogabrautar (sjá kafla 2.2.4, iðnaðarsvæði).

Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði norðan og austan svæðisins og því hentar illa að þróa athafnarsvæði við lëndal í miklu mæli umfram það sem þegar er á svæðinu. Hugsanlegt er að athafnastarfsemi víki af svæðinu þegar til lengri tíma

er litið. Stærð svæðisins er um 1,5 ha og er það svo til fullbyggt, skv. gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið.

#### Svæði fyrir fiskeldi sunnan þéttbýlis (A-3)

Fiskeldisstöð er með starfsemi sína á um 11 ha svæði við Vogavík sunnan þéttbýlis í Vogum. Ekki er fyrir séð breyting á þeirri starfsemi.

#### Svæði fyrir fiskeldi við Vatnsleysu (A-4)

Fiskeldisstöð er með starfsemi sína á um 5,2 ha svæði við Vatnsleysu í Vatnsleysuvík. Ekki er fyrir séð breyting á þeirri starfsemi.

#### Svæði norðan gatnamóta Vogabrautar og Reykjanesbrautar (A-5)

Svæðið er 16 ha að stærð og gert er ráð fyrir að þar byggist upp starfsemi sem hentar vel í nánd við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Vogabrautar. Slik starfsemi gæti m.a. verið bilaumboð, heildverslanir eða vörugeymslur.

#### Svæði norðan Reykjanesbrautar, við gatnamót Vatnleysustrandarvegjar (A-6)

Svæðið er 25 ha að stærð og gert er ráð fyrir að þar byggist upp starfsemi sem hentar vel í nánd við mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Vatnleysustrandarvegjar. Slik starfsemi gæti m.a. verið bilaumboð, heildverslanir eða vörugeymslur.

### 2.2.4 Iðnaðarsvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.7.1

*Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir oliur og móttökustöðvum fyrir úrgang.*

*Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Iðnaðarsvæði norðan Vogabrautar (I-1)
  - Um 15 ha



- Dælustöð fráveitu (I-2)
  - Fyrirhuguð dælustöð fráveitu norðan hafnar í þéttbýlinu (hringtákn)
- Húsnæði eggjabús (I-3)
  - Þrjú svæði norðan þéttbýlis (hringtákn)
- Iðnaðarsvæði við Flekkuvík (I-4)
  - Um 100 ha
- Rannsóknarborsvæði við Trölladyngju (I-5)
  - Tvær rannsóknarborholur (hringtákn)
- Svínabú á Minni-Vatnsleysu (I-6)
  - Svínabú og nánasta umhverfi (hringtákn)

### *Meginmarkmið*

- Að stuðla að uppbyggingu iðnaðarsvæða til að renna styrkari stoðum undir byggð í sveitarfélaginu.
- Að skilgreina afmörkuð iðnaðarsvæði í nægilegu umfangi til að svara eftirspurn miðað við forsendur hverju sinni.
- Mikilvægt er að ráðstafa iðnaðarsvæðum markvisst m.t.t. eðlis þeirrar starfsemi sem þar á að fara fram. Þá er brýnt að í deiliskipulagi séu settar kvaðir sem tryggja ásættanlega ásýnd svæðanna, ekki síst þar sem iðnaðarsvæðin eru í nánd við byggð og þjóðvegi og hafa því afgerandi áhrif á útlit hennar og ímynd í augum vegfarenda.
- Á nýjum iðnaðarsvæðum verði þess gætt að spilla hvorki lífríki né grunnvatni.
- Mælst er til þess að rekstraraðilar marki sér vinnureglur um söfnun og afhendingu úrgangsefna sem falla til í rekstri svo nýta megi þau til endurvinnslu.

### *Iðnaðarsvæði norðan Vogabrautar (I-1)*

Svæðið hefur verið deiliskipulagt fyrir iðnaðarstarfsemi, en skv. því skipulagi eru þar 19 lóðir. Eitt fyrirtæki er þegar með starfsemi á svæðinu en það er vélsmiðja. Nokkrum lóðum til viðbótar hefur verið úthlutað á svæðinu og er nokkur eftirspurn eftir iðnaðarlóðum. Gert er ráð fyrir gámasvæði sveitarfélagsins innan iðnaðarsvæðis.

Ekki er gert ráð fyrir þróun iðnaðarsvæða í þéttbýlinu í Vogum nema á áðurnefndu afmörkuðu svæði norðan Vogabrautar.

### Dælustöð fráveitu (I-2)

Gert er ráð fyrir dælustöð fráveitu við hafnarsvæði, norðan Hafnargötu. Út frá dælustöð verður útrás fráveitu frá þéttbýlinu í Vogum (sjá nánar í kafla 2.4.2, fráveita). Vegna mælikvarða er svæðið merkt með hringtákn.

### Húsnæði eggjabús (I-3)

Eggjaframleiðandi er með starfsemi í þremur byggingum norðan Voga. Iðnaðarsvæðin ná aðeins til umræddra bygginga og lóða sem umhverfis þær eru. Vegna mælikvarða eru svæðin merkt með hringtákn. Ef fyrirhuguð er breyting á starfsemi er heimilt að hafa iðnaðarstarfsemi áfram í byggingunum að gefnu samþykki bæjaryfirvalda. Vegna nálægðar við íbúðarbyggð er ekki æskilegt að mengandi iðnaðarstarfsemi verði stafrækt á umræddum svæðum. Öll starfsemi skal vera í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994.

### Iðnaðarsvæði við Flekkuvík (I-4)

Gert er ráð fyrir um 100 ha svæði fyrir iðnaðarstarfsemi á jörð Flekkuvíkur, norðan Vatnleysustrandarveggar á Vatnleysuströnd. Mögulegt er að starfsemi stóriðju verði á svæðinu og nýti sér nálægð við fyrirhugaða stórskipahöfn við Flekkuvík.

Í fyrra aðalskipulagi sveitarfélagsins var á þessu svæði mjög stórt iðnaðarsvæði sem ætlað var fyrir álver. Miklar rannsóknir hafa farið fram á svæðinu vegna mögulegs álvers en ekkert hefur enn orðið að því að álver byggðist upp á svæðinu. Á aðalskipulagi þessu er iðnaðarsvæðið minnkað stórlega frá því sem áður var en eftir sem áður er gert ráð fyrir að á svæðinu geti rúmast stóriðja eða stórfyrirtæki sem þarfnast stórskipahafnar. Ekki er ljóst hvort svæðið byggist upp á skipulagstimabilinu en sveitarfélagið vill halda þeim möguleika opnum að á þessu svæði byggist upp iðnaðarstarfsemi.

Þar sem ekki er ljóst hverlags iðnaðarstarfsemi verður á svæðinu er óljóst hver orkupörf verður fyrir svæðið og með hvaða hætti hennar verðu aflað. Þess má þó geta að rannsóknarborgarsvæði er við Trölladyngju og er mögulegt að jarðhiti þar verði nýttur til orkuöflunar fyrir svæðið. Þar sem það svæði er aðeins rannsóknarsvæði í aðalskipulagi þessu er óljóst hvort hver þróun þess verður (sjá I-5).

Þar sem orkuöflun og orkupörf fyrir svæðið er óljós eru háspennulínur (í lofti eða jörð) ekki staðsettar að iðnaðarsvæðinu í aðalskipulagi.

### Rannsóknarborsvæði við Trölladyngju (I-5)

Trölladyngjusvæðið er hluti af Krisuvíkursvæðinu sem er rannsóknarsvæði Hitaveitu Suðurnesja vegna mögulegrar nýtingu jarðhita. Þegar hafa verið boraðar tvær rannsóknarholur á svæðinu, önnur er staðsett austan Oddafells og hin sunnan við Sog. Þá er gömul tilraunaborhola í nánd við Eldborg, við Jónsbrennur.

Fyrirhugað er að bora tvær rannsóknarholur til viðbótar á svæðinu, aðra á núverandi borsvæði austan Oddafells en hin verður staðsett við gömlu tilraunaborholuna við Jónsbrennur, sunnan Eldborgar. Markmið með borun tilraunahola er að fá frekari upplýsingar um nýtingarmöguleika jarðhita á svæðinu. Ef niðurstöður þessara borana verða jákvæðar, ásamt borunum á svæðum í grenndinni (innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur og Hafnarfjarðar), verður væntanlega hægt að skipuleggja mögulega jarðhitanytingu Trölladyngjusvæðisins. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir öðru en þremur svæðum fyrir rannsóknarholur innan Sveitarfélagsins Voga. Afstaða verður tekin til vinnsluhola ef niðurstöður rannsókna kalla á frekari framkvæmdir

Svæðið flokkast sem fjarsvæði vatnsverndar (V3), sem takmarkar vörslu og notkun neysluvatnsspillandi efna umfram það sem nauðsynlegt er vegna leyfðrar starfsemi. Tryggja skal að öll efni sem hugsanlega geta valdið mengun grunnvatns verði meðhöndluð með sérstakri varúð.

### Svínabú á Minni-Vatnsleysu (I-6)

Á Minni-Vatnsleysu er rekið eitt stærsta svínabú landsins á skilgreindu iðnaðarsvæði sem skilgreint er umhverfis svínabúið. Vegna mælikvarða er svæðið merkt með hringtákn.

#### *2.2.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir*

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.3.1

*Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.*

*Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Stóru-Vogaskóli (Þ-1)
  - Um 1,2 ha
- Leikskóli við Suðurgötu (Þ-2)
  - Um 0,4 ha
- Kirkjureitur (Þ-3)
  - Um 1,1 ha
- Íþróttahús og sundlaug (Þ-4)
  - Um 1,0 ha
- Skóla- og leikskólasvæði norðan núverandi þéttbýlis (Þ-5)
  - Um 2,6 ha
- Svæði fyrir leikskóla og aðra þjónustustarfsemi austan löndals (Þ-6)
  - Um 2,2 ha
- Kálfatjarnarkirkja (Þ-7)
  - (hringtákn)
- Þjónustusvæði á miðsvæði (Þ-8)
  - Um 0,6 ha af blandaðri landnotkun, svæði fyrir þjónustustofnanir og íbúðarsvæði.

#### *Meginmarkmið*

- Í þéttbýlinu í Vogum verði opinber þjónusta efld fyrir íbúa sveitarfélagsins, m.a. á sviði skólamála, öldrunarmála, félags- og menningarmála, heilbrigðismála og stjórnsýslu.
- Lögð verði áhersla á kraftmikið íþrótt- og tómstundastarf með góðri aðstöðu.
- Stefnt er að öflugu menningarlífi með góðri aðstöðu. Menningarlíf sveitarfélagsins tengist m.a. sögu og sérstöðu svæðisins og þjónustu við íslenska og erlenda gesti.

#### *Stóru-Vogaskóli (Þ-1)*

Við Tjarnargötu starfrækir sveitarfélagið grunnskólann Stóru-Vogaskóla. Um 220 nemendur eru í skólanum og um 20 kennarar. Á skipulagstímabilinu er stefnt að því að byggja síðasta áfanga skólans, alls 8 skólastofur. Ekið er með nemendur sem búsettir eru í dreifbýli á Vatnsleysuströnd í skólann. Svæðið er um 1,2 ha.

#### *Leikskóli við Suðurgötu (Þ-2)*

Við Suðurgötu starfrækir sveitarfélagið leikskólann Suðurvelli. Þar eru þrjár deildir sem í eru um 75 börn á aldrinum eins til sex ára og um 20 starfsmenn. Alls eru börn á leikskólaaldri 95 í sveitarfélaginu.

#### Kirkjureitur (P-3)

Á reit sem markast af lóðum við Hafnargötu í norðri, Aragerði í vestri, Tjarnargötu í suðri og Kirkjugerði í austri er reitur sem skilgreindur er sem svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið sem er um 1,1 ha er óbyggt en m.a. er mögulegt að byggja á svæðinu kirkju og/eða safnaðarheimili.

#### Íþróttahús og sundlaug (P-4)

Norðan Hafnargötu er skilgreint í aðalskipulagi um 1 ha svæði þar sem íþróttahús og sundlaug sveitarfélagsins er staðsett.

#### Skóla- og leikskólasvæði norðan núverandi þéttbýlis (P-5)

Gert er ráð fyrir uppbyggingu grunnskóla og leikskóla í tengslum við uppbyggingu íbúðarsvæðis við Grænuborg, norðan núverandi þéttbýlis í Vogum. Um er að ræða svæði sem er um 2,6 ha.

#### Svæði fyrir leikskóla og aðra þjónustustarfsemi austan lóndals (P-6)

Gert er ráð fyrir byggingu leikskóla í tengslum við uppbyggingu íbúðarsvæðis austan núverandi þéttbýlis í Vogum. Þá er gert ráð fyrir að þjónustustarfsemi geti einnig verið norðan leikskólans, við Vogabraut.

#### Kálfatjarnarkirkja (P-7)

Við Kálfatjörn á Vatnleysuströnd er Kálfatjarnarkirkja. Kirkjan var reist árið 1893. Kirkjan er sannkölluð völundarsmiði og ein stærsta sveitakirkja á landinu. Nýtt þjónustuhús við kirkjuna var vígt í apríl 2001.

Minjafélagið er einnig staðsett við Kálfatjörn og er þar með svæði til umráða. Á svæðið hefur þegar verið flutt eitt gamalt hús til varðveislu, Norðurkot. Fyrir á svæðinu er hlaðan Skjaldbreið. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu á vegum Minjafélagsins á svæðinu og verður minjareitur félagsins staðsettur norðan Kálfatjarnarkirkju.

#### Þjónustusvæði á miðsvæði (P-8)

Á reit norðan skyggis á fyrirhuguðu miðsvæði er gert ráð fyrir reit sem er skilgreindur sem blönduð landnotkun, íbúðarsvæði og svæði fyrir þjónustustofnanir. Svæðið sem er um 0,6 ha er óbyggt en m.a. er mögulegt að byggja á svæðinu þjónustustofnanir ásamt íbúðarbyggð.

### 2.2.6 Landbúnaðarsvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.14.1

*Landbúnaðarsvæði ná yfir allt land jarða eða lögbýla, sbr. ákvæði jarðalaga og ábúðarlaga um land sem nýtt er til landbúnaðar.*

*Á landbúnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Bújarðir á Vatnsleysuströnd (L-1)
  - Alls um 150 ha
- Beitarhólf norðan þéttbýlis í Vogum (L-2)
  - Um 320 ha

#### *Meginmarkmið*

- Gert er ráð fyrir að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, og að á þeim geti þróast þær atvinnugreinar sem falla undir skilgreiningu sem landbúnaður.
- Nýting landbúnaðarsvæða sem merkt eru sem náttúruminjasvæði, hverfisverndar- eða vatnsverndarsvæði eru háð vissum takmörkunum.
- Á bújörðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á viðkomandi jörð, þó skal leyfilegt að byggja stök íbúðarhús á jörðinni þar sem aðstæður leyfa. Æskilegt er að slík hús séu sem mest byggð upp í tengslum við bæjarhlöð jarða og nýti sömu afleggjara af þjóðvegi. Ný hús skulu vera í samræmi við þá byggð sem fyrir er. Nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags en ekki er heimilt að byggja stök íbúðarhús án þess að fyrir liggja staðfest deiliskipulag. Á hverri núverandi bújörð má að hámarki byggja þrjú stök íbúðarhús.
- Ekki er heimilt að stofna frístundabyggð á landbúnaðarsvæðum.
- Innan beitarhólfs er ekki heimil nein uppbygging né starfsemi fyrir utan beit fyrir sauðfé og hross.

#### *Bújarðir á Vatnleysuströnd (L-1)*

Á Vatnleysuströnd eru nokkrar bújarðir en búskapur á þeim er fremur takmarkaður. Á einhverjum jörðum er litilsháttar sauðfjárbúskapur.

### Beitarhólf norðan þéttbýlis í Vogum (L-2)

Á um 320 ha svæði milli Reykjanesbrautar og Vatnleysustrandarvegjar, rétt norðan þéttbýlis í Vogum, er skilgreint landbúnaðarsvæði. Um er að ræða beitarhólf fyrir sauðfé og hross.

#### 2.2.7 Hafnarsvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.8.1

*Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Vogahöfn (HÖ-1)
- Höfn við Flekkuvík (HÖ-2)

#### *Meginmarkmið*

- Að viðhalda þeirri höfn í þéttbýlinu í Vogum sem fyrir er.
- Að efla hafnsækna starfsemi við núverandi höfn.
- Að efla þjónustu við trillur og skemmtibáta við núverandi höfn.
- Að heimila uppbyggingu stórskipahafnar við Flekkuvík að gefnum ákv. skilyrðum.

### Vogahöfn (HÖ-1)

Fyrsta bryggjan í sveitarfélaginu var byggð í Vogum árið 1930 og varð bygging hennar til þess að þorp tók að myndast í Vogum en ekki í Brunnastaðahverfi, sem fram að því var þéttbýlasta svæði hreppsins. Leifar þessarar bryggju sjást í suðurjaðri núverandi hafnarsvæðis. Núverandi Vogahöfn er skilgreind sem smábátahöfn og uppistaðan í tekjum hennar eru leigutekjur af viðleguplássum smábáta við flotbryggjur. Steyptur viðlegukantur er fyrir stærri báta og tvær flotbryggjur fyrir smærri báta. Gert er ráð fyrir þriðju flotbryggjunni á skipulagstímabilinu. Höfnin er rekin af sveitarfélaginu.

### Höfn við Flekkuvík (HÖ-2)

Gert er ráð fyrir stórskipahöfn við Flekkuvík og kemur hún til með að þjónusta fyrirhugað iðnaðarsvæði við Flekkuvík ásamt þeirri starfsemi í sveitarfélaginu og á Suðurnesjum öllum sem þarfnast slíkrar hafnar.

Í fyrra aðalskipulagi var gert ráð fyrir höfn á svæðinu og hafa miklar rannsóknir farið fram á hafnarsvæðinu frá því að til stóð að álver byggðist upp við Flekkuvík, sem ekki hefur orðið.

Í aðalskipulaginu er eftir sem áður gert ráð fyrir iðnaðarsvæði við Flekkuvík sem þarfnast stórskipahafnar og er því áfram gert ráð fyrir höfn við Flekkuvík.

#### 2.2.8 Efnistökusvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.9.1

*Efnistökusvæði eru þau svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka, s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Íbúðir eru ekki heimilaðar á efnistökusvæðum.*

#### Skilgreind svæði á skipulagsuppráttum

- Afstapahraun (E-1)
  - um 20 ha

#### Meginmarkmið

- Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi og er stefnt að því að námur hafi framkvæmdaleyfi.
- Við veitingu framkvæmdaleyfis verði sett skilyrði um skipulagða og markvissa nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni.

### Afstapahraun (E-1)

Stórt efnistökusvæði hefur verið til margra ára í jaðri Afstapahrauns og gerir skipulagið ráð fyrir að efnistaka verði þar áfram. Stærð svæðisins er um 20 ha en ekki er gert ráð fyrir að svæðið stækki umfram það svæði sem þegar er raskað. Frekari efnistaka verður innan raskaðs svæðis. Umrætt efnistökusvæði er óbreytt frá gildandi skipulagi og hefur Skipulagsstofnun úrskurðað að efnistakan hafi ekki veruleg umhverfisáhrif og fallist á efnistöku að uppfylltum skilyrðum Umhverfisstofnunar.



### 2.2.9 Sorpförgunarsvæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.10.1

*Sorpförgunarsvæði eru svæði þar sem fram fer eða fyrirhuguð er förgun á sorpi og öðrum úrgangi, s.s. urðun eða brennsla.*

*Íbúðir eru ekki heimilar á sorpförgunarsvæðum.*

Aðalskipulagið gerir ekki ráð fyrir sorpförgunarsvæðum innan sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið er aðili að Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, sem rekur flokkunar- og eyðingarstöðina Kólku í Helguvík.

## 2.3 Umhverfi, vernd og vát

### 2.3.1 Opin svæði til sérstakra nota

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.12.1

*Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skruðgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, íþróttasvæði, golfvellir, sleða og skíðasvæði, skautasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reiðvellir, rallibrautir og skotvellir. Einnig garðlönd og trjáræktarsvæði.*

*Skilgreind svæði á skipulagsupphráttum*

- Íþróttasvæði við Hafnargötu (OS-1)
  - Um 5,5 ha
- Önnur svæði innan þéttbýlis (OS-2)
- Svæði hestamanna sunnan og norðan þéttbýlis (OS-3)
  - Um 4 ha sunnan þéttbýlis
  - Um 10 ha norðan þéttbýlis
- Golfvöllur við Kálfatjörn (OS-4)
  - Um 80 ha
- Kirkjugarður við Kálfatjörn (OS-4)
  - Um 0,5 ha (innan skilgreinds svæði fyrir golfvöll við Kálfatjörn)
- Skógræktarsvæði (OS-5)

- Um 40 ha svæði ofan Brunnastaðahverfis (OS-5-1)
- Um 24,3 ha svæði við Háabjalla (OS-5-2)
- Svæði undir Vogastapa (OS-6)
  - Um 1,5 ha
- Golfgarðar í landi Þórustaða og Norðurkots (OS-7)
  - Um 10 ha af blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og opin svæði til sérstaka nota.

### *Meginmarkmið*

- Sveitarfélagið Vogar vill tryggja bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til útiveru, náttúruskoðunar og íþrótt- og tómstundastarfs.
- Stefnt er að því að lokið verði við frágang á opnum svæðum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu. Úfærsla einstakra svæða skal unnin í deiliskipulagi.
- Við skipulag opinna svæða verði hugað að því að draga fram náttúrufarslega og sögulega sérstöðu svæðanna og sveitarfélagsins.
- Opin svæði skulu mynda samfellu svo sem auðið er, og verði þau gerð aðgengileg og tengd innbyrðis með samfelldum göngu- og hjólréiðastígum.

### *Íþróttasvæði við Hafnargötu (OS-1)*

Íþróttasvæði sveitarfélagsins er staðsett við íþróttahús og sundlaug norðan Hafnargötu. Gert er ráð fyrir að íþróttasvæði sveitarfélagsins komi til með að byggjast upp á þessu svæði. Nægt landrými hefur verið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota svo að þarna megi byggja upp það íþróttasvæði sem sveitarfélagið þarf til næstu 20 ára. Svæðið er vel miðsvæðis þegar horft er til þess hvernig þéttbýlið í Vogum byggist upp til framtíðar.

### *Önnur svæði innan þéttbýlis (OS-2)*

Innan þéttbýlis í Vogum er undirliggjandi landnotkun mestmegnis skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota og eru kjörin útivistarsvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins. Þau svæði sem helst ber að nefna eru eftirtalin:

- Standlengjan frá Kristjánstanga í suðri að Djúpavogi í norðri, að hafnarsvæðinu undanskildu (OS-2-1).
- Svæði umhverfis Vogatjörn (OS-2-2).
- Aragerði og tenging niður að strönd (OS-2-3).
- Skyggirnir, hryggur sem liggur í miðju fyrirhuguðu íbúðarsvæði austan miðsvæðis (OS-2-4).

- Svæði umhverfis Síkið og Síkistjörn (OS-2-5).
- Svæði milli núverandi byggðar og fyrirhugaðar byggðar austast í þéttbýli (OS-2-6).

#### Svæði hestamanna sunnan og norðan þéttbýlis (OS-3)

Núverandi hesthúsasvæði er staðsett sunnan þéttbýlis í Vogum og gert er ráð fyrir að svæðið geti byggst upp frekar frá því sem nú er, þannig að á svæðinu verði allt að 20 hesthús á um 4 ha svæði.

Framtíðariþróttasvæði hestamanna í sveitarfélaginu verður staðsett norðan þéttbýlisins í Vogum, á um 10 ha svæði við Strandarrétt. Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu hesthúsasvæðis ásamt íþróttasvæði hestamanna.

#### Golfvöllur við Kálfatjörn (OS-4)

Við Kálfatjörn er Golfklúbbur Vatnleysustrandar með níu holu golfvöll. Völlurinn er staðsettur norðan Vatnleysustrandarveggar. Fyrirhugað er að stækka völlinn í 18 holur og munu nýju holurnar vera staðsettar sunnan Vatnleysustrandarveggar. Alls er þá opið svæði til sérstakra nota fyrir golfvöll um 80 ha. Samningar hafa náðst um svæðið milli golfklúbbsins og landeiganda.

#### Kirkjugarður við Kálfatjörn (OS-4)

Við Kálfatjörn er kirkjugarður sveitarfélagsins og gert er ráð fyrir að hann verði kirkjugarður sveitarfélagsins út skipulagstímabilið. Golfvöllurinn við Kálfatjörn er umhverfis kirkjugarðinn og er garðurinn því sýndur sem hringtákn innan opins svæðis til sérstakra nota, golfvallar.

#### Skógræktarsvæði (OS-5)

Á um 40 ha spildu ofan Brunnastaðahverfis er svæði til ræktunar og uppgræðslu landgræðsluskóga (OS-5-1). Leigusamningur milli Skógfells (Landgræðslu- og skógræktarfélag Sveitarfélagsins Voga) og landeiganda spildunnar var undirritaður árið 1999 og er til 50 ára. Ræktun svæðisins er og verður þannig háttáð að hægt er að nýta landið til almennrar útivistar.

Vogabændur gáfu Skógræktarfélagi Suðurnesja 24,3 ha landspildu við Háabjalla árið 1948 og var þá hafin skógrækt á svæðinu (OS-5-2). Félagið Skógfell eignaðist svæðið árið 2002. Á svæðinu er að finna hæstu sitkagrenitré á Suðurnesjum, sem eru allt að 15 m há.

Ræktun svæðisins er og verður þannig háttað að hægt er að nýta landið til almennrar útivistar.

#### Svæði undir Vogastapa (OS-6)

Undir Vogastapa er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota. Svæðið hefur verið nýtt sem tippsvæði og gert er ráð fyrir að hægt verði að móta svæðið og nýta sem opið svæði til sérstakra nota, með tengslum við fjöruna nyrst á svæðinu. Mögulegt er að hafa brennustæði sveitarfélagsins á þessu svæði.

#### Golfgarðar í landi Þórustaða og Norðurkots (OS-7)

Svæðið er um 10 ha og er gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og opið svæði til sérstakra nota. Um er að ræða svokallaða golfgarða þar sem golfvöllur og æfingasvæði hans er um lukinn íbúðarsvæði.

### 2.3.2 Óbyggð svæði

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.13.1

*Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

Öll svæði í sveitarfélaginu sem ekki eru skilgreind með annarri landnotkun eru flokkuð sem óbyggð svæði.

#### *Meginmarkmið*

- Allt landsvæði Sveitarfélagsins Voga sem ekki er skilgreint með annarri landnotkun er skilgreint sem óbyggð svæði, þ.e. undirliggjandi landnotkun í sveitarfélaginu er óbyggð svæði.
- Stór landsvæði í sveitarfélaginu sem teljast til óbyggðra svæða eru verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd, vatnsvernd eða eru hverfisverndarsvæði. Almenn útivistarsvæði eru hér einnig skilgreind sem óbyggð svæði, önnur en þau svæði sem skilgreind eru sem opin svæði til sérstakra nota. Um óbyggðu svæðin liggja víða stigar og margir þeirra fylgja gömlum þjóðleiðum.

- Öll búfjárbætur er bönnuð á óbyggðum svæðum. Bætur búfjár er aðeins heimil innan beitarhólfa og eru þau svæði skilgreind sem landbúnaðarsvæði.
- Í Sveitarfélaginu Vogum er lausaganga búfjár bönnuð. Sauðfjár- og hrossabætur er aðeins leyfð innan girðinga á bújörðum og í sérstökum beitarhólfum (landbúnaðarsvæðum).

Á stórum hluta strandlengju sveitarfélagsins, allt frá Vogastapa austur að Keillisnesi, eru fallegar hraunstrendur með tjörnum og er ströndin því kjörð útivistarsvæði. Hluti þessa strandsvæðis er á Náttúruminjaskrá og jafnframt undir hverfisvernd.

Af öðrum áhugaverðum stöðum í sveitarfélaginu sem falla undir óbyggð svæði má nefna eftirfarandi:

- Vogastapi er grágrýtishæð niður í sjó, þar er mikið fuglalíf og fagurt útsýni. Frá Vogunum er 30 mínútna ganga á Vogastapa, en þar er útsýnisskífa við Grímshól og í góðu skyggni er fjallasýn mikil.
- Háibjalli er afar fallegt svæði í skjóli kletta, ofan Reykjanesbrautar í aðeins 20 mínútna göngufjarlægð frá Vogum. Frá Háabjalla er útsýni yfir Snorrastaðatjarnir og þaðan er hægt að ganga að Hrafnagjá sem er gróðurmikil sprungugjá.
- Fyrir þá sem kjósa lengri gönguferðir er upplagt að ganga Skógfellsstíg, sem er vörðuð gönguleið til Grindavíkur. Þetta er afar falleg leið yfir fjölbreytt hraun og fjallendi. Gangan tekur 4-6 klst. Upphaf gönguleiðarinnar er rétt neðan við Háabjalla, þ.e. í göngufjarlægð frá þéttbýlinu í Vogum.
- Keilir er 379 metra hátt móbergsfjall. Fjallið er skemmtilegt og auðvelt uppgöngu.
- Staðarborg er hringlaga steinhleðsluvirki sem á árum áður var notað sem fjárrétt, og er staðsett á miðri heiðinni milli Kálfatjarnarkirkju og Reykjanesbrautar. Í bjartviðri er útsýni mjög fallegt frá Staðarborg; mosavaxnar hraunbreiður á aðra hönd og fagurblár Faxaflóinn á hina.

Mjög víða í sveitarfélaginu eru moldarflög til vitnis um hve gróðri hefur hnignað. Líklega er landið víðast að gróa upp hægt og rólega vegna friðunar og hagstæðs loftslags hin síðari ár.

Þó er æskilegt að flyta fyrir þeirri þróun og liggur þá beinast við að nýta vel þann mikla búfjáraburð (svína-, hænsna- og hrossaskít) sem til fellur. Velja þarf landsvæði til uppgræðslu í samvinnu við landeigendur, búfjár- og hestaeigendur, Landgræðslu ríkisins og samtökum sem hafa það að markmiði að græða landið. Landsvæði þessi væru tekin frá og merkt í tiltekinn tíma til uppgræðslu.

### 2.3.3 Svæði fyrir frístundabyggð

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.11.1

*Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Frístundasvæði við Hvassahraun (F-1)
  - Um 19 ha
- Frístundasvæði við Breiðagerðisvík (F-2)
  - Um 12 ha

#### *Meginmarkmið*

- Að viðhalda þeim svæðum fyrir frístundabyggð sem fyrir eru í sveitarfélaginu. Heimilt er að viðhalda og bæta þann húsakost sem fyrir er á svæðunum.
- Að uppbygging nýrra húsa á frístundasvæðum verði í samræmi við þá byggð sem fyrir er. Nánari útfærslu er vísað til deiliskipulags en ekki er heimilt að byggja á svæðum fyrir frístundabyggð án þess að fyrir liggi staðfest deiliskipulag.

#### *Frístundasvæði við Hvassahraun (F-1)*

Við Hvassahraun, norðan Reykjanesbrautar, er Styrktarfélag Vangefinna með frístundabyggð á um 19 ha svæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið og gerir það ráð fyrir 28 lóðum fyrir frístundahús. Frístundahús eru þegar á um helmingi lóðanna.

### Fristundasvæði við Breiðagerðisvík (F-2)

Við Breiðagerðisvík, norðan Vatnleysustrandarvegar, er skilgreint svæði fyrir frístundabyggð á um 12 ha svæði. Á annan tug frístundahúsa er þegar á svæðinu en ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið. Skilyrði fyrir frekari uppbyggingu frístundasvæðisins er að deiliskipulag verði unnið fyrir svæðið og að það öðlist gildi áður en heimild er veitt til frekari uppbyggingar.

#### 2.3.4 Náttúruverndarsvæði og fornminjar

Skilgreining náttúruverndarsvæða skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.19.1

*Til náttúruverndarsvæða teljast annars vegar friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar vegna náttúru eða landslags.*

Skilgreining þjóðminjaverndarsvæða skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.20.1

*Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

Fimm svæði í sveitarfélaginu eru á náttúruminjaskrá og eitt svæði friðlýst. Sjá upptalningu neðar í kaflanum.

#### *Meginmarkmið*

- Stefna sveitarfélagsins er að vernda fjölbreytileika náttúrunnar og mikilvægar náttúruminjar sem finna má víðsvegar í víðfeðmu landi sveitarfélagsins.
- Stefnt er að verndun náttúruminja í sveitarfélaginu og friðlýsingu þeirra. Slik svæði eru sett undir hverfisvernd (sjá kafla um hverfisvernd).
- Á þeim svæðum sem eru mikilvæg fyrir útivist og náttúruskoðun skal gera ráð fyrir merkingum og góðu aðgengi eftir því sem aðstæður leyfa.
- Þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir á náttúruverndarsvæðum skal fara varlega í framkvæmdir. Allar framkvæmdir eru háðar umsögn Umhverfisstofnunar þar sem minnsta hættu er á röskun náttúruminja við framkvæmdir, sbr. 38. gr. náttúruverndarlaga.

Merkileg náttúrufrýrbrigði og menningarminjar í Sveitarfélaginu Vogum eru sérstaklega verðmæt vegna nálægðar við mesta þéttbýli landsins og alþjóðaflugvöll. Þessar perlur eru þannig staðsettar að auðvelt er fyrir marga að njóta þeirra í framtíðinni, hvort heldur til rannsókna, kennslu, fræðslu og ferðamennsku. Vatnleysuströndin er eitt af fáum svæðum í nánd við höfuðborgarsvæðið sem býður uppá ósnortin strandsvæði og því er mikilvægt að bæta aðgengi að henni. Hægt er að líta á náttúru- og söguminjarnar sem auðlind, bæði í menningarlegu tilliti og vegna útivistar og ferðapjónustu.

### Skráning minja

Sveitarfélagið Vogar er afar ríkt af fornminjum því hér var eitt helsta útræði landsins fyrr á öldum og eru minjar um það vel varðveittar vegna þess hve lítið var sléttað hér undir tún á síðustu öld. Hinsvegar hefur mikið af fornminjum tapast í sjó vegna landbrots og margar minjar eru um það bil að tapast í sjó eða undir brimvarnargarða.

Fornleifastofnun Íslands, sjálfseignarstofnun, var fengin til að gera svæðisskráningu menningarminja í Sveitarfélaginu Vogum og lauk þeirri vinnu sumarið 2006. Þar er getið u.þ.b. 1300 fornleifa. Fæstar þessara minja hafa verið rannsakaðar og er staðsetning margra þeirra óviss. Sjá nánar í:

*Sædis Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Vatnleysustrandarhreppi, svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 2006. FS317-06041.*

Í svæðisskráningu felst öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og gagnasöfnun sem gefur til kynna yfirlit og eðli menningarminja á svæðinu. Helstu flokkar heimilda sem stuðst er við í svæðisskráningu fornleifa eru jarðabækur, túnakort, örnefnaskrár og fornleifaskýrslur.

Í tengslum við gerð aðalskipulags verða fornleifar skráðar á vettvangi í öllu sveitarfélaginu. Skráning þessi er kostnaðarsöm og verður unnin í 6 áföngum, líklega á 6 árum, af Fornleifastofnun Íslands, sjálfseignarstofnun.

Fyrsti áfangi aðalskráningar nær yfir þéttbýlið í Vogum.

Samtals voru skráðar 155 fornleifar á svæðinu, 5 íbúðarhús standa enn á Vogajörðunum 7 þó allur búskapur sé þar löngu horfin. Innan þessara jarða voru svo skráð 12 býli og 6 bæjarstæði sem að stórum hluta eru farin í eyði eða með öllu horfin. Sjá nánar í:



*Sólveig Guðmundsdóttir Beck. Aðalskráning forleifa í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi (drög). Fornleifastofnun Íslands 2007.*


Árin 2008 og 2009 var unnið við að skrá á vettvangi land Vogajarða, Kálfatjarnar, Flekkuvíkur og Þórustaða, frá fjöru til fjalls.

Í tengslum við deiliskipulag íbúðarsvæðis norðan núverandi þéttbýlis voru minjar skráðar á vettvangi í deiliskráningu, úr landi Austurkot og Minni-Voga og fór skráning fram árið 2006. 16 minjastaðir voru skráðir á jörðunum en vegna fjölda minja við gamla bæjarstæðið í Grænumborg var ákveðið að hafa ekki íbúðarbyggð á því svæði og fyrirhuguð íbúðarbyggð dregin frá ströndinni. Þá hefur svæðið meðfram ströndinni verið sett undir hverfisvernd, m.a vegna þeirra minja sem þar er að finna.

Nánar um deiliskráningu fornminja í landi Austurkots og Minni-Voga má sjá í:

*Sædis Gunnarsdóttir. Fornleifaskráning í landi Minni-Voga og Austurkots, deiliskráning. Fornleifastofnun Íslands 2006. FS313-06051.*

Þegar skráðar minjar eru sýndar á þemakorti hér að neðan.



### Náttúruminjar

Skv. Náttúruminjaskrá, 7. útgáfu (1996), eru eftirtalin svæði í Sveitarfélaginu Vogum á náttúruminjaskrá:

#### *Tjarnir á Vatnsleysuströnd (N-1)*

Síkistjörn, Vogatjörn, Búðatjörn (Mýrarhústjörn), Gráhella, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn (Hallandatjörn), Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Þórustaðatjörn (Landakotstjörn), Kálfatjörn (Kálfatjarnartjörn) og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. Lifríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi<sup>3</sup>.

#### *Hvassahraunsgígar (Strokkamelur) (N-2)*

Hvassahraunskatlar sunnan Þjóðveggar (rétt sunnan Reykjanesbrautar) á móts við eyðibýlið Hvassahraun. Katlarnir eru regluleg hraundryli á sléttri klöpp í Hvassahrauni.

#### *Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár (N-3)*

(Sveitarfélaginu Vogum, Grindavík og Reykjanesbæ)  
Svæði frá Seltjörn til Snorrastaðatjarna, ásamt skógarreitum. Einnig syðsti hluti Hrafnagjár. Gróskumikill gróður í Snorrastaðatjörnum. Gróðursællir skógarreitir undir Háabjalla og í Sólbrekum. Mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprunga með fjölbreyttum gróðri. Kjöríð útivistarsvæði.

#### *Keilir og Höskuldarvellir (N-4)*

(Sveitarfélaginu Vogum og Grindavík)  
Mörk svæðisins eru um Keili að vestan, Markhelluhól að norðan, fylgja síðan vesturmörkum Reykjanesfólkvangs á móts við Hverinn eina, þaðan um Driffell í Keili. Mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi. Það liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngju til Selsvalla, en úr gígaröðinni þar hefur Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólkvangs. Á vesturmörkum svæðisins gnæfir móbergsfjallið Keilir.

#### *Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík (N-5)*

(Sveitarfélaginu Vogum og Hafnarfirði)

---

<sup>3</sup> Nöfn tjarna eru leiðrétt skv. heimildum ábúenda á Vatnsleysuströnd. Nöfn innan sviga eru þau sem notuð eru á náttúruminjaskrá en framan við sviga eru leiðrétt nöfn.

Fjaran og strandlengjan á u.þ.b. 500 metra breiðu belt, ásamt ísöltum tjörnum, frá botni Fögruvíkur að Straumi. Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Tjarnir með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Útivistarsvæði með mikið rannsóknar- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli. Friðaðar söguminjar við Óttarsstaði.

#### *Friðlýst svæði*

Skv. skrá um friðlýstar fornleifar, 1. útgáfu (1990), er eftirtalið svæði friðlýstar fornleifar skv. Þjóðminjalögum og þar með skilgreint sem Þjóðminjaverndarsvæði:

#### *Kálfatjörn (F-1)*

Fjórþing, sem kölluð er Staðarborg, 2-3 km frá bænum og í stefnu þaðan á Dyngjur.

#### *2.3.5 Hverfisverndarsvæði*

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.22.1

*Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrpinga, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Meginhluti strandarinnar frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnleysuströnd. Einnig ströndin sunnan Voga, Síkistjarnir og Kristjánstangi (H-1).
- Vogastapi að Vogavík (H-2).
- Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli (H-3).
- Keilir og Höskuldarvellir (H-4)
- Önnur svæði á náttúruminjaskrá og aðrar fornleifar (H-5)
  - Hvassahraungígar (Strokkamelur). Katlarnir og nánasta umhverfi þeirra. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
  - Þvottatjarnir og Brugghellir
  - Aðrar fornleifar sem ekki hafa verið valdar

### *Meginmarkmið*

- Hverfisvernd er ákvörðuð af bæjaryfirvöldum og er þá um að ræða verndun svæða vegna sérstakrar náttúru, landslags, söguminja eða umhverfis- og útivistargildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Bæjarstjórn getur þó heimilað vissa starfsemi eða framkvæmdir, sem tengjast eðli eða hlutverki svæðis í þágu almenningsútivistar og umhverfisfræðslu.
- Í eftirfarandi upptalningu hverfisverndaðra svæða er gerð grein fyrir tilgangi verndunar og helstu hverfisverndarákvæðum. Jafnframt er reiknað með að unnin verði áætlun, eða deiliskipulag fyrir einstök hverfisverndarsvæði, eftir því sem ástæða er til, þar sem verndunarákvæðum og aðgerðum er lýst nánar.
- Hyggist bæjarstjórn leyfa starfsemi eða framkvæmdir á hverfisvernduðu svæði, skal ákvörðun í þeim efnun tekin að fenginni umsögn umhverfis- og skipulagsnefndar sveitarfélagsins og að undangenginni málsmeðferð í samræmi við ákvæði skipulagslaga, sem við á um breytingu á aðalskipulagi. Hverfisvernd verður einungis aflétt af skipulagssvæði í heild sinni með breytingu á aðalskipulagi.
- Heimilt er að byggja og halda við sjóvarnargörðum á svæðum sem falla undir hverfisvernd.

Eftirfarandi svæði verða skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi og eru settir sér skilmálar sem gilda um hvert þeirra.

#### *H-1: Ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar ásamt tjörnum á Vatnleysuströnd. Einnig ströndin sunnan Voga, Síkistjarnir og Kristjánstangi.*

Um er að ræða svæði sem nær frá Búðatjörn (Mýrarhústjörn) í suðri (norðan þéttbýlis í Vogum) að landamörkum við Hafnarfjörð í norðri, að undanskildu svæðinu á milli Flekkuvíkur og fristundabyggðar í Hvassahrauni. Um er að ræða allt að 200 m breitt beltí frá strönd en þar sem búsetulandslag er var reynt að afmarka hverfisvernd við það. Einnig fellur undir þennan flokk standsvæðið sunnan þéttbýlis. Svæðið nær yfir Síkistjarnir og Kristjánstanga, að athafnasvæði við Vogavík.

Ströndin í Sveitarfélaginu Vogum er einkar verðmæt vegna þess hve lítið henni hefur verið raskað miðað við ströndina á höfuðborgarsvæðinu. Hér gefst íbúum

Voga og alls höfuðborgarsvæðisins ásamt ferðamönnum kostur á að njóta lífríkrar rofstrandar með gnótt búsetuminja og tjarna. Auðugt fuglalíf er við ströndina allan ársins hring, en mest um vor og haust þegar farfuglar og fargestir setjast að veisluborði í lífríki fjörunni. Við ströndina eru tjarnir og votlendisblettir sem óviða er að finna á Reykjanesskaga. Byggðin hefur ávallt verið við ströndina og þar er því gnótt fornminja. Með því að rannsaka þær verður með tíð og tíma hægt að gera almenningi ljósa sögu þessa byggðarlags allt frá landnámi. Ströndin getur orðið eitt helsta aðdráttarafl fyrir ferðamenn framtíðarinnar í Vogum (bændagisting, söguskoðun, fuglaskoðun, útræði o.fl.).

Tjarnir á Vatnsleysuströnd sem eru á náttúruminjaskrá eru einnig skilgreindar sem hverfisverndarsvæði H-1 í aðalskipulagi og stefnt að friðlýsingu þeirra, að norður- og vesturhluta Vogatjarnar undanskildum, þar sem þau svæði eru þegar manngerð.

Hverfisverndin nær til tjarnanna og votlendissvæða umhverfis hverja þeirra.

Mikilvægt er að vernda tjarnirnar og votlendið umhverfis þær því ekki er um önnur vötn né votlendi að ræða í bæjarlandinu. Að vísu er gnægð grunnvatns hvarvetna undir yfirborðinu sem er gríðarlega mikilvæg auðlind en sést hvergi nema þar sem það sprettur upp í tjörnunum og víða í fjörunum.

#### *Nánari rök fyrir viðtækri hverfisverndun svæðisins:*

- Talsverður hluti svæðisins er í flóðahættu í framtíðinni vegna landbrots, landsigs og hækkandi sjávarstöðu vegna hnattrænnar hlýnunar, og því er óverjandi að skipuleggja þar nýtt þéttbýli.
- Þar er vel varðveitt fornt byggðarmynstur útvegsbúskapar rétt við mesta þéttbýli landsins og alþjóðaflugvöll. Í því felast mikil menningarleg verðmæti til langs tíma lítið og möguleikar til atvinnusköpunar.
- Mikið er um margvíslegar fornminjar á svæðinu sem skylt er að varðveita fyrir komandi kynslóðir, enda órannsakaðar og rituð saga svæðisins frekar fátækleg enn.
- Afar lítið er um vötn og votlendi á Reykjanesskaga og engin teljandi vatnsföll ofanjarðar. Vegna þess er mikilvægt fyrir þennan landshluta að það litla votlendi sem til er sé verndað. Votlendi og tjarnir eru aðallega við ströndina og í hættu bæði vegna landbrots sjávar og hugsanlegra framkvæmda.
- Vatnsleysuströnd fellur að líkindum í 1. flokk strandsvæða vegna varna gegn sjávarmengun samkvæmt mengunarvarnareglugerð, sjá kafla 2.3.7.

#### *Skilmálar hverfisverndar H-1*

- Ekki verður heimiluð þéttbýlismyndun við ströndina og takmörkuð verður heimild til nýbygginga nær sjó en u.þ.b. 200 m. Með því móti verður tryggt mjög strjálbýlt beltí með mestallri ströndinni innan sveitarfélagsins, frá Vogastapa að sveitarfélagamörkum við Hafnarfjörð. Slíkt strjálbýlt beltí rýrir að vísu nokkuð hugsanlegt byggingarland næst sjó en getur þó aukið heildarverðmæti alls lands í sveitarfélaginu til búsetu.  
Með því að takmarka nýbyggingar nærri sjó á Vatnsleysuströnd er verið að vernda einstakt búsetulandslag (sbr. 9. gr. þjóðminjalaga). Byggðarmynstrið verði þannig varðveitt að mestu.
- Stefnt er að friðlýsingu tjarna sem eru á náttúruminjaskrá og falla undir hverfisvernd H-1 samkvæmt náttúruverndarlögum.
- Á ströndinni er mikið af fornminjum sem ekki hafa verið staðsettar en hafa verið skráðar í svæðisskráningu fyrir sveitarfélagið. Ekki verði heimilt að raska fornminjum nema að undangenginni rannsókn og mati Fornleifaverndar ríkisins.
- Heimilt er að byggja stakar byggingar á hverri bújörð innan hverfisverndarsvæðis, þar sem aðstæður leyfa, þó þær tengist ekki búrekstri. Slíkar byggingar skulu vera í tengslum við núverandi bæjarhlöð og nýta sömu afleggjara. Huga ber að skipulagi og arkitektúr þannig að þessar nýbyggingar falli sem best að þeim byggingum og því forna byggðarmynstri sem fyrir er. Ekki er heimilt að byggja upp á hverfisverndarsvæði nema deiliskipulag sé í gildi fyrir svæðið.

### H-2: Vogastapi að Vogavík

Vogastapi er mikilvægt útivistarsvæði og hluti útsýnis frá Vogum. Hann hefur álíka gildi fyrir íbúa Sveitarfélagsins Voga og Esjan fyrir Reykvíkinga. Hann er að vísu lægri en Esjan en hefur það framyfir að ganga í sjó fram. Þetta friðaða beltí nær yfir hábungu Vogastapa frá Vogavík að mörkum Reykjanesbæjar. Innan þess er Stapagatan, gamla þjóðleiðin milli Voga og Njarðvíkur en gamli akvegurinn til Keflavíkur, sem lagður var snemma á 20. öld lendir rétt sunnan þess.

### *Skilmálar hverfisverndar H-2*

- Engar byggingar verða leyfðar á þeim hluta Vogastapa sem sést úr Vogum, né heldur undir hlið hans í Vogavík.
- Svæðið verði friðað gegn, raski og framandlegum áberandi plöntum, t.d. lúpínu.
- Stapagatan verði merkt og notuð í óbreyttri mynd sem gönguleið.

### H-3: Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli

Svæðið nær yfir 3 sveitarfélög: Sveitarfélagið Voga, Reykjanesbæ og að litlu leyti Grindavík. Það er framtíðar útivistarsvæði og verður mjög auðvelt að komast þangað úr Vogum um ný undirgöng undir Reykjanesbraut, við Vogastapa, sem tengja Vogavík svæðinu. Göngin eru við upphaf Skógfellavegar, gamallar þjóðleiðar sem liggur frá Vogavík framhjá Snorrastaðatjörnum og Skógfellunum til Grindavíkur, gullfalleg leið sem hefur nú verið stikuð.

Til greina kemur að friða þetta svæði sem fólkvang, e.t.v. framhald af Reykjanesfólkvangi ef hann verður stækkaður til vesturs, nema það verði hluti af eldfjallagarði.

#### *Skilmálar hverfisverndar H-3*

- Stefnt er að friðlýsingu svæða undir hverfisvernd H-3 samkvæmt náttúruverndarlögum.

### H-4: Keilir og Höskuldarvellir

Keilir og Höskuldarvellir eru á náttúruminjaskrá en svæðið er eðlilegt framhald af Reykjanesfólkvangi til norðvesturs og gæti síðar meir orðið hluti hans ef sveitarfélagið verður aðili að honum. Stuðst er við sömu afmörkun og í náttúruminjaskrá en að auki er nærumhverfi Keilis sett undir hverfisvernd.

#### *Skilmálar hverfisverndar H-4*

- Óheimilt er að raska landslagi, jarðmyndunum og gróðri með námuvinnslu, vegagerð eða byggingum. Mögulegt er að veita undanþágur frá þessu með samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, m.a. vegna nýtingu jarðhita.

### H-5: Önnur svæði á náttúruminjaskrá og aðrar fornleifar

- Hvassahraunsgígar (Strokkamelur). Katlarnir og nánasta umhverfi þeirra. Svæðið er á náttúruminjaskrá.
- Þvottatjarnir og Brugghellir

### *Skilmálar hverfisverndar H-5*

- Stefnt er að friðlýsingu svæða undir hverfisvernd H5 samkvæmt náttúruverndarlögum.

### *2.3.6 Svæði undir náttúruvá*

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.18.1

*Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).*

### *Meginmarkmið*

- Í aðalskipulagi er stefnt að því að allir íbúar sveitarfélagsins búi við góð búsetuskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi, þ.m.t. vegna náttúruvár.
- Við hönnun mannvirkja verður tekið mið af reglugerðum og samþykktum stöðlum um jarðskjálftahönnun mannvirkja.
- Fylgst verður náið með sjóvarnargörðum í sveitarfélaginu og þeim viðhaldið þannig að þeir teljist fullnægjandi varnir gegn ágangi sjávar.
- Fylgst verður náið með öllum langtímabreytingum á sjávarstöðu og ráðstafanir gerðar í samræmi við þær.
- Við gerð deiliskipulags fyrir uppbyggingarsvæði skulu leiðbeiningar um skipulag á lágsvæðum<sup>4</sup> hafðar til hliðsjónar.
- Við staðarval nýrrar uppbyggingarsvæða þarf að hafa eftirfarandi þætti í huga vegna hættu á sjávarflóðum:
  - Sjávarborð fer hækkandi (óljóst hversu mikið)
  - Landsig er í sveitarfélaginu sem er lágrent með strönd (óljóst hversu mikið)
  - Landbrot vegna sjógangs er víða við Vatnsleysuströnd

Samkvæmt skilgreiningu í skipulagsreglugerð eru svæði undir náttúruvá svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari.

Í aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða

---

<sup>4</sup> Skipulag ríkisins (nú Skipulagsstofnun) og Fjarhitun, 1992



reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Gera skal grein fyrir núverandi og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna ofanflóða, sjávarflóða og vatnsflóða. Einnig skal gera grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðum undir náttúruvá ásamt nærliggjandi svæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Á strönd sveitarfélagsins er hætta fyrst og fremst talin stafa af sjávarflóðum, en minni hætta af jarðskjálftum og eldgosum. Áhrifa hækkunar sjávarborðs myndi fyrst gæta á lágsvæðum eins og í Vogum, á Vatnsleysuströnd og á ströndinni við Hvassahraun.

*Skv. samgönguáætlun 2007-2010 er gert ráð fyrir byggingu sjóvarnargarða á eftirtöldum stöðum í sveitarfélaginu:*

- Knarranes
- Brunnastaðahverfi
  - Halakot-Skjaldarkot
- Vogavík
  - Við fiskeldisstöð (40 m, 250 m<sup>3</sup>)
- Vogar
  - Hvammsgata (100 m, 1.500 m<sup>3</sup>)
  - Marargata, hækkun og styrking sjóvarna (50 m, 400 m<sup>3</sup>)
- Kálfatjörn
  - Golfvöllur og nágrenni (250 m, 3.700 m<sup>3</sup>)
- Norðurkot við Kálfatjörn
  - Menningarminjar, gamalt sjóhús (50 m, 500 m<sup>3</sup>)

Byggingu flestra þessara sjóvarnargarða var lokið sumarið 2008.

Sveitarfélagið Vogar gerir ráð fyrir að byggðir verði sjóvarnargarðar á eftirtöldum stöðum á skipulagstímabilinu:

- Eyrarkotsbakki
- Grænaborg
- Narfakot
- Stóra Knarranes

Við hönnun og byggingu sjóvarnargarða verði þess gætt að raska sem minnst fornminjum svo sem gömlum vörum.

### 2.3.7 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum.

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.21.1

*Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar og reglugerðar um neysluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun.*

*Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

Sjá upptalningu neðar í kafla.

#### Vatnsverndarsvæði

##### *Meginmarkmið*

- Skipulag vatnsverndarsvæða miðast jöfnum höndum við friðun núverandi vatnsbóla og enn fremur svæða þar sem vatnsból verða hugsanlega gerð á ótilteknum stöðum einhvern tíma í framtíðinni, auk úrkomu- og aðrennslisvæða þeirra.
- Að tryggja að ávallt sé til nægilegt vatn fyrir vatnsveitur í sveitarfélaginu og jafnvel til útflutnings.
- Að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og hægt er og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar.
- Vatnasvæðin hafa þann eiginleika að þau eru sameiginlegur vatnsgeymir í berggrunninum þar sem hægt er að ná í vatn mjög víða með borun, en þó ekki alls staðar. Vegna þessa er nauðsynlegt að viðhafa mjög víðtæka vernd á öllum svæðunum, t.d. hvað snertir meðferð og vörslu efna, almennar mengunarvarnir og kröfur um frárennsli.
- Stefnt skal að því að skrá öll vatnsból einkaveitna í sveitarfélaginu, og stuðla að því að frágangur þeirra ásamt verndarsvæðum verði í samræmi við heilbrigðis- og öryggiskröfur.
- Vatnsbólín sjálf eru í sérflokk, brunnsvæði, en auk þess er gert ráð fyrir verndarflokk grannsvæða og fjarsvæða.

Skipulag vatnsverndarsvæða miðast jöfnum höndum við friðun núverandi vatnsbóla og enn fremur vatnasvæða þar sem vatnsból verða gerð á ótilteknum stöðum einhvern tíma í framtíðinni. Fyrst og fremst er tilgangur vatnsverndar að

tryggja að ávallt sé til nægilegt vatn fyrir vatnsveitur í sveitarfélaginu. Jafnframt er stefnt að sem bestri og hagkvæmasti nýtingu vatns sem er umfram framangreindar þarfir í þágu fiskeldis og annars atvinnurekstrar.

Skipulag vatnsverndarsvæða er gert til þess að tryggja sem besta framtíðarnýtingu á þeirri auðlind sem grunnvatnið er í sveitarfélaginu og á öllu Reykjanesi. Aðstæður eru þannig á svæðinu að tiltölulega auðvelt er að koma verndun á mikilvægustu vatnasvæðin því að viðkomandi svæði eru lítið notuð til starfsemi sem samræmist ekki vatnsvernd.

Yfirborðsvatn finnst varla í sveitarfélaginu. Hins vegar er þar mikið og gott grunnvatn sem streymir til sjávar og á upptök sín í úrkomunni sem fellur á Reykjaneskagann.

#### Brunnsvæði (VB)

Vatnsból sveitarfélagsins er staðsett á svæði sunnan við þéttbýlið í Vogum, við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík (VB-1). Gert er ráð fyrir að vatnsból sveitarfélagsins verði staðsett við Vogavík á fyrri hluta skipulagstimabilsins en ekki er talið heppilegt að vatnsbólið sér þar til frambúðar. Ástæða þess er að það stafar mengunarhætta af Reykjanesbrautinni og er hún innan grannsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsbólið.

Vegna þessa er gert ráð fyrir að nýtt vatnsból fyrir sveitarfélagið verði staðsett sunnan Reykjanesbrautar, um 500 m frá mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Vogabrautar (VB-2). Gert er ráð fyrir að þetta vatnsból verði tekið í notkun á seinni hluta skipulagstimabilsins og þá verði vatnsból við Vogavík aflagt.

#### *Skilmálar*

- Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.
- Heilbrigðisnefnd getur krafist þess að svæðin skuli girt af mannheldri girðingu, sem er minnst 5 m frá vatnsbóli.

#### Grannsvæði (VG)

Grannsvæði vatnsverndar er skilgreint umhverfis brunnsvæði á þeim svæðum sem aðrennsli er talið vera að brunnsvæðum.

Grannsvæði er skilgreint umhverfis vatnsból í Vogavík það sem talið er vera aðrennslissvæði vatnsbólsins (VG-1). Gert er ráð fyrir að vatnsvernd á þessu grannsvæði verði aflétt á seinni hluta skipulagstimabilsins þegar brunnsvæði flyst suður fyrir Reykjanesbraut (sjá kafla að ofan um brunnsvæði).

Þá er grannsvæði skilgreint til suðurs út frá fyrirhuguðu brunnsvæði sunnan Reykjanesbrautar, sem gert er ráð fyrir að tekið verði í notkun á seinni hluta skipulagstimabilsins (VG-2). Ástæða þess að grannsvæði er skilgreint til suðurs er að skv. grunnvatnslíkani er aðrennslí að umræddu vatnsbóli úr suðri.

#### *Skilmálar*

- Á grannsvæði er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín eða skyld efni, vegsalt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og áburður (tilbúinn eða af öðru tagi), sorp og annar úrgangur. Auk þess efni sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, frístundahús eða þess háttar á grannsvæði.
- Veglagning og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

#### Fjarsvæði (VF)

Gert er ráð fyrir þremur undirflokkum fjarsvæða í aðalskipulaginu.

Munurinn á verndunarkröfum milli flokka er einkum fólgin í því að á mikilvægustu svæðunum eru gerðar miklu strangari kröfur um þá starfsemi sem nú er á svæðinu og um leyfi til hvers konar nýrrar starfsemi.

Skipting aðalskipulags í fjarsvæði vatnsverndar byggir á skiptingu svæðisskipulags Suðurnesja 1987-2007 fyrir vatnsverndarsvæði.

Til viðbótar við þau meginmarkmið sem fram koma hér að framan hefur verið tekið mið af eftirfarandi meginatriðum fyrir fjarsvæði vatnsverndar:

- a. Að varðveita eins mikið af vatnstökusvæðum og hægt og skynsamlegt er með tilliti til þróunar byggðar.
- b. Meginatriði eru gæði vatns og magn og hversu auðvelt er að ná því upp á yfirborðið. Auk þess skiptir nálægð við byggð miklu máli. Sumt vatn er ekki drykkjarhæft en hins vegar nothæft til fiskeldis og annars atvinnurekstrar.

- c. Vatnasvæðin hafa þann eiginleika að þau eru sameiginlegur vatnsgeymir í berggrunninum þar sem hægt er að ná í vatn mjög víða með borun en þó ekki alls staðar. Vegna þessa er nauðsynlegt að viðhafa mjög víðtæka vernd á öllum svæðunum, t.d. hvað snertir meðferð og vörslu efna, almennar mengunarvarnir og kröfur um frárennsli. Munurinn á verndunarkröfum er einkum fölginn í því að á mikilvægustu svæðunum eru gerðar miklu strangari kröfur um þá starfsemi sem nú er á svæðinu og um leyfi til hvers konar nýrrar starfsemi.

Grunnvatnið á öllum Reykjanesskaga utanverðum er sérstætt að því leyti að grunnvatnslagið flýtur á sjó í berginu og er tiltölulega þunnt. Ofdæling leiðir til uppdráttar sjávar og mengunar (söltunar) grunnvatnsins þannig að það getur orðið óneysluhæft á stórum svæðum í langan tíma. Nauðsynlegt er að settar verði reglur um vatnstöku til að koma í veg fyrir óþarfa spjöll á auðlindinni.

*Skipting fjarsvæða er eftirfarandi:*

*VF-1*

Svæðið nær yfir aðalvatnasvæðið þar sem vatn er bæði mest og best. Þetta svæði þarf ströngustu vernd án tímamarka. Á þessu svæði eru fá mannvirki og lítil starfsemi.

Þessi svæði eru sérstök bæði hvað snertir vatnssæld og vatnsgæði. Vatnsvinnsla hefur því forgang umfram aðra landnýtingu og þurfa þessi svæði því varanlega og ýtrustu vernd .

- Á þessu svæði er öll varsla og meðferð neysluvatnsspillandi efna bönnuð umfram óhjákvæmilega lágmarksnotkun vegna umferðar og annarrar leyfðrar starfsemi. Meðal skaðlegra efna eru t.d. olíur, bensín eða skyld efni, vegsalt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og áburður (tilbúinn eða af öðru tagi) og sorp og annar úrgangur. Gæta skal ýtrustu varúðar í meðferð þessara efna þar sem vitað er um sprungur eða misgengi. Óheimilt er að veita niður frárennsli frá hvers konar starfsemi heldur skal það ávallt tengt rotþró sem hægt sé að flytja brott til tæmingar.

### VF-2

Þessi flokkur tekur til svæða þar sem vatn er yfir seltumörkum fyrir neysluvatn (200 ppm klóríð) en er hins vegar mjög hentugt til fiskeldis og til sums iðnaðar. Þessi svæði þurfa að fá ákveðna vernd, t.d. gagnvart vörslu og meðferð skaðlegra efna, og gera þarf mengunar- og frárennsliskröfur til starfsemi á svæðinu.

- Á þessum svæðum er vatn sem er miður hæft til drykkjar vegna seltu (yfir 200 ppm klóríð), en nothæft til fiskeldis og sums annars atvinnurekstrar. Þessi svæði eru á afrennissvæði aðalvatnasvæðis (VF-1) og þarf því einkum að gæta þess að spilla ekki því vatni sem taka má á þessum svæðum.
- Á þessum svæðum er öll varsla og meðferð neysluvatnsspillandi efna (sjá VF-1) bönnuð umfram óhjákvæmilega notkun vegna umferðar og annarrar leyfðrar starfsemi. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal yfstrustu varúðar gætt í meðferð þeirra efna. Veittar verði undanþágur fyrir þá atvinnustarfsemi, þ.m.t. efnisnám, sem fyrir er á svæðunum að fullnægðum kröfum um frárennslis og mengunarvarnir. Ný starfsemi í fiskeldi, landbúnaði, efnisnámi og öðrum atvinnurekstri verði háð skilyrðum um meðferð efna, frárennslis o.fl. Öll nauðsynleg samgöngumannvirki séu heimil að fullnægðum skilyrðum um mengunarvarnir.

### VF-3

Að lokum er svo flokkur sem nær yfir fjallendi og aðrennissvæði og þarf ákveðna vernd.

Grunnvatn frá þessum svæðum streymir inn á vatnasvæði í flokkum VF-1 og VF-2 og þarf því viðeigandi vernd.

- Á þessu svæði er öll varsla og meðferð neysluvatnsspillandi efna (sjá VF-1) bönnuð umfram óhjákvæmilega notkun vegna umferðar og annarrar leyfðrar starfsemi. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi skal yfstrustu varúðar gætt í meðferð þeirra efna. Orkuver, leiðslur og lagnir frá þeim, vegir vegna þessara framkvæmda og tilheyrandi efnisnám séu heimil með yfstrustu kröfum um mengunarvarnir og frárennslis. Leyfa má efnisnám, enda sé gætt fyllstu varúðar og þess gætt að engin olía né bensín fari niður og frárennslis frá vinnuskúrum sé með fullnægjandi frágangi.

## Strandsvæði og tjarnarsvæði

### Meginmarkmið

- Stór hluti strandar sveitarfélagsins er á náttúruminjaskrá. Lífríki fjara er mjög fjölbreytt og fjöldi lífríkra tjarna með fjölbreyttu fuglalífi. Útivistargildi strandlengjunnar er ótvírætt mjög mikið. Sveitarfélagið Vogar vill því stefna að því að á skipulagstímabilinu verði sett skýr markmið um að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns.
- Skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.21.1 skal flokka strandsvæði í tvo flokka vegna varna gegn sjávarmengun.
  - Strandsvæði mikilvæg vegna nytja, lífríkis, jarðmyndana og útivistar.
  - Önnur strandsvæði

Þessi flokkun strandsvæða hófst árið 2005 en er ekki lokið. Stefnt er að því að henni ljúki á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

- Skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.21.2 skal flokka vatnasvæði í tvo flokka vegna varna gegn vatnsmengun.
  - Svæði sem hafa sérstaka þýðingu vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar.
  - Vötn, ár og lækir sem nýta má til afrennslis.

Þessi flokkun vatnasvæða hófst árið 2005 en er ekki lokið. Stefnt er að því að henni ljúki á fyrri hluta skipulagstímabilsins.

## **2.4 Samgöngur og veitur**

### *2.4.1 Samgöngur*

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.16.1

*Undir þennan flokk falla öll helstu samgöngumannvirki, s.s. vegir og götur, þ.m.t. brýr, mismæg gatnamót, göngubrýr, undirgöng og jarðgöng, göngu-, hjólréiða- og reiðstigar, flugvellir og flugbrautir, komustaðir farþegaferja, sporbundin umferð og önnur samgöngumannvirki.*

*Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Stofnvegir
  - Reykjanesbraut
  - Vogabraut að hluta
- Tengivegir
  - Vogabraut að hluta
  - Vatnleysustrandarvegur
- Aðrir vegir (aðeins til skýringar)
- Göngustígar
- Reiðstígar
- Hjólreiðastígar
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng
- Sporbundin umferð
  - Hraðlest ofan Reykjanesbrautar

#### *Meginmarkmið*

- Við skipulag umferðarkerfis sveitarfélagsins skal stefnt að lágmarkun mengunar, s.s. hávaðamengunar og loftmengunar, af völdum umferðar.
- Stefnt skal að hámarksöryggi allra vegfarenda með öruggum og greiðum samgönguleiðum fyrir akandi, gangandi, hjólandi og riðandi vegfarendur.
- Leitað verði bestu lausna við vegagerð og stuðlað að umferðar- og rekstraröryggi og samtenginu byggðar.
- Byggt verði upp göngu-, hjóla- og reiðstigakerfi sem miði að því að tengja byggðina innbyrðis, tengja byggðina við útivistarsvæði og við nágrennasveitarfélög.
- Við skipulag samgangna innan þéttbýlis hafi gangandi og hjólandi vegfarendur forgang ásamt almenningssvögnum.
- Efla skal vistvænar samgöngur og almenningssamgöngur eftir fremsta megni.
- Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum sveitarfélagið, á leið sinni frá höfuðborgarsvæðinu að Keflavíkurflugvelli.
- Leitast verði við að tryggja áfram gott útsýni frá Reykjanesbraut, bæði útsýni til sjávar og einkum þó til fjalla. Forðast ber að skipuleggja íbúða- eða athafnasvæði svo nærri brautinni að nauðsynlegt verði að byrgja útsýnið með einhvers konar hljóðmönnum. Þannig fái þeir sem aka frá Keflavíkurflugvelli strax notið sérstakrar fegurðar landsins, ásamt öðrum sem leið eiga um brautina.



### Gatnakerfi

Reykjanesbraut (41) liggur þvert í gegnum sveitarfélagið og er höfuðás vegakerfisins á Reykjanesi. Brautin tengir höfuðborgarsvæðið við Reykjanes og er flokkuð sem stofnvegur. Brautin liggur frá landamörkum við Hafnarfjörð að landamörkum við Reykjanesbæ og er um 18 km löng innan sveitarfélagsins.

Árið 2009 var lokið við tvöföldun þess hluta Reykjanesbrautar sem liggur innan sveitarfélagsins og er hún nú fjórar akreinar, tvær í hvora átt.

Fern mismæg gatnamót eru á Reykjanesbraut innan sveitarfélagsins. Þessi gatnamót tengja Reykjanesbraut við Vatnsleysustrandarveg, við Grindavíkurveg, við Vogabraut og við Hvassahraun. Göngu- og reiðleið mun liggja í undirgöngum undir Reykjanesbraut við Vogastapa og tengja þar með þéttbýlið í Vogum við svæði sunnan Reykjanesbrautar fyrir gangandi og ríðandi umferð.

Upphafskafli Grindavíkurvegar (43) er innan sveitarfélagsins Voga, frá mismægum gatnamótum við Reykjanesbraut og að landamörkum við Grindavík. Vegkaflinn er aðeins um 200 m.

Veghelgunarsvæði stofnbrauta er 30 m frá miðlínu vegar til beggja handa.

Vogabraut (421) er stofnvegur frá Reykjanesbraut að löndal en þaðan tengivegur að Vatnsleysustrandarvegi. Vatnsleysustrandarvegur (420) er tengivegur en saman mynda Vogabraut og Vatnsleysustrandarvegur hringleið með tengingu við tvenn mismæg gatnamót við Reykjanesbraut. Vogabraut er tenging inn í þéttbýlið í Vogum frá Reykjanesbraut og er um 1,5 km að lengd. Vatnsleysustrandarvegur tengir Vatnsleysuströndina við Reykjanesbraut vestan Kúagerðis, hann liggur meðfram ströndinni og tengist inn í þéttbýlið í Vogum. Lengd Vatnsleysustrandarvegs er um 11 km.

Helgunarsvæði Vogabrautar er 30 m til beggja hliða frá Reykjanesbraut að löndal en 15 m til beggja hliða frá löndal að Vatnsleysustrandarvegi. Helgunarsvæði allra tengivega er 15 m frá miðlínu vegar til beggja hliða.

Aðrir vegir sem eru sýndir á skipulagsuppdráttum eru aðeins til skýringar þar sem aðeins stofn- og tengivegir eru skipulagsskildir í aðalskipulagi

### Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur í Sveitarfélaginu Vogum eru mjög takmarkaðar. Sérleyfisbíll stoppar á Reykjanesbraut á leið sinni milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur ef einhverjir farþegar eru. Hægt er að biðja um að bíllinn komi í Voga með fyrirvara. Þá er gert ráð fyrir að biðskýli fyrir almennisvagna verði staðsett beggja vegna Reykjanesbrautar, í nánd við mismæg gatnamót við Vogabraut.

Nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja er tryggður daglegur akstur í samstarfi við FS og SSS en engar almenningssamgöngur eru innan sveitarfélagsins. Unnið er að úrbótum á almenningssamgöngum á Suðurnesjum.

### Hraðlest

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum sveitarfélagið, á leið sinni frá höfuðborgarsvæðinu að Keflavíkurflugvelli. Gert er ráð fyrir að stoppistöð fyrir hraðlestina verði við gatnamót Vogabrautar og Reykjanesbrautar, og mögulega við gatnamót Vatnleysustrandarvegur og Reykjanesbrautar.

Gert er ráð fyrir hraðlest í tillögu að aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2006-2021, í sömu legu og gert er ráð fyrir henni í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028. Ekki er gert ráð fyrir hraðlest í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025, sem er hitt sveitarfélagið sem gert er ráð fyrir að hraðlestin tengist á leið sinni í gegnum Sveitarfélagið Voga.

Ekki er gert ráð fyrir hraðlest sunnan Reykjanesbrautar í Samgönguáætlun 2007-2018.

### Stígar

Um sveitarfélagið hlykkist fjöldi fornra gönguleiða sem flestar eru þjóðleiðir, en í og umhverfis þéttbýlið í Vogum er mikið af göngustígum sem lagðir hafa verið á undanförunum árum. Stígarnir eru mikið notaðir af íbúum til útivistar.

Gert er ráð fyrir hjólreiðastíg frá gatnamótum Reykjanesbrautar og Grindarvíkurvegur og þaðan inn á Vogastapa. Gamli vegurinn á Vogastapa er að hluta skilgreindur sem hjólreiðastígur sem einnig nýtist sem göngustígur. Samsíða honum að hluta er reiðleið en göngu- og hjólreiðastígarnir tengjast inn í Reykjanesbæ. Gert er ráð fyrir að þessir stígar haldi áfram í gegnum eða framhjá þéttbýlinu í Vogum og áfram inn á stíga á Vatnleysuströnd. Gert er ráð fyrir að hjólreiðastígur haldi áfram meðfram Vatnleysustrandarvegi að Reykjanesbraut og meðfram henni að mislægum gatnamótum við Hvassahraun, og tengist þaðan inn í Hafnarfjörð.

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólreiðastíg meðfram Vogabraut sunnanverðri, frá þéttbýlinu og að mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut, til að bæta aðgengi yfir Reykjanesbraut og að fyrirhuguðum biðskýlum almenningssvagna við Reykjanesbraut.

Leitast verður við að nýta fornar leiðir um byggðina og milli byggðarlaga sem útivistarstíga, t.d. á Vogastapa og inn á Vatnleysuströnd. Þá er gert ráð fyrir að línuvegur meðfram Suðurnesjalínu verði notaður sem reiðstígur. Núverandi reiðstígur ofan byggðar í Vogum mun vera í notkun þar til íbúðarsvæði ÍB-5 mun

byggjast upp. Þegar að því kemur mun reiðstígurinn flytjast enn ofar og liggja um undirgögn undir Vogabraut og áfram inn á Vatnleysuströnd.

#### 2.4.2 Veitur

Skilgreining skv. skipulagsreglugerð, gr. 4.17.1

*Til veitna teljast stofn- og dreifikerfi veitna, s.s. vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu.*

#### *Skilgreind svæði á skipulagsuppdráttum*

- Vatnsveita
- Hitaveita
- Rafveita
- Fráveita
- Fjarskipti – Gagnaflutningar

#### *Meginmarkmið*

- Íbúar sveitarfélagsins skulu ávallt hafa greiðan aðgang að nægilegu neysluvatni í hæsta gæðaflokki.
- Stefnt er að því að koma hitaveitu og vatnsveitu að allri byggð á Vatnleysuströnd.
- Að veitukerfi sveitarfélagsins valdi sem minnstum skaða á lífríki og uppfylli ávallt ströngustu kröfur um vatnsgæði og almenn skilyrði mengunarvarnarreglugerðar.
- Orkunotkun í bæjarfélaginu valdi eins litlu álagi á náttúruna eins og kostur er.
- Uppbygging veitukerfa haldist í hendur við uppbyggingu nýrra byggingarsvæða.
- Að veitukerfi í nýjum hverfum verði þannig hannað að frárennli yfirborðsvatns og annars fráveituvatns verði aðskilið (tvöfalt kerfi).
- Endurbæta fráveitukerfið þannig að það anní fyrirhuguðum nýbyggingarsvæðum og annarri starfsemi sem tengist inn á kerfið í framtíðinni.
- Gera almennar úrbætur á fráveitukerfi til að tryggja íbúum hreinlegt umhverfi og fjörur.

- Mengun fráveituvatns verði haldið í lágmarki. Uppfylltar séu kröfur reglugerðar um fráveitur og skolp varðandi hreinsun á skolpi áður en því er veitt til sjávar.
- Stefnt er að því að íbúum verði, á hverjum tíma, gefinn kostur á hágæða fjarskiptakerfum.
- Gert er ráð fyrir að nýjar rafmagnslínur verði lagðar í jörð, þar sem því er við komið. Þar sem rafmagnslínur verða ofanjarðar (loftlínur) verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum eins og frekast er kostur.

### Vatnsveita

Vatnsból sveitarfélagsins er staðsett á svæði sunnan við þéttbýlið í Vogum, við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík. Gert er ráð fyrir að vatnsból sveitarfélagsins verði staðsett við Vogavík á fyrri hluta skipulagstímabilsins en ekki er talið heppilegt að vatnsbólið sér þar til frambúðar. Ástæða þess er að það stafar mengunarhætta af Reykjanesbrautinni og er hún innan grannsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsbólið.

Vegna þessa er gert ráð fyrir að nýtt vatnsból fyrir sveitarfélagið verði staðsett sunnan Reykjanesbrautar, um 500 m frá mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Vogabrautar. Gert er ráð fyrir að þetta vatnsból verði tekið í notkun á seinni hluta skipulagstímabilsins og þá verði vatnsból við Vogavík aflagt og grannsvæði vatnsverndar umhverfis það aflétt.

Gert er ráð fyrir að vatnsveita verði lögð að allri byggð á Vatnleysuströnd á skipulagstímabilinu.

### Hitaveita

Sveitarfélagið á hlut í Hitaveitu Suðurnesja sem sér íbúum þéttbýlisins fyrir heitu vatni. Hitaveitan sér um nýjar framkvæmdir, rekstur kerfisins og viðhald þess.

Gert er ráð fyrir að hitaveita verði lögð að allri byggð á Vatnleysuströnd á skipulagstímabilinu.

### Rafveita

Sveitarfélagið á hlut í Hitaveitu Suðurnesja sem sér íbúum sveitarfélagsins fyrir rafmagni. Hitaveitan sér um nýjar framkvæmdir, rekstur kerfisins og viðhald þess.

Gert er ráð fyrir að nýjar rafmagnslínur verði lagðar í jörð, þar sem því er við komið. Þar sem rafmagnslínur verða ofanjarðar (loftlínur) verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum eins og frekast er kostur. Við þverun jarðstrengja skal gera ráð fyrir gegnumrekstri, þar sem ekki verður heimilað að rjúfa vegina.

Í gegnum sveitarfélagið, sunnan Reykjanesbrautar, liggur 132 kV háspennulína í lofti og nefnist hún Suðurnesjalína. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að heimilt verði að byggja eina nýja 220 kV loftlínu samsíða núverandi loftlínu. Þá er gert ráð fyrir að núverandi loftlína verði tekin niður og í sama línustæði komi önnur 220 kV loftlína. Aðalskipulagið gerir því ráð fyrir tveimur 220 kV háspennulínum í lofti sunnan Reykjanesbrautar.

Þá er gert ráð fyrir 220 kV jarðstreng samsíða Reykjanesbraut sunnanverði. Jarðstrengurinn skal liggja utan veghelgunarsvæðis Reykjanesbrautar sem er 30 m frá miðlínu brautarinnar.

### Fráveita

Sveitarfélagið á og rekur fráveitumannvirki. Um er að ræða fráveitukerfi innan þéttbýlisins og útrásir þeim tengdar. Fráveitukerfið er einfalt, íbúaskolp og regnvatn blandast saman í fráveitunni og er leitt til sjávar. Einfalt hitaveitukerfi er í bænum og bakrásarvatni hitaveitunnar þannig veitt út í fráveituna. Viðtaki fráveitunnar, Vogavík, Stakksfjörður og Faxafloí, flokkast sem síður viðkvæmur viðtaki. Núverandi útrásir fráveitunnar eru fjórar og uppfylla ekki skilyrði reglugerðar um lengd og losunardýpi.

Stefnt er að því að endurbæta fráveitukerfið á fyrri hluta skipulagstímabilsins. Sú aðgerð felst helst í sameiningu útrása og lagningu safnræsa. Gert er ráð fyrir einni meginútrás norðan Hafnargötu. Þar er jafnframt gert ráð fyrir dæluhúsi fráveitu. Forhönnun vegna endurbóta fráveitu í Vogum hefur farið fram og verður unnið að endurbótum fráveitu í samræmi við hana.

### Fjarskipti – Gagnaflutningar (F)

Fjarskiptamastur vegna síma er staðsett vestan Vatnsleysustrandarveggar, skammt frá mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut.

## **2.5 Skipulagi frestað**

Á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags kemur fram að skipulagi er frestað (sbr. grein 4.23 í skipulagsreglugerð) á um 240 km<sup>2</sup> svæði syðst í sveitarfélaginu. Þau sveitarfélagsmörk sem Sveitarfélagið Vogar telur vera rétt eru dregin eftir upplýsingum á landabréfum eiganda jarða á Vatnleysuströnd.

Ástæða þess er óvissa um mörk milli Sveitarfélagsins Voga og Grindavíkur. Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020 sýnir landnotkun á umræddu 240 km<sup>2</sup> svæði sem Sveitarfélagið Vogar telur vera innan sinna marka. Í aðalskipulagi Grindavíkur eru mörk sögð vera óviss á umræddu svæði. Þar sem umrætt svæði

er sýnt á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags Grindavíkur er um skörun á sveitarfélagsmörkum að ræða milli sveitarfélagana. Vegna þess er ekki mögulegt annað en að fresta skipulagi á umræddu svæði, þar til leyst hefur verið úr deilum um mörk sveitarfélaganna.

Á sveitarfélagsupprætti koma fram sveitarfélagsmörk eins og þau eru í aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, til skýringar.

Allt svæðið þar sem skipulagi er frestað er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar, V3 (sjá kafla 2.3.7).

Hluti svæðisins er innan Reykjanesfólkvangs sem er friðlýstur síðan 1975 og er friðlýst svæði sýnt á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins. Sveitarfélagið Vogar er ekki aðili að Reykjanesfólkvangi þar sem mörk hans eru dregin eftir sveitarfélagsmörkum Sveitarfélagsins Voga og Grindavíkur, eins og þau voru talin rétt þegar friðlýsing tók gildi. Vegna óvissu um sveitarfélagsmörk milli sveitarfélagana er eftirfarandi málsgrein í friðlýsingartexta:

„Vafi er talinn leika á hver séu mörk Grindavíkurkaupstaðar (Grindavíkur) og Vatnsleysustrandarhrepps (Sveitarfélagsins Voga). Þegar úr þessum vafa hefur verið skorið með samkomulagi eða dómi verða mörk fólkvangsins færð til í samræmi við það“.

Þar sem ekki hefur verið útkljáð með mörk milli sveitarfélagana er hluti Reykjanesfólkvangs sýndur inn á sveitarfélagsupprætti Sveitarfélagsins Voga. Mörk Reykjanesfólkvangs eru sýnd eins og þau eru gefin út á stafrænu formi frá Umhverfisstofnun (UST).

Eftirfarandi reglur gilda um Reykjanesfólkvang:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stígar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga.  
Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stígar.
2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi (Umhverfisstofnunar) komi til.  
Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krísvík, og mannvirkjagerð í því sambandi, sbr. þó 29. gr. laga nr. 47/1971. Jafnframt verði ekki haggð

Þar eðlilegri nýtingu til búrekstrar, réttur til beitar er ekki skertur innan fólkvangsins og áskilinn er í Krísvík réttur til starfsemi í almannapágu (svo sem heilsuhæli, skólar, gistihús o. þ. u. l.).

Skipulegur námurekstur, sem rekinn er innan fólkvangsins þegar auglýsing þessi verður birt í Stjórnartíðindum, má þó haldast, enda sé umgengni í samræmi við 18. gr. laga nr. 47/197.

### 3 Umhverfisskýrsla

#### 3.1 Umhverfismat aðalskipulags

Aðalskipulagsáætlun er matskyld skv. lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana. Meginmarkmið lagana er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að sjálfbærri þróun.

Megintilgangur þessarar umhverfisskýrslu aðalskipulags er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd aðalskipulags er líkleg til að hafa á umhverfi og segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Tilgangur umhverfisskýrslu er að greina frá því á hvaða hátt tillit hefur verið tekið til líklegra umhverfisáhrifa við mótnun aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028.

##### 3.1.1 Aðferðafræði

Matið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat aðalskipulags er ekki farið í sérstakar rannsóknir heldur verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfisins. Frekari upplýsingaöflun og umhverfismati er vísað til deiliskipulags og/eða umhverfismats framkvæmda, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

##### 3.1.2 Kynning og samráð

Í tengslum við gerð aðalskipulags hefur verið haft samráð við viðeigandi stofnanir og lögbundið samráð verður haft við Skipulagsstofnun vegna áherslna og umfangs umhverfismatsins. Í tengslum við umhverfismatsvinnu er ætlast til að samráðsleiðir séu nýttar til hlítar til að mikilvæg sjónarmið og upplýsingar komi fram.

*Helstu samráðsaðilar:*

- Skipulagsstofnun
  - Lögbundinn umsagnaraðili við gerð aðalskipulags og umhverfismats áætlana.
- Umhverfisstofnun
  - Lögbundin umsagnaraðili við gerð aðalskipulags og umhverfismats áætlana
- Aðliggjandi sveitarfélög



- Lögbundnir umsagnaraðilar við gerð aðalskipulags og umhverfismats áætlana, vegna skipulags á mörkum sveitarfélaga og þar sem stefna getur haft áhrif út fyrir sveitarfélagamörk.

*Aðrir samráðsaðilar:*

- Fornleifavernd ríkisins
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja
- Siglingastofnun Íslands
- Iðnaðarráðuneytið
- Vegagerðin
- Kirkjugarðaráð
- Almennigur og landeigendur
- Landsnet
- Stjórn Reykjanesfólkvangs
- Skógrækt ríkisins

### *3.1.3 Umhverfispættir*

Umhverfispættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulags þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi.

Farið var yfir og metið hvaða þættir í umhverfinu gætu möguleg orðið fyrir áhrifum vegna stefnu aðalskipulagsins og umhverfispættir valdir út frá því mati.

Í umhverfismati aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga voru eftirtaldir umhverfispættir hafðir til viðmiðunar<sup>5</sup>:

- Hagrænir- og félagslegir þættir
  - Efnahagur og atvinnulíf
  - Félagslegt umhverfi
    - Samfélagsþjónusta

---

<sup>5</sup> Umhverfispættir hafa breyst litillega frá matslýsingu vegna frekari þekkingar á skipulagssvæðinu.

- Tómstundir
    - Verslun og þjónusta
  - Íbúapróun og íbúasamsetning
  - Samgöngur
- Náttúrufarslegir þættir
  - Vatn
    - Grunnvatn
  - Land
    - Jarðmyndanir
    - Jarðhitasvæði
  - Vistkerfi
    - Gróður og dýr
- Heilsa og öryggi
  - Mengun
    - Hljóðmengun
    - Lofmengun
  - Náttúruvá
  - Samfélagsöryggi
- Náttúru- og menningarminjar
  - Náttúruverndarsvæði
  - Fornminjar
  - Hverfisvernd
- Landslag og sjónræn áhrif
  - Náttúrulegt landslag
  - Menningarlandslag

### 3.1.4 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem aðalskipulagstillagan hefur í för með sér.

Í umhverfisskýrslu aðalskipulags voru eftirfarandi umhverfisviðmið lögð til grundvallar:

- Meginmarkmið í tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028.
- Svæðisskipulag Suðurnesja 1987-2007 (óstaðfest).
  - Sérstaklega hvað varðar meginmarkmið aðalskipulagsins.
- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997.
  - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
  - Sérstaklega m.t.t. markmiða reglugerðarinnar.
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
  - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.
  - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna.
- Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- Lög um landgræðslu nr. 17/1965.
  - Sérstaklega m.t.t. tilgangs laganna um að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs ásamt því að græða upp eydd og vangróin lönd.
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999.
  - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna og ákvæða sem varða náttúruverndarsvæði.
- Þjóðminjalög nr. 107/2001.
  - Sérstaklega m.t.t. markmiða laganna um að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og ákvæða um verndun fornminja.
- Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa.
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi sem sett eru fram í venslatöflum:

- (+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.
  - Stefna aðalskipulagsins styður viðmið viðkomandi umhverfispáttar.
- (0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.
  - Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
- (-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.
  - Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispáttar.
- (Ú) Áhrif fara eftir útfærslu.
  - Áhrif stefnu aðalskipulagsins á viðkomandi umhverfispátt er háð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður útfærð nánar í deiliskipulagi og / eða framkvæmd.

### 3.2 Umhverfismat

Í umhverfismati aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga er fjallað um megin stefnumörkun aðalskipulagsins eins og hún er sett fram í drögum að aðalskipulagi. Auk þess er fjallað um umhverfisáhrif mismunandi valkosta eftir því sem við á í hverju tilfalli / landnotkunarflokk, sér í lagi þegar líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum.

*Meginmarkmið aðalskipulags:*

Sveitarfélagið Vogar er vistvænt sveitarfélag sem leggur áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig. Sjálfbær þróun verði leiðarljós við skipulag og framkvæmdir svo kynslóðir framtíðarinnar fá notið alls þess sem við höfum nú og gott betur.

Með skipulagstillögu þessari er stefnt að því að í Sveitarfélaginu Vogum þróist:

- Fjölskylduvænt samfélag þar sem íbúum líður vel í sátt hver við annan og umhverfið.
- Samfélag þar sem íbúar vinni sameiginlega að eigin velferð, farsæld barna sinna og komandi kynslóða.
- Fjölbreytt mannlíf þar sem stuðlað er að samábyrgð og náungakærleika ásamt margvíslegum tækifærum til hollra athafna og útiveru, jafnt fyrir unga sem aldna.
- Góð og fjölbreytt þjónusta þar sem fólk á val og hefur áhrif.
- Samfélag þar sem uppeldi og menntun nýtur forgangs, enda mannauður dýrmætasta stoð samfélagsins.
- Fjölbreytt atvinnulíf þar sem hugmyndaauðgi og framtak fólks nýtur sín ásamt því að stutt er við frumkvæði og nýsköpun.
- Aðlaðandi, heilsusamlegt og vel skipulagt umhverfi með:
  - Aðgengilegri og óspilltri náttúru, þannig að allir íbúar hafi náttúruleg útivistarsvæði í göngufæri og að auki víðáttumikil svæði fyrir almenning.
  - Ríkri sögu, skráðum og merktum fornminjum sem jafnt heimamenn sem og gestir njóti góðs af.
  - Ómenguðu landi, lofti og sjó.

Lagt var mat á hvaða stefna og þættir í aðalskipulaginu gætu orðið fyrir umhverfisáhrifum og hvaða valkostir aðrir koma til greina. Bornir eru saman valkostir eftir því sem við á í hverju tilfalli, sér í lagi þegar líkur eru á verulegum umhverfisáhrifum.

Tveir þætti sem gert var ráð fyrir að meta með tilliti til umhverfisáhrifa í matsskýrslu féllu út við gerð umhverfisskýrslu þar sem ekki þóttu verulegar líkur á umhverfisáhrifum vegna þeirra við nánari athugun. Um er að ræða framtíðarþróum golfvallar við Kálfatjörn annarsvegar og hinsvegar framtíðarþróun hesthúsabyggðar sunnan eða norðan þéttbýlis.

Þá er í öllum tilfellum borin saman fyrirhuguð áhrif aðalskipulagsins á skipulagstímabilinu við líklega þróun umhverfis án framfylgdar þess, „núll kost“. „Núll kostur“ felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins.

Hér í kjölfarið er farið yfir þá þætti aðalskipulagsins sem urðu fyrir valinu og fjallað um möguleg umhverfisáhrif hvers þáttar auk valkosta í hverju tilfalli. Umhverfismatið felur í sér greiningu á líklegum umhverfisáhrifum af völdum aðalskipulagsins í ljósi þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um núverandi ástand og mat á vægi aðalskipulagsins. Framsetning er í formi texta og venslatafla. Þegar ekki er um annað getið er talið að áhrif á umhverfisþátt séu óveruleg.

### *3.2.1 Iðnaðarsvæði við Flekkuvík*

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Iðnaðarsvæði við Flekkuvík
- Núll kostur, núverandi ástand

Gert er ráð fyrir um 100 ha svæði fyrir iðnaðarstarfsemi á jörð Flekkuvíkur, norðan Vatnleysustrandarveggar á Vatnleysuströnd. Mögulegt er að starfsemi verði á svæðinu sem nýti sér nálægð við fyrirhugaða stórskipahöfn við Flekkuvík, t.d. stóriðja eða hafnsækinn starfsemi.

Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir álíka stóru iðnaðarsvæði fyrir stóriðju á öðrum stað innan sveitarfélagsins og því eru aðeins bornir saman þeir kostir að gera ráð fyrir iðnaðarsvæði eða halda núverandi ástandi, þ.e. óraskað land í Flekkuvík.

### *Hagrænir- og félagslegir þættir*

Talið er að fyrirhugað iðnaðarsvæði hafi fremur jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Uppbygging stóriðju í sveitarfélaginu hefur jákvæð áhrif á efnahag sveitarfélagsins og íbúa þess í formi tekna sem fylgja slíkri uppbyggingu. Gera má ráð fyrir að slík uppbygging kalli á fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, en þó er óljóst hvort slík fjölgun verði mikil þar sem stutt er í stórann atvinnumarkað á höfuðborgarsvæðinu. Þó má ljóst vera að atvinnumöguleikar munu aukast fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Mögulegt er að fyrirhugað iðnaðarsvæði geti að einhverju marki einnig haft neikvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf og þá sér í lagi ferðatengda atvinnustarfsemi. Slík starfsemi gæti sótt í sig veðrið í sveitarfélaginu með þerri

verndun sem verið er að setja á búsetuminjar á ströndinni en líklegt er að starfsemi stóriðju vinni gegn slíkri ferðaþjónustustarsemi.

Gera má ráð fyrir að jákvæð áhrif verði á félagslega þætti þar sem slík uppbygging mun líklega kalla á aukna þjónustu á öllum stigum í sveitarfélaginu. Mögulegt er að áhrif á samgöngur verði neikvæð þar sem stóriðja getur haft í för með sér mikla aukningu á þungaumferð innan sveitarfélagsins. Það er þó ekki ljóst og fer í raun eftir útfærslu svæðisins og hvers konar iðnaðarstarfsemi kemur til með að vera þar.

Ef ekki kemur til uppbyggingar stóriðju munu áhrif á efnahag og atvinnulíf vera neikvæð þar sem skortur er á atvinnutækifærum innan sveitarfélagsins. Að öðru leyti eru áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti talin óveruleg.

#### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhugað iðnaðarsvæði mun líklega hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti.

Áhrif á land eru talin óveruleg þar sem fyrirhugað svæði er á fremur einsleitu hrauni sem ekki er frábrugðið öðrum svæðum á Vatnleysuströnd.

Dýralíf er að öllum líkindum takmarkað á svæðinu nema út við ströndina þar sem fuglalíf er líflegt. Iðnaðarsvæði nær ekki að strönd og er a.m.k. 200 m frá strönd, nema þar sem það tengist fyrirhuguðu hafnarsvæði. Þá er svæðið fremur gróðursnautt og gróður ekki frábrugðin gróðri á öðrum svæðum á Vatnleysuströnd. Þrátt fyrir það eru áhrif á vistkerfi talin vera óveruleg eða neikvæð vegna stærðar þess svæðisins og vegna mögulegra áhrifa sem verða út fyrir svæðið, m.a. á strandsvæðið.

Fyrirhugað iðnaðarsvæði er ekki á vatnsverndarsvæði og eru áhrif á vatn talin óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

#### Heilsa og öryggi

Gera má ráð fyrir að áhrif iðnaðarsvæðis á heilsu- og öryggi muni vera óveruleg eða neikvæð.

Áhrif vegna mengunar eru talin veruleg þar sem flest stóriðja er talin auka útblástur gróðurhúsalofttegunda. Áhrifin eru bæði staðbundin í grennd við iðnaðarsvæðið en einnig hnattræn þar sem útblástur gróðurhúsalofttegunda er vandamál sem verið er að reyna að stemma stigum við á heimsvísu.

Ekki er talið að hljóðmengun verði veruleg þar sem iðnaðarsvæðið er hvergi í grennd við íbúðarsvæði eða aðra byggð.

Áhrif á náttúruvá eru óveruleg og ekki er talið að áhrif verði vegna sjávarflóða þrátt fyrir að umrætt svæði sé nærri strönd. Þess ber þó að geta að landsig er mælanlegt á svæðinu og hækkun sjávarborðs stöðugt, en umrætt svæði er það hátt í landi að ekki er talið að þessara áhrifa gæti svo verulegt sé.

Áhrif á samfélagsöryggi eru talin óveruleg en gætu verið þau helst að stóriðja kalli á aukna umferð um Vatnleysustrandarveg og Reykjanesbraut. Þar sem þungaflutningar muni að öllum líkum fara fram sjóleiðis í gegnum fyrirhugaða stórskipahöfn við iðnaðarsvæðið er ekki talið að umferð muni aukast það mikið að það kallist veruleg umhverfisáhrif.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

#### Náttúru- og menningarminjar

Þar sem fyrirhugað iðnaðarsvæði er ekki á svæði sem er á náttúruminjaskrá, friðlýst eða undir hverfisvernd mætti ætla að fyrirhugað iðnaðarsvæði hafi óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar. Þess ber að geta að skv. svæðisskráningu menningarminja fyrir sveitarfélagið eru 79 minjar í landi Flekkuvíkur. Í svæðisskráningu eru minjar ekki staðsettar en fyrirhugað er að aðalskráning fari fram fyrir allt sveitarfélagið innan 7 ára. Í þeirri skráningu eru minjar staðsettar og þá verður frekar ljóst hversu mikið af minjum og hversu merkar minjar eru staðsettar á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði. Það verður því að teljast að áhrif iðnaðarsvæðis á náttúru- og menningarminjar séu óljós og fari eftir útfærslu.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

#### Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis stóriðju eru talin fara eftir útfærslu í deiliskipulagi eða framkvæmd. Umrætt svæði er töluvert langt frá mikilli samgönguæð, Reykjanesbraut, en þrátt fyrir það er það fremur sýnilegt þar sem land er nokkuð flatt á þessum slóðum.

Svæðið er mikið til ósnortið, með náttúrulegu yfirbragði og víðfeðmt. Fjölbreytileiki landslags er aftur á móti lítil, andstæður á svæðinu eru litlar og sérstaða landsins lítil frá umhverfi þess. Áhrif á náttúrulegt landslag eru því óveruleg eða neikvæð.

Áhrif iðnaðarsvæðis á menningarlandslag eru talin óveruleg eða neikvæð. Sögulegt gildi svæðisins er lítið umfram nágrenni þess en mikið er um skráðar minjar sem ætla má að hafi menningarsögulegt gildi.



Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

### Samantekt

Fyrirhugað iðnaðarsvæði er í samræmi við meginmarkmið aðalskipulags og meginmarkmið fyrir landnotkun á skilgreindum iðnaðarsvæðum.

Ef tekin eru saman möguleg umhverfisáhrif sem fyrirhugað iðnaðarsvæði stóriðju hefði í för með sér má gera ráð fyrir að áhrifin verði neikvæð heilsu- og öryggi vegna mengunar, og mögulega á samgöngur vegna aukningar á þungaumferð í tengslum við uppbyggingu iðnaðarsvæðis. Neikvæð áhrif eru möguleg á vistkerfi og einnig á landslag og sjónræn áhrif vegna uppbyggingar á óbyggðu svæði í Flekkuvík.

Jákvæð áhrif eru á hagræna og félagslega þætti vegna aukinna atvinnutækifæra og mögulegt er að jákvæð áhrif verði á íbúapróun vegna aukinna atvinnutækifæra.

Mögulegt er að fyrirhugað iðnaðarsvæði geti að einhverju marki einnig haft neikvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf og þá sér í lagi ferðatengda atvinnustarfsemi sem fer ekki vel saman með starfsemi stóriðju.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg fyrir utan að áhrif á hagræna- og félagslega þætti eru talin vera neikvæð.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Iðnaðarsvæði við Flekkuvík</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	+/-	-
	Félagslegt umhverfi	+	0
	Íbúapróun og íbúasamsetning	Ú/+	0
	Samgöngur	0/-	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0
	Land	0	0
	Vistkerfi	0/-	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	-	0
	Náttúruvá	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0

<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0
	Fornminjar	Ú	0
	Hverfisvernd	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0/-/Ú	0
	Menningarlandslag	0/-	0

### 3.2.2 Rannsóknarborholur (iðnaðarsvæði) á Trölladyngjusvæði

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Iðnaðarsvæði (rannsóknarborholur) á Trölladyngjusvæði
- Núll kostur, núverandi ástand

Trölladyngjusvæðið er hluti af Krisuvíkursvæðinu sem er rannsóknarsvæði Hitaveitu Suðurnesja vegna mögulegrar nýtingu jarðhita. Þegar hafa verið boraðar tvær rannsóknarholur á svæðinu, önnur er staðsett austan Oddafells og hin sunnan við Sog (sem er ekki sýnd á sveitafélagsuppdrætti, þar sem skipulagi er frestað á svæðinu vegna óvissu um sveitarfélagsmörk).

Fyrirhugað er að bora tvær rannsóknarholur til viðbótar á svæðinu, aðra á núverandi borsvæði austan Oddafells en hin verður staðsett við gömlu tilraunaborholuna við Jónsbrennur, sunnan Eldborgar. Markmið með borun tilraunahola er að fá frekari upplýsingar um nýtingarmöguleika jarðhita á svæðinu. Ef niðurstöður þessara borana verða jákvæðar, ásamt borunum á svæðum í grenndinni (innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur og Hafnarfjarðar), verður væntanlega hægt að skipuleggja mögulega jarðhitanytingu Trölladyngjusvæðisins. Að svo stöddu er ekki gert ráð fyrir öðru en þremur svæðum fyrir rannsóknarholur innan sveitarfélagsins Voga.

Svæðið flokkast sem fjarsvæði vatnsverndar (V3), sem takmarkar vörslu og notkun neysluvatnsspillandi efna umfram það sem nauðsynlegt er vegna leyfðrar starfsemi. Tryggja skal að öll efni sem hugsanlega geta valdið mengun grunnvatns verði meðhöndluð með sérstakri varúð.

Bornir eru saman þeir kostir að gera ráð fyrir iðnaðarsvæði vegna rannsóknarborhola eða núverandi ástand, núll kostur.

Fyrirhugaðar rannsóknarholur hafa verið tilkynntar til Skipulagsstofnunar og er hvorug þeirra matskyld m.t.t. umhverfisáhrifa skv. úrskurði Skipulagsstofnunar

### Hagræni- og félagslegir þættir

Ekki er talið að fyrirhugaðar rannsóknarborholur hafi veruleg áhrif á hagræna og félagslega þætti að svo stöddu. Aðeins er um að ræða rannsóknarholur og er alls óvíst hvort borun þeirra leiði til þess að virkjað verði á svæðinu, og ef svo færi í hvaða sveitarfélagi sú virkjun yrði.

Áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti eru talin óveruleg.

### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhugaðar rannsóknarholur mun líklega hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti. Svæðið þar sem rannsóknarholurnar eru staðsettar er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar en fara skal eftir þeim skilmálum sem um slík svæði gilda í þessu aðalskipulagi.

Borholur af þessu tagi eru það djúpar að þær fara niður fyrir grunnvatnsstrauma og því er gert ráð fyrir að áhrif á grunnvatn verði óveruleg. Gert er ráð fyrir að mengun vegna borunar verði lítil sem engin en tryggt skal að öll efni sem geta haft áhrif á mengun grunnvatns verði meðhöndluð með sérstakri varúð.

Ekki er um að ræða sérstakar jarðmyndanir á svæðinu og ekki er talið að borun rannsóknarhola hafi veruleg áhrif á jarðhitasvæðið í heild sinni.

Áhrif á vistkerfi eru talin óveruleg þar sem önnur holan er staðsett á gömlu borplani en hin við gamla tilraunaborholu, á svæði sem þegar er raskað vegna gjallnáms. Þá er til staðar vegur að svæðunum þannig að ekki þarf að raska landi vegna vegagerðar að fyrirhuguðum borsvæðum.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

### Heilsa og öryggi

Gera má ráð fyrir að áhrif rannsóknarborhola á heilsu- og öryggi muni vera óveruleg. Svæðin eru fjarri byggð og alfaraleið og því eru áhrif vegna hljóð- og loftmengunar óveruleg á framkvæmdatíma og til frambúðar.

Áhrif vegna náttúruvár eru ekki til staðar og áhrif á samfélagsöryggi eru óveruleg á meðan aðeins er um að ræða rannsóknarholur.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

### Náttúru- og menningarminjar

Fyrirhugaðar rannsóknarholur eru á svæði sem er á náttúruminjaskrá og svæðið er einnig skilgreint sem hverfisverndarsvæði H4; Keilir og Höskuldavellir. Ástæða þess er að um er að ræða mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi en úr gígnum er Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólkvangs og er svæði á náttúruminjaskrá í raun framhald af fólkvangnum.

Eins og getið er um í skilmálum um svæði á náttúruminjaskrá skal fara varlega í allar framkvæmdir og eru allar framkvæmdir háðar umsögn Umhverfisstofnunar þar sem minnsta hættu er á röskun náttúruminja.

Í skilmálum hverfisverndar fyrir svæði H4 er undanþága vegna nýtingar jarðhita en í skilmálum fyrir hverfisverndarsvæði H4 segir:

*Óheimilt er að raska landslagi, jarðmyndunum og gróðri með námuvinnslu, vegagerð eða byggingum. Mögulegt er að veita undanþágur frá þessu með samþykki umhverfis- og skipulagsnefndar og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, m.a. vegna nýtingu jarðhita.*

Þar sem um er að ræða framkvæmdir á svæði sem er á náttúruminjaskrá er talið að umhverfisáhrif verði óveruleg eða neikvæð, þrátt fyrir að farið verði eftir þeim skilmálum sem um svæðið gilda.

Engar fornminjar eru á umræddu svæði og eru áhrif á forminjar því óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

### Landslag og sjónræn áhrif

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif fyrirhugaðra rannsóknarborhola eru talin vera óveruleg. Annað svæðið er þegar notað sem borsvæði og hitt er þegar raskað þannig að áhrif á landslag eru talin vera óveruleg. Sjónræn áhrif eru einnig talin vera óveruleg þar sem svæðið er úr alfarleið og er því ásýnd ekki talin breytast til muna.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

### Samantekt

Áhrif fyrirhugaðra rannsóknarhola er talin hafa óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti að undanskildum áhrifum vegna framkvæmda á náttúrverndarsvæði, sem mögulegt er að verði neikvæð.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfispætti eru talin óveruleg.

<i>Umhverfispættir</i>	<i>Umhverfispættir, undirflokkar</i>	<i>Iðnaðarsvæði á Trölladyngjusvæði</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	0	0
	Félagslegt umhverfi	0	0
	Íbúapróun og íbúasamsetning	0	0
	Samgöngur	0	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0
	Land	0	0
	Vistkerfi	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0
	Náttúruvá	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0/-	0
	Fornminjar	0	0
	Hverfisvernd	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0	0
	Menningarlandslag	0	0

### 3.2.3 Háspennulínur

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Háspennulínur í lofti, samsíða núverandi Suðurlandslínu
- Háspennulínur í jörð, samsíða Reykjanesbraut
- Núll kostur, núverandi ástand

Gert er ráð fyrir að nýjar rafmagnslínur verði lagðar í jörð, þar sem því er við komið. Þar sem rafmagnslínur verða ofanjarðar (loftlínur) verði leitast við að draga úr sjónrænum áhrifum eins og frekast er kostur.

### Hagrænir- og félagslegir þættir

Uppbygging háspennulína hvort sem er í formi jarðstrengja eða loftlína mun hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf. Gera má ráð fyrir auknum umsvifum á framkvæmdatíma en áhrifin eru einnig jákvæð eftir að framkvæmdatíma líkur. Uppbygging háspennulína mun vera til komin vegna uppbyggingu stóriðju innan sama atvinnusvæðis og því má gera ráð fyrir auknum atvinnutækifærum fyrir íbúa sveitarfélagsins til framtíðar. Mögulegt er að áhrifin verði jákvæð á íbúapróun og stuðli að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti eru talin óveruleg eða neikvæð. Mögulegt er að áhrif verði neikvæð á efnahag og atvinnulíf vegna skorts á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu. Skortur á atvinnutækifærum gæti leitt til neikvæðra áhrifa á íbúapróun þar sem íbúapróun tengist atvinnumöguleikum í sveitarfélaginu, eða á atvinnusvæðinu sem nær frá höfuðborgarsvæðinu og um allt Reykjanes.

### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhugað lagnastæði loftlínu er staðsett meðfram núverandi háspennulínu (Suðurnesjalínu) og er náttúrufari þannig háttað að meginhluti svæðisins er hraun sem er þakið mosapemu, og lyngi að einhverju leyti.

Fyrirhugað lagnastæði jarðstrengs er meðfram Reykjanesbraut, á þegar röskuðu svæði vegna vegafframkvæmda.

Meðal áhrifa á náttúrufarslega þætti eru áhrif á grunnvatn þar sem fyrirhuguð lega háspennulína (í lofti og í jörð) er innan svæða sem eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði. Svæðið er allt innan skilgreinds fjarsvæðis vatnsverndar og á kafla eru línustæðin innan grannsvæðis vatnsverndar.

Í skilmálum fyrir fjarsvæði vatnsverndar segir m.a. að gæta skuli varúðar í meðferð spillandi efna og að óheimilt er að veita niður frárennsli frá hvers konar starfsemi. Ekki er talið að háspennulína í lofti hafi áhrif á grunnvatn til frambúðar og heldur ekki á framkvæmdatíma, verði farið að öllu með gát við meðferð spilliefna á framkvæmdartíma. Áhrif háspennulínu í jörð er heldur ekki talin hafa áhrif á grunnvatn þar sem gert er ráð fyrir að strengurinn liggja það grunnt að hann hafi ekki áhrif á grunnvatn eða grunnvatnsstöðu. Þá eru áhrif á framkvæmdatíma talin óveruleg verði farið að öllu með gát við meðferð spilliefna.

Áhrif háspennulínu í lofti á jarðmyndanir eða gróður eru talin vera óveruleg þar sem fylgt er þegar röskuðum svæðum meðfram núverandi háspennulínu. Vanda

verður val á staðsetningu mastra til að koma í veg fyrir röskun á jarðmyndunum og gróðri. Gert er ráð fyrir að nýttur verði núverandi þjónustuvegur meðfram Suðurnesjalínu.

Áhrif háspennulínu í jörð á jarðmyndanir eða gróður eru talin vera óveruleg þar sem gert er ráð fyrir að strengurinn muni liggja á þegar röskuðu svæði meðfram Reykjanesbraut. Til að koma streng fyrir þarf að raska svæði sem er 5-10 m á breidd þar sem leggja þarf burðarhæfan slóða meðfram strengnum. Þar sem lagnastæðið er á þegar röskuðu landi eru áhrif á jarðmyndanir talin vera óveruleg.

Áhrif háspennulína, í jörð eða í lofti, á loftgæði eru talin vera óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

### Heilsa og öryggi

Gera má ráð fyrir að áhrif háspennulína (í lofti og í jörð) á heilsu- og öryggi muni vera óveruleg. Líklegt er að samfélagsöryggi aukist þar sem tvöfalt háspennukerfi mun koma í stað einfaldrar Suðurnesjalínu í dag.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

### Náttúru- og menningarminjar

Fyrirhugað lagnastæði háspennulínu í lofti er innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og svæðið er einnig skilgreint sem hverfisverndarsvæði H3; *Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár*. Ástæða þess er að um er að ræða framtíðar útivistarsvæði með gróskumiklum gróðri í og við Snorrastaðatjarnir og gróðursælum skógarreitum undir Háabjalla og í Sólbrekkum. Þá er svæðið mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprunga með fjölbreyttum gróðri og er kjörið útivistarsvæði

Eins og getið er um í skilmálum um svæði á náttúruminjaskrá skal fara varlega í allar framkvæmdir og eru allar framkvæmdir háðar umsögn Umhverfisstofnunar þar sem minnsta hættu er á röskun náttúruminja.

Í skilmálum hverfisverndar fyrir svæði H3 er stefnt á friðlýsingu svæðisins skv. náttúruverndarlögum.

Þar sem um er að ræða framkvæmdir á svæði sem er á náttúruminjaskrá og stefnt að friðlýsingu þess með hverfisvernd er talið að umhverfisáhrif verði neikvæð. Þess ber þó að geta að um er að ræða sama lagnastæði og núverandi Suðurnesjalína liggur um og er það í jaðri þess svæðis sem friðlýsa á. Lagnastæðið fer því ekki um Hrafnagjá en er á um 1 km kafla innan skilgreinds náttúruverndarsvæðis.

Engar þekktar fornminjar eru á umræddu svæði og eru áhrif á fornminjar því óveruleg.

Áhrif jarðstrengs á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg þar sem strengsleiðin fer ekki um svæði sem falla undir náttúruvernd eða hverfisvernd.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

#### Landslag og sjónræn áhrif

Áhrif á landslag og sjónræn áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu í lofti eru talin neikvæð. Þrátt fyrir að um sé að ræða sama lagnastæði og núverandi Suðurnesjalína mun sjónræn áhrif á náttúrulegt landslag aukast þar sem ný möstur bætast við og verða þau að öllum líkindum mun hærri möstur en núverandi möstur, eða allt að 30 m að hæð, og því sýnilegri í landslagi.

Háspennulína í jörð mun hafa minni sjónræn áhrif þar sem valin er leið sem þegar er röskuð og þjónustuvegur til staðar að mestu leyti. Áhrif háspennulínu í jörð eru því talin óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

#### Samantekt

Háspennulína í lofti er talin hafa veruleg áhrif á náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði ásamt því að sjónræn áhrif á náttúrulegt landslag eru talin veruleg. Jákvæð áhrif gætu orðið á efnahag og atvinnulíf og einnig á íbúapróun í sveitarfélaginu.

Háspennulína í jörð eru talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf og einnig á íbúapróun í sveitarfélaginu.

Áhrif háspennulína á aðra umhverfispætti eru talin vera óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfispætti eru talin óveruleg en gætu þó verið neikvæð á efnahag og atvinnulíf ásamt íbúðapróun.

<i>Umhverfispættir</i>	<i>Umhverfispættir, undirflokkar</i>	<i>Í jörð</i>	<i>Í lofti</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	0/+	0/+	0/-
	Félagslegt umhverfi	0	0	0
	Íbúapróun og íbúasamsetning	0/+	0/+	0/-
	Samgöngur	0	0	0



<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0	0
	Land	0	0	0
	Vistkerfi	0	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0	0
	Náttúruvá	0	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0/-	0
	Fornminjar	0	0	0
	Hverfisvernd	0	0/-	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0	-	0
	Menningarlandslag	0	0	0

### 3.2.4 Athafnasvæði við mislæg gatnamót

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Athafnasvæði norðan við mislæg gatnamót
- Athafnasvæði sunnan við mislæg gatnamót
- Núll kostur, núverandi ástand

Í tillögu að aðalskipulagi er gert ráð fyrir athafnasvæðum norðan tveggja mislægra gatnamóta Reykjanesbrautar og Vogabrautar annarsvegar og Reykjanesbrautar og Vatnleysustrandarvegar hinsvegar. Svæðin erum samtals um 40 ha og gert er ráð fyrir að þar byggist upp starfsemi sem hentar vel í nánd við mislæg gatnamót þjóðvega. Slik starfsemi gæti m.a. verið bílaumboð, heildverslanir eða vörugeymslur.

### Hagrænir- og félagslegir þættir

Uppbygging athafnasvæða mun hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu. Gera má ráð fyrir auknum atvinnutækifærum í sveitarfélaginu og einnig er líklegt að áhrifin verði jákvæð á íbúapróun og stuðli mögulega að fjölgun íbúa í sveitarfélaginu.

Áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti eru talin óveruleg eða neikvæð. Mögulegt er að áhrif verði neikvæð á efnahag og atvinnulíf vegna skorts á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu. Það gæti leitt til neikvæðra áhrifa á íbúapróun þar sem hún tengist atvinnumöguleikum í sveitarfélaginu, eða á atvinnusvæðinu sem nær frá höfuðborgarsvæðinu og um allt Reykjanes.

### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhuguð athafnasvæði munu líklega hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti.

Náttúrufar er álíka á báðum svæðunum þar sem fyrirhuguð athafnasvæði eru staðsett, og einnig á svæðunum sunnan Reykjanesbrautar. Um er að ræða hraun sem er þakið mosapemu að mestu og lyngi að einhverju leyti.

Meðal áhrifa á náttúrufarslega þætti eru áhrif á grunnvatn. Áhrifin eru möguleg á svæðum sunnan mislægra gatnamóta á Vatnsleysuheiði, þar sem svæðið er innan svæðis sem er skilgreint sem vatnsverndarsvæði, fjarsvæði.

Í skilmálum fyrir fjarsvæði vatnsverndar segir m.a. að gæta skuli varúðar í meðferð spillandi efna og að óheimilt er að veita niður frárennsli frá hvers konar starfsemi. Ekki er talið að athafnasvæði innan vatnsverndarsvæðis hafi áhrif á grunnvatn þar sem ekki er heimilt skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 að hafa þar atvinnustarfsemi þar sem hætta er á mengun.

Áhrif á vistkerfi og land eru talin óveruleg á báðum svæðum þar sem fyrirhuguð svæði eru á fremur gróðursnauðu hrauni sem ekki er frábrugðið öðrum svæðum í dreifbýli sveitarfélagsins.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

### Heilsa og öryggi

Gera má ráð fyrir að áhrif athafnasvæða á heilsu- og öryggi muni vera óveruleg. Mengun á ekki að fylgja athafnasvæðum að neinu marki þar sem ekki er heimilt skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 að hafa þar atvinnustarfsemi þar sem hætta er á mengun.

Veruleg áhrif vegna náttúruvár og samfélagöryggis verða ekki vegna fyrirhugaðra athafnasvæða.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

### Náttúru- og menningarminjar

Þar sem fyrirhuguð athafnasvæði er ekki á svæðum sem eru á náttúruminjasrá, friðlýst eða undir hverfisvernd er talið að áhrif á náttúru- og menningarminjar verði óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

### Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif fyrirhugaðra athafnasvæða norðan Reykjanesbrautar eru talin vera óveruleg. Ásýnd að svæðunum er helst frá Reykjanesbraut og þaðan er sýn til norðurs (til hafs) að þegar byggðum svæðum að nokkru marki. Uppbygging athafnasvæða norðan Reykjanesbrautar mun því ekki hafa veruleg sjónræn áhrif umfram það sem fyrir er.

Sjónræn áhrif fyrirhugaðra athafnasvæða sunnan Reykjanesbrautar geta aftur á móti orðið nokkur þar sem sýn frá Reykjanesbraut til suðurs er að mestu um ósnortið náttúrulegt landslag. Talið er að sjónræn áhrif fari eftir útfærslu á athafnasvæðum sunnan Reykjanesbrautar í deiliskipulagi eða framkvæmd.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

### Samantekt

Áhrif uppbyggingar athafnasvæða mun hafa jákvæð áhrif á efnahag, atvinnulíf og íbúapróun þar sem gera má ráð fyrir auknum atvinnutækifærum í sveitarfélaginu.

Áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti eru talin óveruleg eða mögulega neikvæð sökum skorts á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu.

Fyrirhuguð athafnasvæði munu hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti þar sem náttúrufar á svæðunum er ekki frábrugðið því sem er á svæðum umhverfis.

Gera má ráð fyrir að áhrif athafnasvæða á heilsu- og öryggi muni vera óveruleg, sem og áhrif á náttúru- og menningarminjar.

Sjónræn áhrif fyrirhugaðra athafnasvæða norðan Reykjanesbrautar eru talin vera óveruleg en fara eftir útfærslu sunnan Reykjanesbrautar þar sem sýn til suðurs frá Reykjanesbraut er um náttúrulegt landslag.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg en gætu þó verið neikvæð á efnahag og atvinnulíf ásamt íbúapróun, vegna skorts á atvinnutækifærum í sveitarfélaginu.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Norðan gatnamóta</i>	<i>Sunnan gatnamóta</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	+	+	-
	Félagslegt umhverfi	0	0	0
	Íbúapróun og íbúasamsetning	0/+	0/+	0/-
	Samgöngur	0	0	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0	0
	Land	0	0	0
	Vistkerfi	0	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0	0
	Náttúruvá	0	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0	0
	Fornminjar	0	0	0
	Hverfisvernd	0	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0	-/Ú	0
	Menningarlandslag	0	0	0

### 3.2.5 Hafnarsvæði við Flekkuvík

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Hafnarsvæði við Flekkuvík
- Núll kostur, núverandi ástand

Í tillögu að aðalskipulagi er gert er ráð fyrir stórskipahöfn við Flekkuvík. Höfnin kemur til með að þjónusta fyrirhugað iðnaðarsvæði við Flekkuvík ásamt þeirri starfsemi í sveitarfélaginu og á Suðurnesjum öllum sem þarfnast slíkrar hafnar.

#### Hagrænir- og félagslegir þættir

Talið er að fyrirhugað stórskipahöfn við Flekkuvík hafi jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Uppbygging stórskipahafnar í sveitarfélaginu getur haft jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf sveitarfélagsins, en uppbygging hafnar er háð uppbyggingu stóriðju á iðnaðarsvæði í landi Flekkuvíkur. Bygging stórskipahafnar

yrði í tengslum við uppbyggingu stóriðju en sveitarfélagið hefur tæpast bolmagn til að standa eitt undir uppbyggingu slíkrar stórskipahafnar.

EKKI er víst að uppbygging stórskipahafnar hafi mikil áhrif á íbúapróun í sveitarfélaginu. Þess ber þó að geta að ef af byggingu stórskipahafnar verður mun stóriðja að öllum líkindum byggjast upp í Flekkuvík sem myndi skapa fjölmörg störf fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Gera má ráð fyrir að jákvæð áhrif verði á félagslega þætti þar sem uppbygging stórskipahafnar mun mögulega kalla á aukna þjónustu af ýmsum toga í sveitarfélaginu.

Mögulegt er að áhrif á samgöngur verð neikvæð þar sem stórskipahöfn getur haft í för með sér einhverja aukningu á þungaumferð að og frá höfninni. Þó er ekki ljóst hversu mikið höfnin mun þjóna annarri starfsemi en fyrirhugaðri stóriðju, sem staðsett verður steinsnar frá höfninni.

Ef ekki kemur til uppbyggingar stórskipahafnar munu áhrif á efnahag og atvinnulíf líklega vera óveruleg eða fara eftir útfærslu. Ef ekki kemur til uppbyggingar gæti það haft áhrif á atvinnutækifæri innan sveitarfélagsins, en eins og áður hefur komið fram er uppbygging stórskipahafnar nátengd uppbyggingu stóriðju í Flekkuvík. Önnur áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti eru talin óveruleg.

#### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhugað stórskipahöfn mun líklega hafa óveruleg eða neikvæð áhrif á náttúrufarslega þætti.

Þrátt fyrir að fyrirhugað hafnarsvæði sé á hrauni sem ekki er frábrugðið öðrum strandsvæðum á Vatnleysuströnd geta möguleg neikvæð áhrif á land verið vegna áhrifa sem uppbygging stórskipahafnar hefur á sjávarbotn á hafnarsvæðinu.

Uppbygging hafnar hefur einnig mögulega neikvæð áhrif á lífríki á landi og í sjó á hafnarsvæðinu. Uppbygging hafnar mun að einhverju leiti raska vistkerfum og lífríki á ströndinni og á sjávarbotni út frá ströndinni.

Áhrif á aðra náttúrufarslega þætti eru einnig talin vera óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

#### Heilsa og öryggi

Gera má ráð fyrir að áhrif stórskipahafnar á heilsu- og öryggi muni vera óveruleg.

Stórskipahöfn mun ekki hafa staðbundin áhrif á loftgæði. Þess ber þó að geta að aukin skipaumferð mun þó hafa áhrif á heildar útblástur gróðurhúsalofttegunda, en það er vandamál sem verið er að reyna að stemma stigu við á alheimsvísu.

Áhrif á náttúruvá eru óveruleg og ekki er talið að áhrif verði vegna sjávarflóða þar sem gert er ráð fyrir að höfn verði byggð skv. stöðlum sem um slík mannvirki gilda.

Áhrif á aðra umhverfisþætti undir heilsu og öryggi eru talin vera óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

### Náttúru- og menningarminjar

Þar sem fyrirhugað hafnarsvæði er ekki á svæði sem er á náttúruminjaskrá, friðlýst eða undir hverfisvernd mætti ætla að fyrirhugað iðnaðarsvæði hafi óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar. Þess ber að geta að skv. svæðisskráningu menningarminja fyrir sveitarfélagið eru 79 minjar í landi Flekkuvíkur. Í svæðisskráningu eru minjar ekki staðsettar en fyrirhugað er að aðalskráning fari fram fyrir allt sveitarfélagið innan 7 ára. Í þeirri skráningu eru minjar staðsettar og þá er frekar ljóst hversu mikið af minjum og hversu merkar minjar eru staðsettar á fyrirhuguðu hafnarsvæði.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

### Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif fyrirhugaðrar hafnar eru talin vera óveruleg þar sem umrætt svæði er töluvert langt úr almannaleið og ekki vel sýnilegt.

Áhrif á náttúrulegt landslag geta verið neikvæð þar sem hafnarsvæðið er staðsett þar sem nú er svo til ósnortin strandlengja.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

### Samantekt

Ef tekin eru saman möguleg umhverfisáhrif sem fyrirhuguð höfn við Flekkuvík hefur þá eru áhrif á efnahag og atvinnulíf líklega jákvæð, ásamt áhrifum á félagslega þætti vegna mögulegrar aukinnar þjónustu í sveitarfélaginu. Mögulegt er að áhrif á samgöngur verði neikvæð þar sem stórskipahöfn getur haft í för með sér einhverja aukningu á þungaumferð að og frá höfninni. Þá eru áhrif á náttúrfarslega þætti mögulega neikvæð vegna áhrifa á land og vistkerfi við

ströndina og út frá henni. Áhrif á náttúrulegt landslag eru einnig talin gera verið neikvæð þar sem standlínan er svo til ósnortin.

Áhrif stórskiphafnar á aðra umhverfisþætti eru talin vera óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg en gætu þó verið neikvæð á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Hafnarsvæði við Flekkuvík</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	0/+	0/-
	Félagslegt umhverfi	0/+	0
	Íbúáþróun og íbúasamsetning	0	0
	Samgöngur	0/-	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0
	Land	0/-	0
	Vistkerfi	-	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0
	Náttúruvá	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0
	Fornminjar	0	0
	Hverfisvernd	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0/-	0
	Menningarlandslag	0	0

### 3.2.6 Efnistökusvæði

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Efnistökusvæði við Afstapahraun
- Efnistökusvæði við Oddafell
- Efnistökusvæði við Eldborg
- Núll kostur, núverandi ástand

Stórt efnistökusvæði hefur verið til margra ára í jaðri Afstapahrauns og gerir skipulagið ráð fyrir að efnistaka verði þar áfram. Stærð svæðisins er um 20 ha en ekki er gert ráð fyrir að svæðið stækki umfram það svæði sem þegar er raskað. Frekari efnistaka verður innan raskaðs svæðis.

#### Hagrænir- og félagslegir þættir

Ekki er talið að efnistökusvæði í sveitarfélaginu hafi veruleg áhrif á hagræna- eða félagslega þætti, fyrir utan jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir landeiganda efnistökusvæðanna. Neikvæð áhrif eru möguleg á atvinnulíf tengt ferðaþjónustu í sveitarfélaginu þar sem ósnortin svæði sunnan Reykjanesbrautar verða ekki eins eftirsóknarverð fyrir ferðamenn.

Áhrif núverandi ástands á hagræna- og félagslega þætti eru talin óveruleg.

#### Náttúrufarslegir þættir

Öll þau efnistökusvæði sem borin eru saman eru á svæðum sem skilgreind eru sem fjarsvæði vatnsverndar.

Í skilmálum fyrir fjarsvæði vatnsverndar segir m.a. að gæta skuli varúðar í meðferð spillandi efna og að óheimilt er að veita niður frárennsli frá hvers konar starfsemi. Ekki er talið að efnistökusvæði innan vatnsverndarsvæðis hafi áhrif á grunnvatn þar sem efnistaka telst ekki mengandi starfsemi og efnistaka nær ekki niður í grunnvatn.

Áhrif á jarðmyndanir eru veruleg í öllum tilfellum og þá sér í lagi við Eldborg þar sem um merkar jarðmyndanir er þar að ræða, þó svo að þeim hafi að nokkru leyti verið spilt vegna efnistöku í gegnum tíðina.

Önnur áhrif efnistökusvæða á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg fyrir utan veruleg áhrif á jarðmyndanir.

#### Heilsa og öryggi

Áhrif allra efnistökusvæða á heilsu- og öryggi eru talin óveruleg þar sem ekki er talið að efnistakan hafi í för með sér mengandi áhrif, áhrif á samfélagsöryggi eða áhrif vegna náttúruvár.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.



### Náttúru- og menningarminjar

Valkostir efnistöku við Oddafell og Eldborg eru á svæði sem er á náttúruminjasrá og svæðið er einnig skilgreint sem hverfisverndarsvæði H4; Keilir og Höskuldavellir. Ástæða þess er að um er að ræða mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi en úr gígunum er Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólkvangs og er svæði á náttúruminjasrá og í raun framhald af fólkvangnum.

Eins og getið er um í skilmálum um svæði á náttúruminjasrá skal fara varlega í allar framkvæmdir og eru allar framkvæmdir háðar umsögn Umhverfisstofnunar þar sem minnsta hættu er á röskun náttúruminja.

Í skilmálum hverfisverndar fyrir svæði H4 segir m.a.:

*Óheimilt er að raska landslagi, jarðmyndunum og gróðri með námuvinnslu, vegagerð eða byggingum.*

Þar sem um er að ræða efnistöku á svæði sem er á náttúruminjasrá og einnig undir hverfisvernd er talið að umhverfisáhrif verði veruleg á svæðum við Eldborg og Oddafell.

Engar fornminjar eru á umræddu svæði og eru áhrif á fornminjar því óveruleg.

Áhrif efnistöku við Afstapahraun á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg þar sem svæðið er ekki á náttúruminjasrá eða undir hverfisvernd og ekki eru á svæðinu þekktar fornminjar.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

### Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif allra þriggja valkosta efnistöku eru talin vera veruleg. Svæðið við Afstapahraun er í nánd við Reykjanesbraut en núverandi efnistaka þar er fremur áberandi og sýnileg frá brautinni. Oddafell og Eldborg eru fjarri samgöngumannvirkjum en eru á og við áhugaverð útivistarsvæði. Ljóst er að efnistaka þar getur því haft veruleg sjónræn áhrif.

Áhrif á náttúrulegt landslag eru veruleg við Oddafell og Eldborg, en þó hefur landslagi þegar verið raskað við Eldborg vegna efnistöku í gegnum tíðina. Áhrif á náttúrulegt landslag eru óveruleg við Afstapahraun þar sem skilgreint efnistökusvæði fer ekki út fyrir það námusvæði sem þegar hefur verið raskað.

Áhrif efnistöku á menningarlandslag eru óveruleg.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin veruleg, sér í lagi á náttúrulegt landslag.

### Samantekt

Ef tekin eru saman umhverfisáhrif sem möguleg efnistökusvæði hafa þá eru áhrif á efnahag og atvinnulíf óveruleg, fyrir utan jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir landeiganda efnistökusvæðanna og neikvæð áhrif á atvinnulíf tengt ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

Áhrif á náttúrufarslega þætti eru óveruleg fyrir svæðin fyrir utan að efnistaka á öllum svæðunum eru talin hafa verulega áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif allra efnistökusvæða á heilsu- og öryggi eru talin óveruleg.

Við Eldborg og Oddafell er um að ræða efnistöku á svæði sem er á náttúruminjasrá og einnig undir hverfisvernd er talið að umhverfisáhrif á náttúru- og menningarminjar verði veruleg á svæðunum.

Áhrif efnistöku við Afstapahraun á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

Sjónræn áhrif allra þriggja valkosta efnistöku eru talin vera veruleg.

Áhrif á náttúrulegt landslag eru veruleg við Oddafell og Eldborg. en áhrifin eru talin óveruleg við Afstapahraun þar sem skilgreint efnistökusvæði fer ekki út fyrir það námusvæði sem þegar hefur verið raskað.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg, fyrir utan veruleg sjónræn áhrif og áhrif á náttúrulegt landslag.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Efnistaka, Afstapahraun</i>	<i>Efnistaka, Oddafell</i>	<i>Efnistaka, Eldborg</i>	<i>Null kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	+/-	+/-	+/-	0
	Félagslegt umhverfi	0	0	0	0
	Íbúápróun og íbúasamsetning	0	0	0	0
	Samgöngur	0	0	0	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0	0	0
	Land	-	-	-	0
	Vistkerfi	0	0	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0	0	0

	Náttúruvá	0	0	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndar-svæði	0	-	-	0
	Fornminjar	0	0	0	0
	Hverfisvernd	0	-	-	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	-	-	-	-
	Menningarlandslag	0	0	0	0

### 3.2.7 Ný íbúðarsvæði

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum
- Ný íbúðarsvæði á Vatnleysuströnd
- Núll kostur, núverandi ástand

Ný íbúðarsvæði í aðalskipulaginu eru um 56 ha en fyrir er íbúðarbyggð á um 34 ha lands í þéttbýlinu í Vogum. Á þessum 56 ha lands er gert ráð fyrir um 900-1.000 íbúðum og að í þeim búi um 2.400-2.800 íbúar.

Þá er gert ráð fyrir um 17 ha svæði í landi Þórustaða og Norðurkots þar sem gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun, íbúðarsvæði og opnum svæðum til sérstaka nota.

Það er stefna aðalskipulagsins að byggja frekar upp þéttbýliskjarnann í Vogum, en að uppbygging íbúðarsvæða utan hans verði takmörkuð.

Valkostir sem bornir eru saman er annarsvegar frekari uppbygging í og við þéttbýliskjarnann í Vogum og hinsvegar uppbygging íbúðarbyggðar á Vatnleysuströnd, án þess að hún sé staðsett sérstaklega. Þá er núverandi ástand einnig notað sem valkostur.

### Hagrænir- og félagslegir þættir

Uppbygging íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli mun hafa jákvæð áhrif á hagræna þætti í sveitarfélaginu. Efnahagur sveitarfélagsins styrkist með fjölgun

Íbúa en áhrif á atvinnulíf eru óljós þar sem óvissa er um fjölgun atvinnutækifæra innan sveitarfélagsins. Mikill hluti þeirra íbúa sem flust hafa til sveitarfélagsins undanfarin ár stunda atvinnu í öðrum sveitarfélögum en atvinnusvæði sveitarfélagsins nær frá höfuðborgarsvæðinu og vestur allt Reykjanesið.

Nokkur óvissa er um hvaða áhrif uppbygging íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd mun hafa á efnahag sveitarfélagsins og telja má að það fari nokkuð eftir fjölda íbúðarsvæða, útfærslu þeirra og staðsetningu. Það getur verið þungur baggi fyrir sveitarfélagið að þurfa að halda úti þjónustu við íbúðarsvæði á mörgum stöðum innan sveitarfélagsins, og hætt er við að nýir byggðarkjarnar valdi því að uppbygging í núverandi þéttbýli staðni.

Uppbygging íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli mun hafa jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi þar sem betri grundvöllur verður fyrir aukinni þjónustu með stærri og sterkari þéttbýliskjarna.

Ekki er líklegt að uppbygging íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd hafi mikil áhrif á félagslega þætti þar sem óvist er hvort þeir íbúar muni sækja alla þjónustu innan sveitarfélagsins. Þetta verður þó að teljast nokkuð óljóst og mun fara eftir fjölda íbúðarsvæða, útfærslu þeirra og staðsetningu.

Uppbygging íbúðarsvæða í sveitarfélaginu mun hafa jákvæð áhrif á íbúapróun innan sveitarfélagsins. Nokkur óvissa er um áhrif á íbúasamsetningu þar sem íbúasamsetning er nátengd þeirri þjónustu og atvinnutækifærum sem í boði eru innan sveitarfélagsins.

Áhrif uppbyggingar íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli verða óveruleg þar sem núverandi samgöngumannvirki og þau sem í byggingu eru fullnægja þeirri fjölgun sem gert er ráð fyrir í og við núverandi þéttbýli.

Uppbygging íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur þar sem slík uppbygging myndi líklega hafa í för með sér enduruppbyggingu og breikkun Vatnsleysustrandarveggar. Aftur á móti myndu áhrifin vera neikvæð ef enduruppbygging Vatnsleysustrandarveggar myndi ekki fylgja uppbyggingu íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd, þar sem núverandi vegur mun ekki anna mikilli aukningu á umferð.

Áhrif núverandi ástands á hagræna þætti eru talin neikvæð þar sem tekjur sveitarfélagsins myndu ekki aukast mikið umfram það sem nú er. Þá eru áhrif á félagslega þætti einnig neikvæða þar sem stöðnun myndi líklega verða í þeirri þjónustu sem í boði er innan sveitarfélagsins. Áhrif á íbúapróun yrðu neikvæð en áhrif á samgöngur óveruleg.

### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhuguð íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum munu líklega hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti.

Svæðin eru ekki á vatnsverndarsvæðum, ekki er um sérstakar jarðmyndanir að ræða og gróðurfar er ekki frábrugðið því sem er á öðrum svæðum í grenndinni.

Óvissa er með hvaða áhrif byggð á Vatnsleysuströnd muni hafa á náttúrufarslega þætti þar sem svæðin voru ekki staðsett í þessum samanburði.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

### Heilsa og öryggi

Gera má ráð fyrir að áhrif íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli muni hafa óveruleg áhrif á heilsu- og öryggi. Áhrif á náttúruvá verða óveruleg þar sem í deiliskipulagi íbúðarsvæða nærri strönd hefur verið farið eftir skilmálum sem gilda skulu um byggð á lágsvæðum.

Áhrif byggðar á Vatnsleysuströnd mun að mestu hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi en óvissa verður að teljast með áhrif á náttúruvá. Ástæða þess er að mælanlegt landsig er á Vatnsleysuströnd og munu áhrifin því fara eftir staðsetningu og útfærslu byggðar.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

### Náttúru- og menningarminjar

Þar sem fyrirhuguð íbúðarsvæði í og við núverandi þéttbýli eru ekki á svæðum sem eru á náttúruminjasrá, friðlýst eða undir hverfisvernd er talið að fyrirhuguð byggð hafi óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar.

Óvissa er með hvaða áhrif byggð á Vatnsleysuströnd muni hafa á náttúru- og menningarminjar þar sem svæðin voru ekki staðsett í þessum samanburði.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

### Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif fyrirhugaðra íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli eru talin vera óveruleg þar sem þau eru við þegar byggð svæði og því eru sjónræn áhrif ekki veruleg umfram það sem fyrir er.

Sjónræn áhrif fyrirhugaðrar byggðar á Vatnsleysuströnd eru óljós þar sem svæðin voru ekki staðsett í þessum samanburði. Talið er að sjónræn áhrif fari eftir útfærslu á íbúðarsvæðum í deiliskipulagi eða framkvæmd.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

### Samantekt

Uppbygging íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli mun hafa jákvæð áhrif á hagræna þætti í sveitarfélaginu, en gert er ráð fyrir að efnahagur sveitarfélagsins styrkist með fjölgun íbúa. Nokkur óvissa er um hvaða áhrif uppbygging íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd muni hafa á efnahag sveitarfélagsins og telja má að það fari nokkuð eftir fjölda íbúðarsvæða, útfærslu þeirra og staðsetningu.

Uppbygging íbúðarsvæða í og við núverandi þéttbýli mun hafa jákvæð áhrif á félagslegt umhverfi þar sem betri grundvöllur verður fyrir aukinni þjónustu með stærri og sterkari þéttbýliskjarna. Ekki er líklegt að uppbygging íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd hafi mikil áhrif á félagslega þætti þar sem óvíst er hvort þeir íbúar muni sækja alla þjónustu innan sveitarfélagsins.

Uppbygging íbúðarsvæða í sveitarfélaginu mun hafa jákvæð áhrif á íbúapróun og innan sveitarfélagsins, en nokkur óvissa er um áhrif á íbúasamsetningu.

Uppbygging íbúðarsvæða á Vatnsleysuströnd mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur ef slík uppbygging myndi hafa í för með sér enduruppbyggingu og breikkun Vatnsleysustrandarvegjar. Áhrif byggðar í og við núverandi þéttbýli mun ekki hafa verulega á áhrif samgöngur.

Fyrirhuguð íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum munu líklega hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti, heilsu og öryggi, náttúru- og menningarminjar og landslag og sjónræn áhrif.

Óvissa er með hvaða áhrif byggð á Vatnsleysuströnd muni hafa á náttúrufarslega þætti, heilsu og öryggi, náttúru- og menningarminjar og landslag og sjónræn áhrif þar sem svæðin voru ekki staðsett í þessum samanburði.

Áhrif núverandi ástands á flesta umhverfisþætti eru talin óveruleg en verða líklega neikvæð á efnahag, félagslegt umhverfi og íbúapróun.

<i>Umhverfispættir</i>	<i>Umhverfispættir, undirflokkar</i>	<i>Íbúðarsvæði við þéttbýli</i>	<i>Íbúðarsvæði á Vatnl. str.</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	+	Ú	-
	Félagslegt umhverfi	+	0/Ú	-
	Íbúaþróun og íbúasamsetning	+/?	+/?	-
	Samgöngur	0	+/-/Ú	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	Ú	0
	Land	0/-	Ú	0
	Vistkerfi	0	Ú	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0	0
	Náttúruvá	0	Ú	0
	Samfélagsöryggi	0	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	-	0
	Fornminjar	0	Ú	0
	Hverfisvernd	0	-	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0/-	0/-	0
	Menningarlandslag	0	-	0

### 3.2.8 Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, ofan Reykjanesbrautar
- Núll kostur, núverandi ástand

Vatnsból sveitarfélagsins er staðsett á svæði sunnan við þéttbýlið í Vogum, við lóðarmörk fiskeldisstöðvar í Vogavík (VB-1). Gert er ráð fyrir að vatnsból sveitarfélagsins verði staðsett við Vogavík á fyrri hluta skipulagstímabilsins en ekki er talið heppilegt að vatnsbólið sé þar til frambúðar. Ástæða þess er að það stafar mengunarhætta af Reykjanesbrautinni og er hún innan grannsvæðis vatnsverndar fyrir vatnsbólið.

Vegna þessa er gert ráð fyrir að nýtt vatnsból fyrir sveitarfélagið verði staðsett sunnan Reykjanesbrautar, um 500 m frá mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Vogabrautar (VB-2). Gert er ráð fyrir að þetta vatnsból verði

tekið í notkun á seinni hluta skipulagstímabilsins og þá verði vatnsból við Vogavík aflagt.

#### Hagrænir- og félagslegir þættir

Ekki er talið að núverandi ástand eða nýtt vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, sunnan Reykjanesbrautar hafi áhrif á hagræna- eða félagslega þætti, fyrir utan jákvæð félagsleg áhrif þar sem vatnsöflun fyrir íbúa er hluti af þeirri þjónustu sem tryggja þarf íbúum.

#### Náttúrufarslegir þættir

Ekki er talið að nýtt vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, sunnan Reykjanesbrautar hafi áhrif á náttúrufarslega þætti, fyrir utan áhrif á grunnvatn.

Brunnsvæði ofan Reykjanesbrautar hefur jákvæð áhrif á grunnvatn þar sem mengunarhætta á grannsvæðum sem er til staðar við núverandi ástand, en verður ekki til staðar með staðsetningu brunnsvæðis ofan Reykjanesbrautar.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg fyrir utan áhrif á grunnvatn, þar sem Reykjanesbraut innan grannsvæðis vatnsbólsins, sem er óheppilegt. Ef mengunarslys verður á Reykjanesbraut innan grannsvæðis vatnsbólsins er ljóst að vatnsbólið er í stórhættu og því eru áhrif á grunnvatns veruleg.

#### Heilsa og öryggi

Talið er að núverandi brunnsvæði hafi neikvæð umhverfisáhrif á mengun af sömu ástæðum og eru nefndar hér að ofan, þ.e. vegna mögulegra mengunaráhrifa á grunnvatn.

Núverandi ástand hefur jákvæð samfélagsleg áhrif þar sem vatnsöflun er nauðsynleg hverju sveitarfélagi.

Brunnsvæði ofan Reykjanesbrautar hefur einnig jákvæð samfélagsleg áhrif og einnig jákvæð áhrif á mengun vegna minnkandi mengunarhættu samanborið við núverandi ástand.

#### Náttúru- og menningarminjar

Talið er að núverandi brunnsvæði hafi óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar þar sem umrætt svæði er ekki á náttúruminjasrá, friðlýst eða undir hverfisvernd.



Brunnsvæði ofan Reykjanesbrautar er á svæði sem er á náttúruminjaskrá: Hrafnagjá, Snorrastaðatjarnir og Háibjalli.

Gróskumikill gróður er í og við Snorrastaðatjarnir, gróðursælir skógarreitir undir Háabjalla og eru svæðin mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprungu með fjölbreyttum gróðri.

Sama svæði er einnig skilgreint sem hverfisverndarsvæði H3, en í skilmálum hverfisverndar er stefnt að friðlýsingu svæðisins.

Þrátt fyrir að svæðið sé á náttúruminjaskrá og undir hverfisvernd er talið líklegt að áhrif brunnsvæðisins á náttúruverndarsvæði og hverfisvernd séu óveruleg. Brunnsvæðið er staðsett um 200 m norðan Hrafnagjár og fjarri Háabjalla, en það svæði sem UST skilgreinir sem svæði á náttúruminjaskrá er mjög víðfeðmt og nær m.a. 300-400 m norður fyrir Hrafnagjá. Ekki er talið að brunnsvæði á þessum slóðum hafi veruleg áhrif á umrædd svæði.

#### Landslag og sjónræn áhrif

Sjónræn áhrif beggja valkosta brunnsvæðis vatnsverndar eru talin vera óveruleg þar sem ekki fer mikið fyrir brunnsvæði vatnsveitu og sýnileg áhrif og áhrif á landslag því lítil.

#### Samantekt

Ekki er talið að nýtt mögulegt vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, í sveitarfélaginu hafi áhrif á hagræna- eða félagslega þætti, fyrir utan jákvæð félagsleg áhrif þar sem vatnsöflun fyrir íbúa er hluti af þeirri þjónustu sem tryggja þarf íbúum.

Ekki er talið að mögulegt vatnsverndarsvæði, brunnsvæði, í sveitarfélaginu hafi áhrif á náttúrufarslega þætti og þá er nýtt vatnsverndarsvæði ekki talið hafa veruleg áhrif á heilsu- og öryggi af sömu ástæðu.

Núverandi ástand eða sá valkostur sem skoðaður var eru ekki taldir hafa veruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar, landslag eða sjónræn áhrif.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Ofan Reykjanesbr.</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagræni- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	0	-
	Félagslegt umhverfi	0/+	-

	Íbúapróun og íbúasamsetning	0	-
	Samgöngur	0	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	+	-
	Land	0	0
	Vistkerfi	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	+	-
	Náttúruvá	0	0
	Samfélagsöryggi	+	+
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0
	Fornminjar	0	0
	Hverfisvernd	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0	0
	Menningarlandslag	0	0

### 3.2.9 *Hraðlest ofan Reykjanesbrautar*

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Hraðlest ofan Reykjanesbrautar
- Núll kostur, núverandi ástand

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að lestarteinar hraðlestar fari í gegnum sveitarfélagið, á leið sinni frá höfuðborgarsvæðinu að Keflavíkurflugvelli.

Valkostir sem bornir eru saman er annarsveggar möguleg hraðlest og hinsvegar núll kostur eða núverandi ástand.

### *Hagrænir- og félagslegir þættir*

Ekki er talið að fyrirhuguð hraðlest hafi áhrif á hagræna- og félagslega þætti, fyrir utan jákvæð áhrif á samgöngur þar sem hraðlest er samgöngubót og bætir almenningssamgöngur í sveitarfélaginu.

Núverandi ástand er ekki talið hafa áhrif á hagræna- og félagslega þætti.

### Náttúrufarslegir þættir

Fyrirhuguð hraðlest er staðsett sunnan Reykjanesbrautar og er náttúrufari þannig háttað á svæðinu að meginhluti svæðisins er hraun sem er þakið mosapemu, og lyngi að einhverju leyti. Legan er innan helgunarsvæðis Reykjanesbrautar og að nokkru á þegar röskuðu svæði vegna vegaf framkvæmda.

Meðal áhrifa á náttúrufarslega þætti eru áhrif á grunnvatn þar sem fyrirhuguð lega er innan svæða sem eru skilgreind sem vatnsverndarsvæði. Svæðið er að hluta innan skilgreinds fjarsvæðis vatnsverndar og á kafla innan grannsvæðis vatnsverndar.

Í skilmálum vatnsverndar segir m.a. að gæta skuli varúðar í meðferð spillandi efna og að óheimilt er að veita niður frárennsli frá hvers konar starfsemi. Ekki er talið að hraðlest og lestarteinar hafi áhrif á grunnvatn til frambúðar og heldur ekki á framkvæmdatíma, verði farið að öllu með gát við meðferð spilliefna á framkvæmdartíma.

Áhrif hraðlestar á jarðmyndanir eða gróður eru talin vera óveruleg þar sem gert er ráð fyrir að lestarteinar muni liggja að mestu á þegar röskuðu svæði meðfram Reykjanesbraut.

Áhrif hraðlestar á loftgæði eru talin óveruleg þar sem gert er ráð fyrir að um rafknúna lest sé að ræða sem ekki er talin hafa áhrif á loftgæði.

Áhrif núverandi ástands á náttúrufarslega þætti eru talin óveruleg.

### Heilsa og öryggi

Ekki er talið að fyrirhuguð hraðlest hafi áhrif á loftmengun þar sem gert er ráð fyrir að um rafknúna lest sé að ræða. Þá eru áhrif á hljóðmengun ekki talin veruleg þrátt fyrir að hvinur muni eflaust heyrast þegar lestin fer hjá.

Fyrirhuguð framkvæmd mun ekki hafa áhrif á náttúruvá en áhrif á samfélagsöryggi eru mögulega jákvæð þar sem almenningsamgöngur innan sveitarfélagsins verða örari og öruggari.

Áhrif núverandi ástands á heilsu og öryggi eru talin óveruleg.

### Náttúru- og menningarminjar

Áhrif hraðlestar á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg þar sem fyrirhuguð lega lestarteina fer ekki um svæði sem falla undir náttúruvernd eða hverfisvernd.

Áhrif núverandi ástands á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg.

### Landslag og sjónræn áhrif

Áhrif fyrirhugaðrar hraðlestar á landslag eru talin óveruleg þar sem valin er leið sem þegar er röskuð og er innan helgunarsvæðis Reykjanesbrautar. Sjónræn áhrif eru einnig talin óveruleg þrátt fyrir að lest muni fara reglulega hjá ofan Reykjanesbrautar.

Áhrif núverandi ástands á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

### Samantekt

Ekki er talið að fyrirhuguð hraðlest hafi áhrif á hagræna- eða félagslega þætti, fyrir utan jákvæð áhrif á samgöngur.

Áhrif á náttúrufarslega þætti sem og á landslag og sjónræn áhrif eru einnig talin óveruleg þar sem lega lestarteina er innan helgunarsvæðis Reykjanesbrautar á eða við þegar röskuð svæði.

Ekki er talið að fyrirhuguð hraðlest hafi áhrif á heilsu og öryggi fyrir utan möguleg jákvæð áhrif á samfélagsöryggi vegna bættra almenningssamgangna.

Áhrif hraðlestar á náttúru- og menningarminjar eru talin óveruleg þar sem fyrirhuguð lega lestarteina fer ekki um svæði sem falla undir náttúruvernd eða hverfisvernd.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Hraðlest ofan Reykjanesbr.</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	0	0
	Félagslegt umhverfi	0	0
	Íbúapróun og íbúasamsetning	0	0

	Samgöngur	+	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0
	Land	0	0
	Vistkerfi	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0
	Náttúruvá	0	0
	Samfélagsöryggi	0/+	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0
	Fornminjar	0	0
	Hverfisvernd	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0	0
	Menningarlandslag	0	0

### 3.2.10 Samantekt á áhrifum aðalskipulagsins á skipulagstímabilinu

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- Áhrif aðalskipulagsins á skipulagstímabilinu
- Líkleg þróun án framfylgdar aðalskipulagsins

Hér að neðan eru tekin saman heildaráhrif aðalskipulagsins á hvern umhverfispátt og þau borin saman við áhrifin án framfylgdar aðalskipulagsins.

#### Hagrænir- og félagslegir þættir

Samanlög áhrif þeirra valkosta sem teknir voru fyrir og aðalskipulagsins í heild sinni sýna að framganga aðalskipulagsins mun hafa í för með sér jákvæð áhrif á hagræna- og félagslega þætti. Sú uppbygging sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir mun hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu og í flestum tilfellum einnig á félagslegt umhverfi og íbúapróun. Heildaráhrif á samgöngur eru aftur á móti óveruleg.

Umhverfisáhrif án framfylgdar aðalskipulagsins eru talin vera neikvæð á efnahag og atvinnulíf sveitarfélagsins ásamt íbúapróun vegna þeirrar stöðnunar sem myndi eiga sér stað í sveitarfélaginu. Áhrif á félagslegt umhverfi eru í einhverjum

tilfellum veruleg en þó verður að telja að heildaráhrifin séu óveruleg, og heildaráhrif á samgöngur eru einnig talin óveruleg.

#### Náttúrufarslegir þættir

Heildaráhrif framfylgdar aðalskipulagsins er talin hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti og eru samlegðaráhrif framfylgdar aðalskipulagsins talin óveruleg. Neikvæð áhrif eru vegna áhrifa brunnsvæðis sunnan þéttbýlis í Vogum.

Umhverfisáhrif án framfylgdar aðalskipulagsins eru talin vera óveruleg eða neikvæð á náttúrufarslega þætti.

#### Heilsa og öryggi

Samanlög áhrif framfylgdar aðalskipulagsins á heilsu og öryggi eru talin vera óveruleg. Neikvæð áhrif eru vegna mögulegrar mengunar frá iðnaðarsvæði við Flekkuvík.

Þrátt fyrir það eru heildaráhrif aðalskipulagsins talin vera óveruleg.

Án framfylgdar aðalskipulagsins eru heildarumhverfisáhrif á heilsu og öryggi talin vera óveruleg eða neikvæð, þá helst vegna áhrifa brunnsvæðis sunnan þéttbýlis í Vogum.

#### Náttúru- og menningarminjar

Heildaráhrif framfylgdar aðalskipulagsins er talin hafa óveruleg áhrif á náttúru- og menningarminjar. Mögulegt er að veruleg áhrif verði vegna háspennulína í lofti á náttúruverndarsvæði og hverfisverndarsvæði en þrátt fyrir það eru heildaráhrif á náttúru- og menningarminjar talin vera óveruleg.

Án framfylgdar aðalskipulagsins eru heildarumhverfisáhrif á náttúru- og menningarminjar talin vera óveruleg.

#### Landslag og sjónræn áhrif

Samanlög áhrif framfylgdar aðalskipulagsins á landslag og sjónræn áhrif eru talin vera óveruleg. Líklegt er að háspennulínur í lofti hafi í för með sér veruleg sjónræn umhverfisáhrif þrátt fyrir að vera í sama línustæði og núverandi Suðurnesjalína. Þá er mögulegt að iðnaðarsvæði í Flekkuvík hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif á náttúrulegt landslag og sjónræn áhrif en það mun þó fara eftir útfærslu. Áhrif á menningarlandslag eru talin vera óveruleg eða jafnvel jákvæð.

Ástæða þess að áhrifin eru talin geta verið jákvæð er að hverfisvernd er sett á mikinn hluta Vatnsleysustrandar, m.a. með það að markmiði að vernda það menningarlandslag og gömlu byggð sem þar er að finna.

Heildaráhrif aðalskipulagsins á landslag og sjónræn áhrif eru talin vera óveruleg.

Án framfylgdar aðalskipulagsins eru heildarumhverfisáhrif á landslag og sjónræn áhrif talin vera óveruleg.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Umhverfisþættir, undirflokkar</i>	<i>Aðalskipulag</i>	<i>Núll kostur</i>
<i>Hagrænir- og félagslegir þættir</i>	Efnahagur og atvinnulíf	+	0
	Félagslegt umhverfi	+	0
	Íbúáþróun og íbúasamsetning	+	0
	Samgöngur	0	0
<i>Náttúrufarslegir þættir</i>	Vatn	0	0/-
	Land	0	0
	Vistkerfi	0	0
<i>Heilsa og öryggi</i>	Mengun	0	0/-
	Náttúruvá	0	0
	Samfélagsöryggi	0	0
<i>Náttúru- og menningarminjar</i>	Náttúruverndarsvæði	0	0
	Fornminjar	0	0
	Hverfisvernd	0	0
<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	Náttúrulegt landslag	0	0
	Menningarlandslag	+	0

### 3.2.11 Niðurstaða umhverfismats

Umhverfisáhrif aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 eru þegar á heildina er litið óveruleg eða jákvæð að nokkru leyti.

Samanlögð hagræn- og félagsleg áhrif eru jákvæð vega þeirrar uppbyggingar sem skipulagið gerir ráð fyrir. Slík uppbygging hefur jákvæð áhrif á efnahag, atvinnulíf, félagslegt umhverfi og íbúáþróun.

Heildaráhrif á náttúrfarslega þætti og á heilsu og öryggi eru talin óveruleg. Hugsanleg neikvæð áhrif eru vegna mögulegrar mengunar frá iðnaðarsvæði við Flekkuvík.

Samanlögð áhrif á náttúru- og menningarminjar sem og á landslag og sjónræn áhrif eru talin óveruleg.

Háspennulínur í lofti og uppbygging iðnaðarsvæðis í Flekkuvík eru þeir þættir sem helst eru taldir hafa neikvæð áhrif, sér í lagi á sjónræna upplifun og á náttúrulegt landslag. Jákvæð áhrif eru talin vera á menningarlandslag vegna hverfisverndar sem sett er m.a. á stóran hluta Vatnsleysustrandar.

Vegna ofangreindra atriða er það niðurstaða matsvinnu að aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 sé ekki líklegt til að valda verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum sbr. lög 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana.

Niðurstaða umhverfismatsins er í samræmi við þau meginmarkmið sem lagt var upp með við gerð aðalskipulagsins, m.a. hvað varðar áherslu sem lögð er á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig. Aðalskipulagstillagan stangast ekki á við þau umhverfisviðmið sem lög voru til grundvallar í umhverfisskýrslunni og ekki er talin þörf á sérstökum mótvægisaðgerðum til að koma á mótis við óæskileg umhverfisáhrif.

### *3.2.12 Tengsl við aðrar áætlanir*

Í vinnu við aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 var eftir fremsta megni reyna að hafa samræmi við aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga, og haft samráð við aðila sveitarfélagana. Aðliggjandi sveitarfélögum var send tillaga til umsagnar á vinnslustigi og ekki komu fram athugasemdir við þá tillögu. Sveitarfélögin áskilja sér þó rétt til að koma með athugasemdir á auglýsingartíma aðalskipulagsins, eins og lög gera ráð fyrir.

Aðliggjandi sveitarfélög eru eftirtalin og upptalning á þeim þáttum sem ekki eru samræmi við aðalskipulag viðkomandi sveitarfélaga, ef það á við:

- Hafnarfjörður, aðalskipulag 2005-2025
  - Ekki er gert ráð fyrir hraðlest sunnan Reykjanesbrautar, við sveitarfélagsmök við Sveitarfélagið Voga.
  - Ekki er gert ráð fyrir tengingu við reiðstíga og hjólreiðastíga sunnan Reykjanesbrautar, við sveitarfélagsmök við Sveitarfélagið Voga.



- Grindavík, aðalskipulag 2000-2020
  - Sveitarfélögin eru ekki ásátt um hvað mörkin á milli þeirra liggja og eru mörkin því óljós. Skipulagi er því frestað á 240 km<sup>2</sup> svæði í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga sem sýnt er innan Grindavíkur í aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020.
- Reykjanesbær, aðalskipulag 2006-2021 (tillaga)
  - Ekki er gert ráð fyrir öllum tengingum við reiðstiga og hjólreiðastiga norðan Reykjanesbrautar, við sveitarfélagsmök við Sveitarfélagið Voga.

*Svæðisskipulag Suðurnesja 1987-2007* (óstaðfest) var eitt af forsendugögnum aðalskipulagsins og er aðalskipulagið því í meginráttum í samræmi við svæðisskipulagið, sem þó er ekki í gildi sem svæðisskipulag fyrir svæðið.

Samgönguáætlun 2007-2010 og 2007-2018 gerir ekki ráð fyrir hraðlest sunnan Reykjanesbrautar, á leið frá Reykjanesbæ til Reykjavíkur eins og aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti er aðalskipulagið í samræmi við samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar.

*Velferð til framtíðar (sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - stefnumörkun til 2020)* var lagt til grundvallar í vinnu við aðalskipulagið. Aðalskipulag Voga er því að mestu í samræmi við stefnumið ríkisstjórnarinnar um sjálfbæra þróun. Sá þáttur sem helst mætti telja að sé í ósamræmi við sjálfbæra þróun er ef stóriðju verður komið fyrir á iðnaðarsvæði við Flekkuvík, vegna mögulegra mengunaráhrifa sem getur fylgt slíkri starfsemi.

### 3.2.13 Afgreiðsla aðalskipulagsins

Alls bárust 48 athugasemdir og umsagnir við tillögu að aðalskipulagi. Farið var yfir athugasemdir og umsagnir efnislega og hver og ein vegin og metin. Nokkrar óverulegar breytingar voru gerðar á tillögu að aðalskipulagi vegna athugasemda og umsagna. Helstu breytingar voru þessar:

- Mörkum hverfisverndar á Vatnsleysuströnd, H-1, er breytt litillega og þau færð nær ströndinni. Nokkuð var um athugasemdir vegna hverfisverndar á Vatnsleysuströnd og í nokkrum þeirra talið að hverfisvernd á svæðinu væri of íþyngjandi og

hamlandi fyrir landeigendur á svæðinu. Komið er að hluta til á móts við athugasemdir með minnkun svæðis sem fellur undir hverfisvernd H-1

- Svæði fyrir golfgarða, blönduð landnotkun íbúðarbyggðar og opins svæðis til sérstakra nota, er minnkað úr 17 ha í 10 ha. Svæðið sem minnkunin nær til er skilgreint að hluta til sem landbúnaðarsvæði og að hluta sem óbyggð svæði og er svæðið sett undir hverfisvernd H-1. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins er bent á að hluti svæðis sem golfgarðar náðu til væri ríkir af fornminjum og vegna þess var svæðið minnkað og það sett undir hverfisvernd.
- Bætt er inn á aðalskipulagsuppdraetti núverandi og fyrirhuguðum sjóvarnargörðum í sveitarfélaginu vegna umsagnar Siglingastofnunar.
- Breytingar eru gerðar á legu reiðstiga frá hesthúsasvæði og um Vogastapa, ásamt því að bætt er við reiðstig um Hábjalla.
- Möguleg umhverfisáhrif á nokkra umhverfispætti eru endurmetin í umhverfisskýrslu aðalskipulags vegna umsagnar Umhverfisstofnunar.

Aðrar breytingar sem gerðar voru eru smávægilegar og hafa ekki afgerandi áhrif á tillögu að aðalskipulagi.

Áðurnefndar breytingar hafa ekki veruleg áhrif á stefnu aðalskipulagsins sem stendur óbreytt eins og hún var sett fram í auglýstri tillögu.

Í vinnu við aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga hafa umhverfissjónarmið verið í hávegum höfð, sbr. metnaðarfulla áætlun um hverfisvernd. Niðurstaða umhverfisskýrslu aðalskipulags um að tillaga að aðalskiplagi hefði ekki veruleg umhverfisáhrif kom ekki á óvart, þar sem aðalskipulagsteymi sem kom að vinnu við aðalskipulag var mjög meðvitað um þá tillögu sem lagt var upp með og metin í umhverfisskýrslu aðalskipulagsins.

Í niðurstöðu umhverfisskýrslu eru helstu neikvæðu áhrif á umhverfið talin vera vegna iðnaðarsvæðis og hafnar við Flekkuvík og vegna háspennulína í lofti sem aðalskipulagið gerir ráð. Þrátt fyrir að ljóst sé hvaða neikvæðu umhverfisáhrif þessir þættir aðalskipulagsins hafa er það ákvörðum sveitarfélagsins að halda þessum þáttum inni í tillögu að aðalskipulagi. Iðnaðarsvæði og höfn við Flekkuvík og háspennulínur í lofti eru talin hafa jávæð efnahagsleg og samfélagsleg áhrif innan sveitarfélagsins sem vega upp á móti mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

## 4 Kynning, auglýsing og samþykkt aðalskipulagstillögu

### 4.1 Kynning og auglýsing

#### Íbúa- og kynningarfundir

Eftirfarandi íbúa- og kynningarfundir voru haldnir:

*15. febrúar 2006.*

*Íbúafundur þar sem fjallað var um málefni í og umhverfis þéttbýlið í Vogum.*

*29. mars 2006.*

*Íbúafundur þar sem fjallað var um málefni í dreifbýli í sveitarfélaginu en einnig áframhaldandi umræða um málefni í og umhverfis þéttbýlið í Vogum*

*17. maí 2007.*

*Íbúafundur/íbúaping þar sem kynnt var tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins og boðið til umræðu um einstök málefni aðalskipulags í kjölfar kynningar.*

*21. maí 2009.*

*Íbúafundur þar sem kynnt var tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins og boðið til umræðu um einstök málefni aðalskipulags í kjölfar kynningar.*

#### Auglýsing aðalskipulagstillögu

*Tillaga að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga var auglýst í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 15. maí – 3. júlí 2009.*

*Opin íbúafundur var haldinn 21. maí þar sem tillagan var kynnt og íbúum gafst tækifæri til að fá nánari skýringar og lýsa sínum sjónarmiðum.*

#### Samþykkt aðalskipulagstillögu

*48 athugasemdir og ábendingar bárust á auglýsingartíma. Umhverfis- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga fjallaði um athugasemdir á fjórum fundum og afgreiddi tillögu að aðalskipulagi til staðfestingar bæjarstjórnar þann 18. september 2009.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga á fundi sínum þann 24. september 2009.

Skipulagsstofnun gerði athugasemdir við samþykktu tillögu með erindi dagsettu 13. nóvember 2009. Brugðist var við athugasemdum Skipulagsstofnunar og var tillaga að aðalskipulagi afgreidd að nýju frá umhverfis- og skipulagsnefnd til staðfestingar bæjarstjórnar á fundi þann 17. nóvember 2009.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti að nýju tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga á fundi sínum þann 26. nóvember 2009.

## 4.2 Heimildir og tengt efni

### 4.2.1 Heimildaskrá

#### Ritaðar heimildir

Fasteignamat ríkisins. Tölulegar upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar: [www.fmr.is](http://www.fmr.is)

Fornleifavernd ríkisins, 1990. Skrá um friðlýstar fornleifar, fyrsta útgáfa 1990.

Grindavíkurbær. Aðalskipulag Grindavíkur 2000-2020.

Guðmundur Björgvin Jónsson. Fólki og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi .

Hafnarfjarðarbær. Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025.

Hagstofa Íslands. Tölulegar upplýsingar á heimasíðu stofnunarinnar: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Náttúruvernd ríkisins, Vegagerðin o.fl.; 2002. Námur - Efnistaka og frágangur.

Náttúruverndarráð, 1996. Náttúruminjaskrá - Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar - 7. útgáfa.

Reykjanesbær. Aðalskipulag Reykjanesbæjar 1995-2015.

Reykjanesbær. Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2006-2021, áfangaskýrsla og tillaga.

Sesselja G. Guðmundsdóttir, 1995. Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi.

Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. Svæðisskipulag Suðurnesja 1987-2007 (óstaðfest).

Siglingastofnun, 2007. Siglingamálaáætlun 2007-2020.

Skipulagsstofnun. Lög og reglugerðir á heimasíðu stofnunarinnar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

Skipulagsstofnun, 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun, 2003. Leiðbeiningar um gerð aðalskipulags.

Skógræktarfélagið Skógfell og Félag Suðurnesjamanna, 2002. Afsal vegna landgræðslu á 24,3 ha landspildu við Háabjalla.

Skógræktarfélagið Skógfell og Landgræðsluskógar, 1999. Samningur vegna landgræðslu á 40 ha landspildu ofan Brunnastaðahverfis.

Sólveig Guðmundsdóttir Beck. Aðalskráning forleifa í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi (drög). Fornleifastofnun Íslands 2007.

Sveitarfélagið Vogar, 2007. Upplýsingar af heimasíðu sveitarfélagsins: [www.vogar.is](http://www.vogar.is)

Sveitarfélagið Vogar. Aðalskipulag Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014.

Sveitarfélagið Vogar. Staðardagskrá 21, drög í vinnslu.

Sædis Gunnarsdóttir. Fornleifaskráning í landi Minni-Voga og Austurkots, deiliskráning. Fornleifastofnun Íslands 2006. FS313-06051.

Sædis Gunnarsdóttir. Menningarminjar í Vatnsleysustrandarhreppi, svæðisskráning. Fornleifastofnun Íslands 2006. FS317-06041

Umhverfisráðuneytið, 2002. Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi - Stefnunorkun til 2020.

Umhverfisstofnun. Lög og reglugerðir á heimasíðu stofnunarinnar: [www.ust.is](http://www.ust.is)

Umhverfisstofnun, 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 - Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar.

Veðurstofa Íslands. Almennar upplýsingar um veðurfar.

Vegagerðin, vegaskrá af heimasíðu Vegagerðarinnar: [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)

Vita- og Hafnarmálastofnun, Skipulag ríkisins og Viðlagatrygging Íslands, 1995: Lágsvæði – 2. Áfangi, skipulags- og byggingarráðstafanir og sjóvarnir.

VSÓ ráðgjöf, 2003. Vogar, endurbætur fráveitu – forhönnun.

### Munnlegar heimildir

Haukur Jóhannesson hjá Íslenskum orkurannsóknum. Upplýsingar um jarðfræði.

### Myndræn gögn

Deiliskipulög og afstöðumyndir

Loftmyndir ehf; 2006. Hnitfestar loftmyndir - lágflugsm myndir af þéttbýlinu í Vogum og nágrenni, teknar í júlí 2006 (tölvutækt - rastargögn).

Loftmyndir ehf; 2006. Hæðarlínur (1 m) og teiknigrunnar fyrir þéttbýlið í Vogum og nágrenni (tölvutækt - vektorgögn).

Hnit hf; 2006. Hnitfestar loftmyndir - háflugsm myndir af öllu sveitarfélaginu, teknar í júlí 2000 (tölvutækt - rastargögn).

Hnit hf; 2006. Hæðarlínur (5 m) og teiknigrunnar fyrir af öllu sveitarfélaginu, teknar í júlí 2000 (tölvutækt - vektorgögn).

Sigurður Valtýsson, 2007. Mörk jarða á Vatnleysuströnd skv. upplýsingum á landabréfum (tölvutækt - vektorgögn).

Sveitarfélagið Vogar: Deiliskipulag fjölda svæða í sveitarfélaginu (tölvutækt – vektorgögn og/eða rastargögn).

Landslag ehf; 2007. Ljósmyndir úr sveitarfélaginu (tölvutækt – rastargögn).

Landmælingar Íslands, 2006. Sveitarfélagsmörk (tölvutækt – vektorgögn).

### 4.3 Uppdrættir

#### 4.3.1 Aðalskipulagsuppdrættir

Sveitarfélagsuppdráttur sem nær yfir allt sveitarfélagið í mkv. 1:30.000 á A1

Þéttbýlisuppdráttur fyrir þéttbýlið í Vogum í mkv. 1:10.000 á A2

#### 4.3.2 Þema- og skýringaruppdrættir

## 5 Forsendur

### 5.1 Eldri skipulagsáætlanir

Í gildi er aðalskipulag fyrir Vatnsleysustrandarhrepp 1994-2014 sem unnið var af Skipulagi ríkisins. Aðalskipulagið var samþykkt í hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps 30. ágúst 1994 og öðlaðist gildi 16. nóvember 1994 með undirskrift umhverfisráðherra. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á gildandi aðalskipulagi.

Svæðisskipulag Suðurnesja 1987-2017 var samþykkt af samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum þann 30. nóvember 1989. Skipulagið hlaut ekki staðfestingu umhverfisráðherra, en verður haft til hliðsjónar við vinnu við endurskoðun aðalskipulags.

### 5.2 Saga byggðar

Byggðin á Vatnsleysuströnd er á mjóu svæði við ströndina, að mestu í hverfum sem mynduðust við bestu lendingarnar. Hverfin eru eftirtalin, frá austri: Hvassahraun og byggðin við Vatnsleysuvík, Kálfatjarnarhverfi, Brunnastaðahverfi og vestast þéttbýlið Vogar. Á Vatnsleysuströnd var jafnan mikil útgerð á öldum áður og margir gildir útvegsbændur. Einkum var útgerðin umfangsmikil á síðustu öld. Á þeim tíma kom fjöldi útróðrarmanna úr fjarlægum sýslum til róðra á Vatnsleysuströnd. Um 1920 voru trillubátar gerðir út frá nær hverjum bæ, eins og títt var um áraskipin fyrrum.

Um 1940 komu til sögunnar stærri vélbátar, 25-40 lestir að stærð. Við það fluttist mest öll útgerð í Voga, en slíkir bátar urðu ekki gerðir út frá öðrum stöðum á Ströndinni.

Í fasteignamatinu 1932 eru talin 52 býli á Vatnsleysuströnd en nú eru flestir íbúarnir búsettir í Vogum.

Þéttbýlið í Vogum er eins og áður sagði vestasta hverfið í sveitarfélaginu. Fyrrum hétu Vogar Kvíguvogar, en það nafn er nú með öllu aflagt. Í Landnámaþétt segir frá Eyvindi, frænda Steinunnar gömlu, en honum gaf hún land milli Kvíguvogabjargs (Vogastapa) og Hvassahrauns og bjó hann í Kvíguvogum, en Hrollleifur Einarsson í Heiðarbæ í Þingvallasveit skoraði á hann til landa og fór svo að þeir höfðu landaskipti.

Í Vogum var hálfkirkja að fornu eins og á Vatnsleysu en höfuðkirkja byggðarinnar hefur ávallt verið á Kálfatjörn. Mest jörð í Vogunum og hin upphaflega heimajörð sem mörg afbýli og útkot voru síðar byggð úr, var Stóru-Vogar. Þar fæddist Páll



Eggert Ólason (1883-1949) prófessor. Páll er einn mikilvirkasti sagnfræðingur Íslands fyrr og síðar og liggur eftir hann margt merkra rita.

Um miðja 19. öld fóru verslanir að senda fisktökuskip á Vogavík, en þar var reist fisktökuhús á hólma við sunnanverða víkina og á Bieringstanga. Þar stofnuðu bændur á Vatnsleysuströnd verslunarfélag ásamt bændum á Álftanesi. Meðan það starfaði komu erlend skip á Vogavík og tóku þar saltfisk. Árið 1893 var Vogavík löggilt sem verslunarhöfn. Árið 1930 hófst þar útgerð tveggja vélbáta, sem voru í eigu hreppsþúa. Gerð var stöplabryggja og fiskhús reist. Árið 1942 var reist hraðfrystihús í Vogum og skömmu síðar hófst þar hafnargerð. Eftir það má segja að eiginleg þéttbýlismyndun hafi hafist í Vogum.

### 5.3 Umhverfi

#### 5.3.1 Landslag og staðhættir

Sveitarfélagið Vogar er um 1.880 km<sup>2</sup> að stærð. Alls er strönd sveitarfélagsins um 15 km löng, frá Hvassahrauni vestur fyrir Vogastapa. Frá ströndinni nær sveitarfélagið um það bil 10 km inn til landsins. Aðliggjandi sveitarfélög eru Hafnarfjörður að austanverðu, Grindavík að sunnanverðu og Reykjanesbær að vestanverðu.

Byggðin á Vatnsleysuströnd er eingöngu við ströndina. Byggðin var að mestu í hverfum eða þyrpingum, þar sem eru bestu lendingarskilyrðin. Eina þéttbýlið í hreppnum í dag er Vogar, en nokkur íbúðarbyggð er við Brunnastaði. Uppfrá ströndinni tekur við hraun þakið mosapembu, Strandarheiði og Vogaheiði þar sem engin byggð er.

Reykjanesbraut liggur um Strandarheiði og Vogastapa. Þjóðvegurinn liggur sunnan við byggðina í Vogum. Þó er aðeins rúmlega 1 km frá Reykjanesbraut til þéttbýlisins í Vogum, en frá Vogum eru 22 km til Keflavíkur og til Reykjavíkur eru um 34 km.

#### 5.3.2 Minjar

Svæðisskráning fornminja hefur verið gerð fyrir allt sveitarfélagið en aðalskráning aðeins fyrir 7 jarðir í og við þéttbýlið í Vogum.

Staðkunnir aðilar í sveitarfélaginu tóku saman lista yfir þær minjar sem taldar eru hvað merkastar í sveitarfélaginu. Um er að ræða eyðibýli (ýmist uppstandandi hús eða vel greinilegar rústir), sel (tóftir) og þjóðleiðir. Hér að neðan er listi yfir þær minjar sem staðkunnir aðilar í sveitarfélaginu segja hvað merkastar.

(Þ: Fornminjar)

(E: Eyðibýli)

Minjar norðan við Vatnsleysustrandarveg:

- Letursteinn Vatnsleysu Þ (Áletrun: GI 1643)
- Flekkuvík E
- Flekkuleiði
- Borgarkot E
- Stórgripagirðing
- Stefánsvarða
- Móakot E
- Fjósakot E
- Skjaldbreið, hlaða á Kálfatjörn frá um 1850
- Sjóbúð Stefáns Thorarensen
- Goðhóll E
- Hlið E
- Skósteinn (með ártali)
- Tiðagerði E
- Norðurkot E
- Djúpagröf (Hlaðið vatnsból)
- Varða ofan Þórustaða
- Gata E
- Garðhús E (milli Minna-Knarrarness og Sjónarhóls)
- Sjónarhóll E
- Ytri-Ásláksstaðir E (hús frá 1884)
- Fagurhóll E (Suðvestan við Y-Ásláksstaði)
- Móakot E (Vestan við Y-Ásláksstaði)
- Nýibær E (Norðan við Y-Ásláksstaði)
- Atlagerðistangaviti
- Halldórsstaðir E
- Hlöðunes E
- Grunnur skólahús frá 1873 við Suðurkot og Skólatún í Brunnastaðahverfi
- Töðugerði E
- Grund E
- Vorhús E
- Hausthús E
- Hvammur E
- Grænaborg E
- Norðurkot E (hleðslur frá 1860)
- Stóru-Vogar E (neðri hæð steinhlaðin frá 1871)
- Suðurkot - tóft E
- Steinsholt E

- Kristjánstangi (Búðatóftir, var verstöð)
- Brekka E
- Hólmabúðir Verstöð
- Stapabúð E
- Kerlingabúð (Sjóbúð)

Minjar ofan við Strandarveg (og ofan við Reykjanesbraut)

- Arnarvarða
- Prestsvarða (við upphaf gönguleiðar að Staðarborg)
- Þórustaðaborg
- Auðnaborg
- Breiðagerðisskjólgarður
- Stekkur í Kúadal
- Fjárborg við Lynghól
- Hringurinn
- Gíslaborg
- Gvendarstekkur
- Gvendarbrunnur
- Brúnavarða
- Sogasel
- Oddafellssel
- Kolhólasel
- Rauðhólssel
- Kolgrafarholt
- Gamla-Hlöðunessel
- Nýjasel
- Snorrastaðasel
- Pétursborg
- Hólasel
- Arahnúkssel
- Dalssel

Friðuð mannvirki, eldri en 100 ára

Töluvert er um byggingar og önnur mannvirki í sveitarfélaginu sem eru orðin 100 ára og því friðuð skv. lögum. Hér að neðan er upptalning á þeim byggingum og mannvirkjum sem vitað er að eru eldri en 100 og einnig er tekið fram frá hvaða ári þau eru:

1850? Skjaldbreið, hlaða á Kálfatjörn. Minjafélagið er að gera hana upp.

- 1860 Veggir sjávarhúsa í Norðurkoti í Vogum, bætt við timburhúsi úr Jamestown 1882 en á grunni þess stendur nú skúr og annar minni á syðstu tóftinni.
- 1865 Tóftir Neðri-Brunnastaða, með fyrstu timburhúsunum í hreppnum.
- 1871 Stóru-Vogar, veggir 1.hæðar, endurbyggt 1912, rífið 1965. Hluti leikvallar Stóru-Vogaskóla.
- 1872 Grunnur fyrsta skólahússins í Suðurkoti í Brunnastaðahreppi.
- 1873 Hellur, steinhlaðnir veggir bæjar.
- 1884 Ytri-Ásláksstaðir, úr Jamestown-viði, heillegt hús en í eyði.
- 1885 Mýrarhús í Vogum, hesthús í eigu hreppsins undir lokin, rífin 1997.
- 1885 Grænaborg, brann 1887, endurbyggð og hækkuð 1916, brann 2002 og rífin 2004.
- 1890 Arahólsvarða, lagfærð 1982.
- 1893 Kálfatjarnarkirkja, friðlýst og vel við haldið.
- 1901? Tóft torfbæjarins Suðurtots í Vogum, við enda Akurgerðis, síðast endurbyggð uppúr 1900, fór í eyði 1927.
- 1903 Norðurkottsskóli á Vatnsleysuströnd, fluttur að Kálfatjörn 2005 og endurbyggður.
- 1903? Neðri Brunnastaðir sem alltaf var nefnt Húsið. Stendur enn.

### 5.3.3 Jarðfræði

Jarðfræði Sveitarfélagsins Voga samanstendur fyrst og fremst af dyngjuhraunum sem runnu við lok ísaldar fyrir um 10.000 árum, en þau eru ýmist úr basalti eða andesíti. Hraunin eru yfirleitt slétt og er yfirborðið reipótt og þægilegt yfirferðar (helluhraun). Dyngjan sem hraunið í sveitarfélaginu á upptök sín í er rétt norðan Fagradalsfjalls. Hraunskjöldurinn sem dyngjuhraunið myndar heitir Þráinsskjöldur, nær hann frá Vogastapa til Kúagerðis, eða um alla Vatnsleysuströndina.

Vestast í hreppnum við ströndina eru grágrytishraun frá síðasta jökulskeiði. Þar er m.a. grágrytisstapinn Vogastapi.

Yngsta hraunið í landi sveitarfélagsins er Arnarseturshraun eða hraunið úr Gighæð, rann árið 1226. Það er yngst á Reykjanesskaga ásamt hraunum út á Reykjanesi. Arnarseturshraun teygir sig rétt inn land sveitarfélagsins og endar í Snorrastaðatjörnum, sem einnig eru nefndar Vatnsgjár, sbr. landamerkjabréf frá 1889.

Næst yngst er Afstapahraun sem rann árið 1151. Eldborg er önnur uppspretta þess, hin er inn við Selsvelli. Tórnar í því eru merkilegar. Ögmundarhraun (sunnan á skaganum) og Kapelluhraun (við Hafnarfjörð) eru jafngömul Afstapahrauni.

Fjallið Keilir (379 m y.s.) er í Sveitarfélaginu Vogum, en það er úr móbergi, myndað við gos undir jökli á ísöld.

Við ströndina gengur hraunið yfirleitt í sjó fram og myndar hraunfjörur. Hraunkanturinn er spölkorn út frá ströndinni enda var sjávarstaða lægri þegar hraunið rann. Með ströndinni er ræma, þar sem öll byggð er, þar sem set og önnur laus jarðlög eru áberandi á yfirborðinu, en þó er allsstaðar grunnt niður á hraun.

Aðeins einn lækur er í sveitarfélaginu, Sogalækur. Hann kemur úr háhitasvæðinu Sogum við Grænudyngju og hríslast um Höskuldarvelli, stærsta sléttlendið í Sveitarfélaginu. Sogalækurinn hefur myndað Höskuldarvelli með framburði sínum, leir og sandi úr Sogunum, og er enn að.

### Eldvirkni og jarðskjálftar

Þar sem um Reykjanesskaga liggur sprungubelti og gosbelti, þá er hætta á náttúruhamförum fyrir hendi, bæði af völdum jarðskjálfta og eldvirkni.

Síðasta stóra goshrina á Reykjanesskaga var um landnám og önnur hrina var fyrir um 2500 árum. Þannig hafa liðið um 1500 ár milli tveggja seinustu hrina. Yfirleitt hafa liðið nokkur árpúsund milli mikilla goshrina, eftir að ísöld lauk. Hinsvegar er ekkert sem útilokar að aðeins nokkur hundruð ár liði milli goshrina. Vogar á Vatnsleysuströnd eru á eldvirku svæði eins og önnur byggð á Suðurnesjum.

### Jarðhiti

Nokkur háhitasvæði er á Suðurnesjum, og er eitt þeirra við Trölladyngju, á sveitarfélagamörkum Voga og Grindavíkur. Trölladyngjusvæði er vestan við Sveifluháls og liggur að Krísvíkursvæði. Ummerki eru sumstaðar á svæðinu um að jarðhiti hafi verið til staðar þar í mjög langan tíma. Þar er einnig að finna ummerki um nýlega aukningu á jarðhitavirkni á yfirborði. Lághitasvæði eru oft í jöðrum háhitasvæða, þannig er nánast allur hreppurinn á lághitasvæði.

Íbúar Voga njóta þó góðs af háhita, þar sem þeir fá vatn frá Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

Í sveitarfélaginu er mikið grunnvatn eins og annarsstaðar á Suðurnesjum, en hin ungu jarðlög á Reykjanesi eru margsprungin og gropin og safna því úrkomuvatni mjög vel í sig.

#### 5.3.4 *Veðurfar*

Ársmeðalhitinn í Vogum er tiltölulega hár ef miðað er við önnur byggðalög í landinu, eða 4,6 gráður samkvæmt meðaltali fyrir árin 1961-2006.

Árssveifla hitans er tiltölulega lítil eða um 10 gráður, enda gætir hafrænna áhrifa verulega í Vogum. Hafræn áhrif í veðurfari í Vogum koma einnig fram í því að hlákur eru mjög tíðar að vetrarlagi.

Nokkuð úrkomusamt er á Vatnsleysuströnd. Ársúrkoma er yfir 1200 mm ef miðað er við meðaltöl fyrir árin 1961-2006<sup>6</sup>.

#### 5.3.5 *Gróðurfar, fuglalíf og fjörur*

##### Gróður

Mosapemba er algengasta gróðurlendi í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að landið er yfirleitt vel klætt gróðri, þá er það engu síður rýrt til beitar.

Með ströndinni í sveitarfélaginu, þar sem öll byggð sveitarfélagsins er, er ýmist mólendi eða graslendi, auk ræktaðs lands. Við ströndina norðan þéttbýlisins í Vogum er mosapemba með lyngi algengasta gróðurlendið

Mjög víða í sveitarfélaginu eru moldarflög til vitnis um hve gróðri hefur hnignað. Líklega er landið víðast að gróa upp hægt og rólega vegna friðunar og hagstæðs loftslags hin síðari ár.

##### Fuglalíf

Eitt einkenni Voga og Vatnsleysustrandar er fjölbreytt fuglalíf og sérstæð náttúra. Fuglalíf er allmikið í Vogum og á Vatnsleysuströnd. Kríuvarp er víða í sveitarfélaginu þó ekki sé það mikið í samanburði við stærstu varpsvæðin á Reykjaneskaganum.

Strandlengjan frá Kálfatjörn að Vogastapa er mjög áhugaverð fyrir fuglalíf að vetrarlagi. Mikið útfiri er þar og þangfjörur með lónum og pollum. Þarna er mikið af æðarfugli, stökköndum og fleiri andategundum. Lítið er af vaðfuglum en þó ber nokkuð á stelkum. Við Vogastapa eru brattar og brimasamar fjörur. Þar er eina fuglabjargið í hreppnum en þar er fýlabyggð.

Nokkuð mikið er um farfugla og fargesti sem stoppa í fjörum vor og haust.

---

<sup>6</sup> [www.vedur.is](http://www.vedur.is)

### Fjörur

Í fjörum á Vatnsleysuströnd finnast smáskikar með sjávarfitjum, en sjávarfitjar eru sjaldgæfar hérlendis.

Hraunfjörur eru á Vatnsleysuströnd þar sem hraun hefur runnið út í sjó. Landslag í fjörunni er mjög fjölbreytt og lífríkið að sama skapi fjölbreytt og auðugt. Viða er að finna á svæðinu polla eða smátjarnir ofan fjöru, sem eru með fersku eða ísöltu vatni. Sjávarfalla gætir í sumum þessum tjörnum og eru þær því með sérstæðu lífríki.

## **5.4 Íbúar og íbúðarbyggð**

### *5.4.1 Íbúapróun*

Árið 1901 bjuggu 445 manns í Sveitarfélaginu Vogum. Á næstu áratugum fækkar í sveitarfélaginu þar til árið 1940 að íbúar voru aðeins 254 talsins. Frá þessum tíma fer íbúum aftur að fjölga fremur hægt fram til 1970 en þá eru íbúar sveitarfélagsins um 380. Næstu árin er fjölgunin nokkuð hraðari eða um 3% árlega fram til um 1985, en það ár bjuggu um 650 manns í hreppnum. Næstu 10 árin þar á eftir var ýmist fjölgun eða fækkun í sveitarfélaginu en árið 1997 var íbúafjöldinn kominn í 709. Frá þeim tíma hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað um rúmlega 70% og voru 31. desember 2007 alls 1.227. Fjölgunin hefur verið mismikil á milli ára, allt frá því að vera -2,0% (1996) í 10,3% (2007). Meðalfjölgun s.l. 10 ára er um 7% á ári. Íbúatala í þéttbýlinu Vogum hefur aukist úr tæplega 100 í upphafi seinni heimstyrjaldarinnar í 626 árið 1997 og 1.134 þann 31. desember 2007. Hlutfall Voga í íbúafjölda í hreppnum jókst úr 30% í rúm 92% á þessu tímabili. Frá 31. desember 1997 til 31. desember 2007 fjölgaði íbúum í þéttbýlinu í Vogum um 80%.

Þann 31. desember 2007 bjuggu 93 einstaklingar í dreifbýli á Vatnsleysuströnd.

### *5.4.2 Íbúðarsvæði – Yfirbragð og þéttleiki*

Fram undir lok tíunda áratugar síðustu aldar var byggð í þéttbýlinu Vogum að mestu innan svæðis sem afmarkast af Hafnargötu, Stapavegi og Suðurgötu. Um aldamótin var sett af stað áttak í að fjölga íbúum sveitarfélagsins og í kjölfarið voru skipulögð íbúðarsvæði norðan Hafnargötu, sunnan Suðurgötu og austan Stapavegar, auk þess sem byggð var þétt innan þéttbýlisins.

Einkenni byggðar fram undir s.l. aldamót var tiltölulega þétt einbýlishúsabyggð. Undanfarin ár hefur hlutfall þar- og raðhúsa vaxið auk þess sem þrjú litil fjölbýlishús hafa risið nýlega. Eftir sem áður er byggð í Vogum fremur þétt en lágreist,

meðalþéttleiki byggðar er um 12-13 íbúðir pr. ha en byggð íbúðarsvæði eru um 34 ha.

## 5.5 Samfélag

### 5.5.1 Samfélagsþjónusta

Meðal samfélagsþjónustu í Sveitarfélaginu Vogum er:

- Kirkja, guðsþjónustur, kirkjukór og barnastarf
- Öldrunarþjónusta
- Heilsugæsla
- Bankaútibú
- Bókasafn
- Póstdreifing

Sveitarfélagið Vogar er aðili að eftirtöldum samstarfsverkefnum við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum:

- Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum
- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Almannaþing Suðurnesja
- Brunavarnir Suðurnesja
- Fjölbautaskóli Suðurnesja
- Sorpeyðingarstöð Suðurnesja
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Auk þess á sveitarfélagið hlut í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf., Fasteignarfélaginu Fasteign hf., Hitaveitu Suðurnesja ehf., Bláa Lóninu ehf. og Landskerfi Bókasafna hf.

### 5.5.2 Önnur þjónusta

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s.f. (S.S.) er sameign sveitarfélagana Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs, Sandgerðisbæjar, Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga. Sveitarfélögin eiga og reka saman móttöku- flokkunar- og eyðingarstöðina Kólku í Helguvík. S.S. annast þjónustu á sviði sorphirðu og móttöku úrgangs í sveitarfélögunum auk annarra verkefna sem sveitarfélögin kunna að fela félaginu, á sviði úrgangs og endurvinnslumála.



Kalka opnaði 1. apríl 2004 en þar fer fram öll móttaka á sorpi frá sveitarfélögunum og fyrirtækjum á starfsvæði stöðvarinnar samkvæmt verðskrá. S.S. rekur einnig gámasvæði í Vogum, þar sem íbúar sveitarfélagsins geta komið með úrgang frá heimilum til endurvinnslu og eyðingar gjaldfritt.

Kalka getur brennt allt að 12.300 tonnum úrgangs á ári og er með mjög fullkomin hreinsunarbúnað til að halda mengun frá stöðinni í algjöru lágmarki. Jafnframt er unnin orka úr sorpinu sem gefur um 4.5 mw af varmaorku sem knýr gufutúrbínu sem framleiðir um 450 kw af rafmagni, eða um helmingi meira en stöðin þarfnast sjálf. Hitaveita Suðurnesja á og rekur rafstöðina og sendir raforkuna út á dreifikerfi sitt en afgangsvarmaorkan er nýtt til að hita upp hús og plön Kólku.

### 5.5.3 Atvinnumál

Margir íbúa í Vogum vinna á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ, þar sem vegalengdir eru ekki miklar til þessara staða. Sveitarfélagið er einn af stærstu vinnuveitendunum í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið er aðili að starfi atvinnuráðgjafar SSS<sup>7</sup>. Atvinnuleysi hefur lengst af verið hverfandi í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið stendur að átaki til að tryggja ungu fólki störf á eigin vegum og í samstarfi við aðra. Einnig hefur verið gert átak til að tryggja atvinnu í samstarfi við Atvinnuleysistryggingasjóð.

Þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, og þá sérstaklega í Vogum, hefur störfum ekki fjölgað í sama hlutfalli. Meginhluti þeirra íbúa sem flust hafa til Voga á undanföllum árum stunda sína atvinnu utan sveitarfélagsins, og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu

### 5.5.4 Skólar

Einn grunnskóli, Stóru-Vogaskóli, er í sveitarfélaginu og er hann staðsettur í þéttbýlinu Vogum, sunnan Vogatjarnar. Fyrsti áfangi skólans var byggður í byrjun níunda áratugarins. Í upphafi var skólinn um 600 m<sup>2</sup> en árið 1998 var hann stækkaður í 1.340 m<sup>2</sup>. Bætt var úr þörf á sérgreinastofum, vinnuástöðu kennara og sal ásamt eldhúsi. Bókasafn hreppsins og skólans voru sameinuð í viðbyggingunni. Byggt var við skólann árið 2005 þegar fjölnota salur (Tjarnarsalur) var byggður en við það tvöfaldaðist húsrými skólans. Í grunnskólanum er unnið að innleiðingu þeirrar stefnu til að tryggja ákveðna samfellu í skólastarfi barnanna. Í skólanum er enn fremur boðið upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Um 210 nemendur eru í skólanum og um 20 kennarar. Ekið er með nemendur sem búsettir eru í dreifbýli á Vatnsleysuströnd í skólann.

---

<sup>7</sup> Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

Einn leikskóli er starfræktur í Sveitarfélaginu Vogum og er hann staðsettur í þéttbýlinu Vogum. Þar eru þrjár deildir sem í eru um 70 börn á aldrinum eins til sex ára. Alls eru börn á leikskólaaldri 95. Í leikskólanum er unnið eftir heilsustefnu og mikil áhersla lögð á hreyfingu og hollt mataræði.

Sveitarfélagið er auk þessa aðili að samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga á suðurnesjum um rekstur Fjölbrautarskóla Suðurnesja.

#### *5.5.5 Félagsleg þjónusta*

Stefna sveitarfélagsins er að veita heildstæða og faglega félagsþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, á grundvelli laga um félagsþjónustu. Markmiðið er að styðja við fjölskyldur og einstaklinga til sjálfshjálpar þannig að sérhver einstaklingur geti notið sín sem best.

Sveitarfélagið Vogar er aðili að Fjölskyldu- og velferðarráði Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga sem fer sameiginlega með hlutverk félagsmálanefnda og barnaverndarnefnda þessara sveitarfélaga.

#### *5.5.6 Heilbrigðismál*

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sinnir heilsugæslu í Vogum.

#### *5.5.7 Kirkja – kirkjugarður*

Kálfatjarnarkirkja er sóknarkirkja íbúa Sveitarfélagsins Voga. Hin fornfræga kirkja að Kálfatjörn er friðuð enda er hún rúmlega aldar gömul. Á Kálfatjörn er einnig kirkjugarður.

#### *5.5.8 Íþrótt- og félagastarfsemi*

Við Hafnargötu stendur 1.200 m<sup>2</sup> íþróttahús og æskulýðsmiðstöð sem tekin var í notkun í október 1993. Þetta mannvirki hefur verið mikil lyftistöng fyrir íþrótt- og félagslíf í Vogum. Auk íþróttasalar eru í húsinu líkamsræktarsalur og fjölnota salur fyrir margskonar félagastarf.

Á árunum 2006-2007 var íþróttamiðstöðin stækkuð. Í viðbyggingu eru nýir búningssklefar, þrekkjásalur og júðósalur. Stærð viðbyggingar er um 700 m<sup>2</sup> á tveimur hæðum. Fótboltavöllur er staðsettur við hliðina á Íþróttamiðstöðinni. Gert er ráð fyrir að stækkun íþróttamiðstöðvarinnar muni einnig þjóna vellinum, s.s. búningssklefar, geymslur og þjálfara- og dómaraaðstaða.

Sunnan við íþróttahúsið er sundlaug sem er 16,6 x 8 m ásamt heitum potti, vaðlaug og sólbaðsaðstöðu. Umhverfi laugarinnar er mjög sérstakt, veggir hlaðnir grjóti sem mynda náttúrulegt umhverfi.

Nýr sparkvöllur er við Stóru-Vogaskóla, en hann var tekin í notkun á haustmánuðum 2005.

Fjölmörg félög og félagasamtök eru í Vogum er þar fjölbreytt og blómleg félagastafsemi.